



**SKOÐUN** Hjómur þögnin í Eldborg? spyr Arna Kristín Einarsdóttir. **15**



**LÍFIÐ** Skiptinemar skipuleggja feluleik í risaverslun. **22**



**SPORT** Líður betur í Stykkishólmi en á Ítalíu eða í Frakklandi. **26**

ÓDÝRARI FARGJÖLD  
Á WOWAIR.IS



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

8. apríl 2015  
81. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Vel menntuð stétt

Um helmingur starfsmanna ferðaskrifstofa er háskólagengið fólk. Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðabjónustunnar, skýrir þetta með því að fólk með markaðsmentun hafi fjölgað og háskólamenntað fólk vinni einnig við afþreyingu.

## FRÉTTIR



### Komin hringinn

Göngin í Langjökli náðu loks í hring á annan í páskum. Opna á göngin almenningi 1. júní. **2**

**Makrill ekki kulvís** Merki um að sjór fari kólnandi við landið mun ekki hafa áhrif á makrillgöngur þegar til skemmri tíma er litið. **6**

**Minna tekið af dópi** Lögreglan hefur lagt hald á lítið magn af hörðum fíkniefnum á við kókaín, metamfetamín og amfetamín síðustu ár. **10**

**Fleiri vilja umsókn** Í nýjum þjóðarpólí Gallup eru 39 prósent hlynnt því að draga til baka umsókn Íslands um Evrópusambandsaðild, en 51 prósent er því andvíg. Einn af hverjum tju segist hvorki vera því hlynntur né andvígur. **13**



## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



# „Óli“ er ekki Ólafur Ólafsson

Vitni í Al Thani-málinu segist ekki hafa verið að ræða um Ólaf Ólafsson heldur annan Óla. Segist ekkert hafa rætt nákvæma útfærslu Al Thani-viðskiptanna við Ólaf Ólafsson. Saksóknari segir klárlega rætt um Ólaf Ólafsson.

**DÓMSMÁL** „Þessi fullyrðing um að þetta sé bersýnilega Ólafur Ólafsson er að mínu mati mjög sérstök“, segir Bjarnfreður Ólafsson lögmaður, sem ræddi um „Óla“ í símtölum sem notuð voru sem sönnunargögn í Al Thani-málinu svokallaða.

Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar sem nú afplánar fjögurra og hálfis árs fangelsisdóm vegna málsins, ritaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hún sagði niðurstöðu Hæstaréttar í málinu hafa byggst á misskilningi, þar sem í símtölunum hafi verið rætt um „Óla“ nokkurn og Hæstiréttur ályktað að um væri að ræða hinn dæmda Ólaf Ólafsson.

„Hæstiréttur fer mannavillt í rökstuðningi sínum og ályktar að hér sé átt við eiginmann minn, Ólaf Ólafsson, en hið rétta er að um er að ræða lögfræðing með sama fornafni sem er sérfræðingur í lögum um kauphallarviðskipti. Á þessum villigötum ályktar Hæstiréttur að maður minn hafi verið í miðju viðskiptanna á útfærslustigi og unnið við hlið starfsmanna bankans,“ skrifði Ingibjörg.

„Ef menn skoða endurritið af þessu símtali þá sést að tilvísunin er þarna í Ólaf Arinbjörn, sem er sérfræðingur í kauphallarmálum, ekki Ólaf Ólafsson. Ég held að það hafi bara allir gengið út frá því bæði í flutningi málsins og við

vitnayfirheyrslur að hann væri sá Óli sem málið varðaði,“ segir Bjarnfreður í samtali við Fréttablaðið.

Bjarnfreður segir að hann hafi verið spurður að því fyrir héraðsdómi hvort hann hafi rætt nákvæma útfærslu viðskiptanna við Ólaf Ólafsson.

„Svarið við því var nei, ég myndi ekki eftir því,“ segir Bjarnfreður.

Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá sérstökum saksóknara, stendur fast á þeim skilningi Hæstaréttar að um Ólaf Ólafsson hafi verið rætt í símtalinu þrátt fyrir grein Ingibjargar. „Þetta er bara misskilningur hjá henni. Það er klárlega Ólafur Ólafsson sem talað er



„Ef menn skoða endurritið af þessu símtali þá sést að tilvísunin er þarna í Ólaf Arinbjörn, ekki Ólaf Ólafsson.“

Bjarnfreður Ólafsson lögmaður

um í þessu símtali og þess utan er ekki eins og málið standi og falli með þessu eina símtali. En það er Ólafur Ólafsson sem verið er að ræða um í þessu símtali. Það eru hreinar línur,“ segir Björn í samtali við Fréttablaðið. **-fbj**



**MEÐ HENDUR Í SKAUTI** Liðsmenn Bandalags háskólamanna komu saman í gær í verkfallsmiðstöð sinni í Rjúgbrauðsgerðinni í Borgartúni og báru saman bækur sínar. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

## Formaður BHM kveðst vona að fulltrúar ríkisins „átti sig á alvöru málsins“: Útspil frá ríkinu á borðið í dag

**KJARAMÁL** „Ég er nú að vonast til þess að þeir fari að átta sig á alvöru málsins þannig að það herði eitthvað á,“ segir Páll Halldórsson, formaður Bandalags háskólamanna, um meintan seinagang samninganefndar ríkisins í kjara- viðræðum.

Samninganefnd ríkisins kynir tillögur sínar í viðræðunum við BHM á fundi hjá ríkissáttasemjara eftir hádegi í dag.

Verkföll eru hafin hjá hluta aðildarféлага BHM og fleiri á leið í verkfall.

Varðandi meintan seinagang bendir Guðmundur H. Guðmundsson, varaformaður samninganefndar ríkisins, á að deilan sé hjá sáttasemjara. „Og það er hann sem ákveður fundi,“ segir hann.

Magnús Pétursson ríkissáttasemjari segir deilunni hafa verið vísað til embættisins 26. mars.

„Frá því þetta kemur hingað hef ég efnt til tveggja funda, 30. mars og 1. apríl.“

Auk aðgerða BHM undirbúa félag Starfsgreinasambandsins nú boðun verkfallsaðgerða. „Miðað við það hvernig menn eru að spila þetta þá er ekkert annað í spilunum en hörkuverkföll,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS.

- óka / sjá síðu 8



**STUÐ** Þórður og Unnsteinn í Retro Stefson.

## Retro Stefson í nýjung hjá OZ: Fara í app-ferð til Los Angeles

**TÓNLIST** „Þetta verða mest upp-tökur frá okkur úr stúdíóinu, svona „studiodiaries“ ásamt myndböndunum okkar og fullt af gömlu góðu efni. Svo er aldrei að vita nema það verði eitthvað læf,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson úr Retro Stefson.

Meðlimir Retro Stefson ásamt GusGus, Young Karin og Samaris opna smásjónvarpsstöðvar, sem er ný þjónusta í OZ-appinu, sem horft er á í gegnum snjallsímamann. Retro Stefson verður með stöðina LFS, sem sveitin líkir við aðdáendaklúbb 21. aldarinnar. Geta áskrifendur kíkt á bak við tjöldin hjá sveitinni. Nýjungin verður kynnt á Ace Hotels í Los Angeles á fimmtudag.

- asi / sjá bls. 30

Þetta er engin spurning


# Viðbótarlífeyrir er nauðsyn

Tryggir þína framtíð

Allianz



## VEÐUR



**Áframhaldandi suðvestan í dag,** vindur á bilinu 8-15 m/s. Búast má við eljum, einkum fyrir vestan, en í kvöld dregur bæði úr vindi og ofankomu. Fremur svalt, hiti um 0 til 5 stig, en heldur hlýrra austan til.

**SJÁ SÍÐU 20**

## Tillaga starfshóps um einföldun regluverks í ferðapjónustu fyrir Alþingi: Mættu leigja heimilið í 8 vikur

**FERÐAÞJÓNUSTA** Einstaklingum, hjónum og sambúðarfólki verður heimilt að leigja út lögheimili sitt auk einnar annarrar fasteignar í allt að átta vikur á ári.

Þetta segir í frumvarpi Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Fækka skal leyfislausum og óskráðum gististöðum og draga þannig úr svartri atvinnustarfssemi. Lögadilum verður ekki heim-

ilt að skrá sig í flokk heimagistingar. Í frétt á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis segir að með frumvarpinu sé ætlunin að auðvelda skráningu á heimagistingu fyrir þá sem eru nú þegar að leigja út heimili sín til ferðamanna hluta úr árinu.

Frumvarpið er gert af starfshópi ráðuneytisins sem í eiga sæti, auk fulltrúa iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fulltrúar innanríkisráðuneytisins, Samtaka ferðapjónustunnar, Ferðamálastofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga. -shá



**MIÐBÆR** Draga á úr svartri atvinnustarfssemi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTÓN

## Borgarfulltrúi úr orlofi: Ilmur til starfa

**STJÓRN MÁL** Leikkonan Ilmur Kristjánsdóttir er komin til starfa sem borgarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Reykjavík eftir fæðingrarorlof. „Þetta er frábær tilfinning og gaman að hitta þetta fólk,“ sagði Ilmur í gær. Í vor verður hún formaður velferðarráðs. „Ég hef mikla trú á að við getum gert vel og að þetta snúist ekki bara um peninga. Að við getum breytt viðhorfi okkar til velferðarmála.“ - kbg, ak



**KOMINN TIL BAMAKO** Sjaak Rijke hafði verið í gíslingu í Malí síðan í nóvember 2011. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hollendingurinn Sjaak Rijke fékk frelsið á sunnudag: Var þrjú og hálf ár í gíslingu

**HOLLAND** Hollendingurinn Sjaak Rijke fékk frelsið nú í vikunni eftir að hafa verið í gíslingu al Kaída-manna í Malí frá árinu 2011. Franskir sérsveitarmenn komu honum til bjargar snemma sunnudags.

Í gær var hann kominn til höfuðborgarinnar Bamako, þar sem hann steig um borð í flugvél frá hollenska varnarmálaráðuneytinu. Ferðinni var heitið heim til Hollands.

Í nóvember árið 2011 réðust vopnaðir menn inn á hótél í Timbúktú og tóku þar Rijke í gíslingu ásamt tveimur öðrum mönnum, Svíanum Johan Gustafsson og Suður-Afríkumanninum Stephen Malcolm. -gb

## Meðferð á túlkum kærð: Þorir varla út af heimili sínu

**SVÍPÞJÓÐ** Margir þeirra túlka sem störfuðu fyrir sænska herliðið í Afganistan hafa enn ekki fengið skjól í Svíþjóð.

Tveir lögmenn hafa nú kært ýmsar stofnanir vegna málsins til umboðsmanns sænska þingsins. Haft er eftir einum túlkanna á vef sænska ríkisútvarpsins að hann geti ekki séð fyrir sér, þar sem hann þori varla út úr húsi.

Síðastliðið sumar fengu 23 túlkar og verðir frá Afganistan dvalarleyfi í Svíþjóð. -ibs

## Fimm dagar í rektorskjör: Kappræður á Háskólatorgi

**HÁSKÓLI** Kappræður rektorsframbjóðenda við Háskóla Íslands verða á hádegi í dag.

Þá munu frambjóðendur kynna stefnumál sín fyrir stúdentum og svara spurningum er varða hagsmunum nemenda.

Guðrún Nordal og Jón Atli Benediktsson verða bæði viðstödd fundinn, en fulltrúi Einars Steingrímssonar, sem er erlendis, mun flytja ræðu fyrir hans hönd.

Rektorskosningin fer fram á netinu næsta mánudag. -ie



**LOKASPRETTURINN** Grafíð var í tveimur göngum sem náðu loks saman undir Langjökli í fyrradag. MYND/ICECAVE ICELAND

# Ísgöngin í Langjökli loks komin hringinn

Fimm hundruð metra ísgöng í Langjökli verða opnuð ferðamönnum 1. júní. Að sögn framkvæmdastjóra IceCave Iceland er mikill áhugi fyrir hellinum. Nú hafi hátt í fjögur þúsund bókað ferð á jökulinn. Hringnum var lokað á annan páskum.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Nú erum við aðallega að fara í frágang, en öll aðalatriði eru komin og við opnum 1. júní,“ segir Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri IceCave Iceland. Fyrirtækið hefur undanfarið unnið að greftri á íshelli í Langjökli. Þar munu ferðamenn eiga færi á að skoða jökulinn að innan. Í fyrradag tókst að ljúka við göngin og Sigurður segir að aukaatriðin séu það eina sem eftir standi.

Aðstæður á fjallinu hafa verið erfiðar í ár og veðrið hefur torveldað framkvæmdirnar. „Við þurftum náttúrulega að glíma við versta veturinn í mjög langan tíma. Það hefur gengið svolítið brösuglega að halda áætlunum, en nú er ljóst að þetta mun hafast,“ segir Sigurður.

Nú hefur verið opnað fyrir skráningu í skoðunarferðir og áhuginn lætur ekki á sér standa. „Þetta hefur vakið gríðarlega athygli erlendis. Fjölmiðlar frá Þýskalandi og Bretlandi hafa komið hingað og fjallað ítarlega um íshellinn. Svo hafa milli þrjú og fjögur þúsund manns skráð sig í ferðirnar, svo það er mikill meðbyr.“

Þá segir Sigurður að ferðirnar njóti mikilla vinsælda meðal hópa.

Öllu er tjaldað til við að gera



**HVER ER ÞAR?** Ísgöngin mynda nú hringinn sem stefnt var að. MYND/ICECAVE ICELAND

upplifunina sem stórfenglegasta og spilar lýsningin stærsta hlutverkið.

Heildarlengd ganganna er fimm hundruð metrar og gert er ráð fyrir að ferðin inn í jökulinn taki klukkustund með leiðsögu-manni.

„Aðalágstíminn verður sennilega frá júní og fram í september. Ætli þetta verði ekki rólegra eftir því sem líður á veturinn,“ segir Sigurður. ingolfur@frettabladid.is



Sigurður Skarphéðinsson, framkvæmdastjóri IceCave Iceland.

Við þurftum náttúrulega að glíma við versta veturinn í mjög langan tíma.

**Par sem ferðalagið byrjar**

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16





Nº29  
2015

Listahátíð  
í Reykjavík

Miðasala hefst á morgun kl. 8:00

# Listahátíð í Reykjavík

13. maí — 7. júní

FYRRI HLUTI  
*PART I*

Fylgstu með dagskránni á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TVG-ZIMSEN  
FLUTRINGSMIÐLUN





## SPURNING DAGSINS



Helga, voru menn skjálfandi á beinunum?

„Já, þetta var mjög kvalafullt“

Helga Kristín Torfadóttir var meðal farþega á hvalaskoðunarbatnum Náttfara þegar sást til steypireyðar á Skjálfaflóa.

Mannréttindadómstóll Evrópu segir ítölsku lögregluna hafa beitt mótmælendur pyntingum:

## Fórnarlamb lögreglunnar fær skaðabætur

**ÍTALÍA** Ítalska ríkið þarf að greiða Arnaldo Cestaro skaðabætur vegna ofbeldis sem hann varð fyrir af hálfu ítölsku lögreglunnar sumarið 2001. Mannréttindadómstóll Evrópu segir aðfarir lögreglunnar hljóta að teljast pyntingar.

Cestaro tók þátt í mótmælum gegn leiðtogafundi G8-ríkjanna, sem haldinn var í Genúa 21. til 22. júlí. Föstudaginn 20. júlí voru haldin fjölmenn mótmæli, sem snerust upp í óeirðir og hörð átök mótmælenda við lögreglu.

Nokkur hundruð manns slös-uðust í átökunum, bæði mótmælendur og lögreglumenn. Þeirra á meðal var Cestaro, sem þá var 62 ára og meiddist illa þegar lögreglan réðst inn í skóla, þar sem hann og fleiri mótmælendur höfðu fengið húsaskjól með leyfi borgaryfirvalda.

Mannréttindadómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að framferði lögreglunnar í skólanum hafi miðast að því að refsast mótmælendum þar í hefndarskyni, og reynt hafi

verið að niðurlægja fólk og valda því andlegum sársauka. Þetta framferði jafnast á við pyntingar.

Lögreglumenn börðu Cestaro hvað eftir annað með kylfum með þeim afleiðingum að mörg bein í honum brotnuðu og hann hefur enn ekki náð fyrri styrk í hægri handlegg og hægri fótlegg.

I dómnum er sérstaklega tekið fram að Cestaro hafi í engu hagað sér með þeim hætti að það réttlæti þessa meðferð. Honum beri því að fá greiddar skaðabætur.



**MÓTMÆLENDUR HANDTEKNIR** Mótmæli gegn leiðtogafundi G8-ríkjanna í Genúa árið 2001 snerust upp í óeirðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**ÚTILOKAÐ** Ekki sáttafundur í ofbeldismáli, segir lögreglan. NORDICPHOTOS/GETTY

Sáttafundur vegna ofbeldis:

## Innsláttarvilla, segir lögreglan

**SAKAMÁL** Lögreglan á Suðurlandi var kölluð til vegna heimilisofbeldis föstudaginn langa. Karlmaður réðst á sambýliskonu sína sem hlaut af því áverka.

Á Facebook-síðu embættisins var sagt frá því að haldinn hefði verið sáttafundur með aðilum málsins.

Gunnar Örn Jónsson lögreglu- maður sagði í gær útilokað að slíkur fundur hefði verið haldinn enda markmiðið að færa ábyrgðina á gerandann

„Þetta er bara innsláttarvilla,“ sagði Gunnar Örn. Stuttu síðar var tilkynningunni breytt og í stað orðsins sáttafundur stendur fundur.

- kbj

Norska lýðheilsustofnunin:

## Hámenntaðir lifa lengur

**NOREGUR** Langskólagengnir karlar í Noregi lifa sjö árum lengur en þeir sem eru eingöngu með grunnskólamenntun. Munurinn hjá konum er fimm ár. Munurinn á ævilengd karla og kvenna fer minnkandi. Norskar konur geta vænst þess að lifa í 84,1 ár en karlar í 80 ár. Munurinn hefur ekki verið minni frá því um miðja síðustu öld.

Langskólagengnum körlum er nú spáð lengri ævi en konum sem eingöngu hafa gengið í grunnskóla.

- ibs

# Sýnir þörfina á millidómstigi

Saksóknari segir misskilning í niðurstöðu Hæstaréttar í Al Thani-málinu ekki hafa breytt niðurstöðunni, Ólafur Ólafsson hefði verið sakfelldur eftir sem áður. Þingmaður segir málið sýna mikilvægi millidómstigs.

**DÓMSMÁL** Saksóknari telur að niðurstöðu Hæstaréttar um sakfellingu Ólafs Ólafssonar í Al Thani-málinu hefði verið eins, jafnvel þótt sítali þar sem rætt var um hagnaðarvon „Óla“ hefði ekki komið til.

Eiginkona Ólafs Ólafssonar segir Hæstarétt hafa ruglast á „Ólum“ í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær. Í sítali sem er meðal sönnunargagna í málinu ræða tveir menn útfærslu á Al Thani-viðskiptunum og fram kemur að hún hafi verið rædd við „Óla“. Annar þessara manna, Bjarnfreður Ólafsson lögmaður, segist ekki hafa verið að ræða um Ólaf Ólafsson heldur annan Óla.

Björn Þorvaldsson saksóknari segir það engu skipta. „Það er ekki eins og málið standi og falli með þessu eina sítali. Jafnvel þótt það lægi ekki fyrir hefði verið sakfelld eftir sem áður.“

Björn segir Hæstarétt ekki byggja sína niðurstöðu eingöngu á þessu sítali, þó vissulega sé það hluti af rökstuðningi réttarins.



**BRYNJAR NIELSSON**

„Það var nóg af öðrum gögnum til að byggja málið á,“ segir Björn.

Brynjar Niels-son, hæstaréttarlögmaður og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir þetta atriði, um hvorn „Ólann“ sé rætt, skipta höfuðmáli. „Hæstiréttur byrjar á því að nota þetta atriði sem rökstuðning fyrir sakfellingunni. Þetta skiptir verulegu máli í sönnunarfærslunni um aðild Ólafs að þessu.“

Brynjar segir engan geta vitað hvernig málið hefði farið ef Hæstiréttur hefði áttað sig á um hvorn „Ólann“ væri rætt. „Það er hætt



**AL THANI-MÁLIÐ** Sakborningar í Al Thani-málinu svokallaða fengu þunga fangelsisdóma fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

við því að með því að þeir haldi að um Ólaf Ólafsson sé að ræða, þá séu menn búnir að gefa sér að atvikin hafi verið með ákveðnum hætti og meta í kjölfarið öll gögn út frá því. Ég get ekkert fullyrt um það hvorn maðurinn er verið að ræða um, en ef við gefum okkur að ekki hafi verið rætt um Ólaf Ólafsson þá get hvorki ég né Björn Þorláksson saksóknari vitað hvað hefði gerst.“

Brynjar segir þennan dóm sýna hversu mikilvægt það er að fá millidómstig.

„Sérstaklega í sakamálu. Það fer aldrei fram nein aðalmeðferð

þar sem spurt er sérstaklega hver er þessi „Óli“, sem er helsti rökstuðningurinn fyrir sakfellingu Ólafs. Þarna er búinn til nýr dómur sem ekki fær endurskoðun,“ segir Brynjar.

Þórolfur Jónsson, verjandi Ólafs Ólafssonar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að þarna hefði verið á ferðinni misskilningur og úrslit málsins hefðu getað orðið önnur ef réttur skilningur hefði verið á. Hann segir að þar sem ekki sé hægt að áfrýja niðurstöðu Hæstaréttar sé eina leiðin sú að leita til endurupp- tókunefndar.

fanney@frettabladid.is



„Það er ekki eins og málið standi og falli með þessu eina sítali.“

Jafnvel þó það lægi ekki fyrir hefði verið sakfelld eftir sem áður.

Björn Þorvaldsson, saksóknari.

## Eiginkona Ólafs Ólafssonar svaraði mótbárum saksóknara í Al Thani-málinu: Önnur gögn en sítalið ekki til

**DÓMSMÁL** Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar, birti athugasemdir sínar við dóm Hæstaréttar í Al Thani-málinu í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær, þar sem hún hélt því fram að Hæstarétti hefðu orðið á mistök þegar hann taldi vísað til Ólafs Ólafssonar í sítali þar sem talað var um „Óla“.

Eftir að Björn Þorvaldsson saksóknari hafði tjáð sig um málið í fjölmiðlum þar sem hann fullyrti að enginn misskilningur hefði átt sér stað sem og að það skipti engu máli, ákvað Ingibjörg að birta frekari svör til Björns. Í því talar hún um kokhreysti saksóknarans sem hún segir ekkert nýmæli.

„Hvað sem orðum hans líður er alveg dagljóst af lestri dómsins, að sítali tveggja manna þar sem „Óli“ kemur við sögu er lykilatriði fyrir

„Fyrir mér er kokhreysti Björns Þorvaldssonar ekkert nýmæli.“

Ingibjörg Kristjánsdóttir.

sakfellingunni eiginnmans míns í málinu. Það sem ég vildi vekja athygli á og fjölmörgum öðrum er kunnugt um er sú staðreynd að umræddur „Óli“ er bara allt annar maður en Ólafur Ólafsson,“ skrifar Ingibjörg.


Ingibjörg birti í kjölfarið orðréttu kafla úr niðurstöðu Hæstaréttar. Hún telur sýnt að önnur gögn hafi ekki verið til staðar um sönnun fyrir þeim ályktunum sem Hæstiréttur notar í niðurstöðum sínum – að sakfella eiginnmann hennar Ólaf Ólafsson.

- fbj



**VIÐBRÖGD** Ingibjörg Kristjánsdóttir, eiginkona Ólafs Ólafssonar, sagði í aðsendri grein í Fréttablaðinu að erfitt væri að horfa upp á maka sinn dæmðan og sviptan frelsi.

ÞEGAR ÞÚ VERSLAR  
HJÁ OKKUR  
10. APRÍL STYRKIR ÞÚ  
KRABBAMEINSFÉLAG  
ÍSLANDS



SELECTED JACK & JONES VERO MODA name it. VILA

GIVE-A-DAY

BESTSELLER





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR RAV4

## ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR



ISLANSKUSTYOT 7367 0015

Verð frá: 4.740.000 kr.

500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur  
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá  
nýja Toyotu afhenta í apríl\*\*

Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný með RAV4. Hann er fullkominn fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu og kemur þér þangað sem þú vilt fara með nóg rými fyrir farþega og farangur. RAV4 er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi aksturseiginleika. Hann fæst bæði framhjóladrifinn og með fjórhjóladrifi.

Nýjum RAV4 fylgir flugmiði til Evrópu með Icelandair\* og þeir sem fá nýjan RAV4 afhentan í apríl eiga möguleika á 500 þúsund Vildarpunkta afmælisvinningi í tilefni af 50 árum Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

\*\*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Tilgreint verð í þessari auglýsingu á við um RAV4 GX Plus, 2.0 1D4D FWD, 6 gíra. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir spila orðaleikinn Skrafl á vefsíðunni Netskrafl.is?
2. Hvað rannsakaði þjóðfræðingurinn Sæbjörg F. Gísladóttir í fyrrasumar?
3. Hvaða sumarboði sást á Skjálfaða um helgina?

## SVÖR:

1. Sjó þúsund. 2. Hvennig karlar stilla sér upp á myndum. 3. Steypireiður.

## Stolt Seafarm flytur nú inn seiði senegalflúru í hverjum mánuði ársins: Fluttu inn þrjár milljónir seiða

**FISKELDI** Stolt Sea Farm Iceland hf., sem rekur senegalflúrueldi á Reykjanesi, flutti um þrjár milljónir smáseiða til landsins í 13 aðskildum sendingum á síðasta ári. Seiðin komu öll frá móðurstöð Stolt Sea Farm S.A. í Cervo á Norðvestur-Spáni.

Senegalflúra var fyrst flutt hingað frá Spáni í tilraunaskyni árið 2011 á vegum fyrirtækisins. Eiginlegur innflutningur hófst eftir fjórar vel heppnaðar tilraunasingingar og einangrun í Þekkingarsetri Suðurnesja í Sandgerði.

Fiskurinn er alinn í affallsvatni frá Reykjanesvirkjun sem gerir fiskeldisstöðina einstaka. Slátrun hófst í byrjun þessa árs, en stefnt er að því að slátra 50 tonnum af flúru á hverju ári. Stækkun eldisstöðvarinnar er í farvatninu. - shá



Á MARKAÐ Nýlega var flúru slátrað í fyrsta sinn.

MYND/STOLTSEAFARM

## Helle-Thorning Schmidt: Slæm hugmynd atvinnurekenda

**DANMÖRK** Tillögur félags atvinnurekenda í Danmörku um að lækka

ýmsar opinberar greiðslur til að skapa heilbrigðara efnahagslíf til lengri tíma hugnast ekki Helle Thorning-Schmidt

forsætisráðherra. Það að lækka greiðslur til þeirra sem fara á eftirlaun fyrir tímamun um fjögur þúsund danskur krónur á mánuði sé sérlega slæm hugmynd. - ibs



HELLE THORNING-SCHMIDT

## Göngunum lokað!

**Hvalfjarðargöng verða lokað vegna malbikunar frá því kl. 20 að kvöldi föstudags 10. apríl til kl. 6 að morgni mánudags 13. apríl 2015**

SPÖLUR

## Stofnstærðin ráðandi ástæða makrígöngu

Merki um að sjór fari kólnandi við landið mun ekki hafa áhrif á makrígöngur þegar til skemmri tíma er litið. Stofnstærð makrils ræður mun meiru um göngur til Íslands en hitastig sjávar við landið. Merki um snarpa kólnun eru þó greinileg.

**NÁTTÚRA** Það er ótímabært að hafa áhyggjur af makrígöngum inn í íslenska lögsögu byggt á greinilegri kólnun sjávar suður af landinu.

Héðinn Valdimarsson, haffræðingur á Hafrannsóknastofnun, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að það væri vissulega rétt að yfirborðshiti sjávar suður í Atlantshafi hefði verið nokkuð undir meðaltali síðustu ára. Þessi þróun gæti hæglega haft áhrif á lofthita á Íslandi, og því gætu spádómar um kaldara sumar á Íslandi en undanfarin ár gengið eftir. Eins hefur sjórinn við landið verið hlýr allt frá aldamótum. Í flóknu samspili lífríkisins hefur hækkandi hitastigi sjávar löngum verið „þakkaðar“ makrígöngur við landið og sú gríðarlega innspýting sem þær hafa skilað inn í íslenskt efnahagslíf með auknum veiðum, en eins og þekkt er hefur útflutningsverðmæti makrílafurða verið norðan við 20 milljarða króna um árabíl.

Guðmundur Óskarsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, slær úr aðspurður um mikilvægi þessa samhengis, þó það skipti vissulega máli. Sérstaklega vegna þess að kólnun sjávar suður af landinu sé ekki mikil í stóra samhenginu.

„Makrillinn virðist ekki ganga inn í sjó sem er kaldari en sex, sjö gráður en sjávarhiti hér við land er langt þar yfir. Með tilliti til hitastigs hafa skilyrði fyrir makríl verið hér um langt árabíl og sérstaklega fyrir sunnan landið, þó hann hafi ekki sést hérna fyrr. Hér ræður stofnstærðin meiru,“ segir Guðmundur og bætir við að óvissan felist í því ef stofninn fer minnkandi, en hann hefur verið mjög



ÞEKKT SJÓN Svo mjög hefur kveðið að makrígöngum að hann hefur veiðst af landi um mest allt land. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### → Kaldari tilvera staðfest á hitamyndum

Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur hjá Veðurvaktinni, segir að fráviknið á hita sjávar sé um 0,5 til 1,5°C á stóru hafsvæði nokkuð djúpt suður af landinu. Þetta sýni hitamyndir úr gervihnetti, en þegar talað er um frávik er til viðmiðunar 30 ára tímabil, oftast 1981-2010 fyrir sama árstíma.

Þegar horft er á heildarmyndina er munurinn sláandi, frá almennum hlýindum og yfir í kaldari tilveru, segir Einar. Ástæður þessa geta verið margvíslegar.

„Mælingarnar tala sínu máli hver sem orsakavaldurinn er í raun. Það hefur hins vegar löngum verið vitað að hafstraumar geta brugðist hratt við tiltölulega litlum eðlisþyngdarbreytingum sjávar, hvort sem er af völdum hækkaðs/lækkaðs hita, aukinnar seltu, hafíss eða afbrigðilegra vinda sem blása um lengri tíma – vikur og mánuði. Breytingar á hafstraumum og varmaflæði hafa síðan aftur áhrif á þrýstifar og þar með vinda svo ekki sé talað um uppgufun, þ.e. rakafæði frá yfirborði sjávar til lofthjúps.“

sterkur um árabíl. Á móti komi miklar veiðar, og langt umfram ráðgjöf sérfræðinga.

„Þéttleiki makrils í Noregshafi hefur aukist líka þrátt fyrir að hann hafi verið að breiða úr sér. Hann hefur ekki verið að hörfa

þaðan,“ segir Guðmundur spurður um átu við Ísland sem jókst á sama tíma og hún minnkaði í Noregshafi. Nú segir Guðmundur að átumagn í Noregshafi sé aftur á pari við það sem áður var.

svavar@frettabladid.is

Eldur kviknaði í kjarnorkukafbát í slipp í Arkhangelsk í Rússlandi:

## Engin hættu sögð á ferðum

**RÚSSLAND** Rússneski kjarnorkukafbáturinn Orel stóð í ljósum logum í gær þar sem hann var í slipp í bænum Severodvinsk í Arkhangelsk-héraði norður við Hvítahafið.

Rússneskir fjölmiðlar höfðu eftir embættismönnum að engin hættu væri á ferðum. Hvorki væri hættu á kjarnorkusprengringu né leka á geislavirkum efnun.

Fullyrt er að öll kjarnorkuvopn hafi verið fjarlægð úr bátinum áður en hann var tekinn til viðgerðar í slippnum, en þar hefur hann verið í nokkur ár. Einnig hafi hættulegustu hlutar kjarnorkukljúfs bátsins verið fjarlægðir.

Minnstu munaði að kjarnorkuslys yrði þegar eldur kviknaði í öðrum rússneskum kjarnorkukafbát árið 2011. Rússneskir fjölmiðlar skýrðu þó ekki frá þessari hættu fyrr en nokkrum mánuðum síðar.

Kafbáturinn Orel er af gerðinni Oscar-II. Um borð eru tveir kjarnakljúfar og búnaður til að vera með kjarnorkuflugskæti. - gb



KAFBÁTURINN BRENNUR Reykur stendur upp af kjarnorkukafbátinum Orel, sem hefur verið í slipp í nokkur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


## MEIRA TIL MALLORCA

VR GJAFABRÉF GILDIR SEM 45.000 KR. UPP Í FERÐ TIL MALLORCA.

GILDIR TIL 10. APRÍL.



HRINGINN OG 250 KM  
AÐ AUKI Á EINUM TANKI



# MEGANE LIMITED ÚTGÁFA Á BETRA VERÐI



NÚ BJÓÐUM VIÐ RENAULT MEGANE ÍSLANDSMETHAFA  
Í SPARAKSTRI Í **LIMITED ÚTGÁFU HLAÐINN BÚNAÐI**

#### RENAULT MEGANE LIMITED

DÍSil, BEINSKIPTUR. **3,5 L/100 KM\*** / DÍSil, SJÁLFSKIPTUR. **4,2 L/100 KM\***

INNIFALIÐ Í VERÐI: 17" ÁLFELGUR / LYKLALAUST AÐGENGI / SKYGGÐAR RÚÐUR / TÖLVUSTÝRÐ

TVEGGJA SVÆÐA LOFTKÆLING / LIMITED INNRÉTTING OG AÐFELLANLEGIR SPEGLAR

VERÐ FRÁ: **3.540.000 KR.**

## DÍSilBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílblaðs Morgunblaðsins, ók á síðasta ári Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki, eða u.þ.b. 1.520 km leið, á einungis einni 60 l tankfyllingu.



## ÞÚTANKAR SJALDNAR Á RENAULT



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



## NÁTTBLINDA



**BELLAVISTA** náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og stórmörkuðum



**KVÖRTUÐU** Eigendur Kex Hostels kvörtuðu undan því að lénið væri of líkt þeirra.

Braut gegn einkarétti Kex: **Mega ekki nota kexhotel.is**

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur bannað Álftavatni ehf. og Þorsteini Steingrímssyni að nota lénið kexhotel.is. Stofnuninni barst kvörtun frá Kex Hostel ehf. sem taldi að með notkun lénsins væri brotið gegn vörumerkjarétti Kex Hostels. Félagið Álftavatn rekur Hostel B47, við Barónsstíg 47 í Reykjavík. Taldi Neytendastofa að Kex Hostel og Hostel B47 væru keppinautar og að mikil líkindi væru með lénunum kexhotel.is og kexhotel.is. Því hljóti það að hafa verið Álftavatni ljóst að notkun lénsins bryti gegn einkarétti Kex Hostels.

-sks, vh

# Hörkuverkföll virðast það eina í spilunum

Formaður BHM vonast til að viðsemjendurnir hjá ríkinu fari að átta sig á alvöru málsins. Verkföll eru hafin. Fundað verður í deilunni í dag og búist er við útspli á hálfu ríkisins. Formaður SGS furðar sig á skorti á samningsvilja hjá ríki og SA.

Óli Kristján Ármannsson  
olikr@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Samninganefnd ríkisins kynnir tillögur sínar í kjaraviðræðunum við Bandalag háskólanna (BHM) á fundi hjá ríkissáttasemjara eftir hádegi í dag. Verkföll eru hafin hjá hluta aðildarféлага BHM og fleiri á leið í verkfall. Ekki hefur verið fundað í deilunni síðan fyrir páska.

Á mánudag, annan í páskum, hafnaði líka Félagsdómur kröfu ríkisins um að boðuð verkföll fimm stéttarféлага innan vébanda BHM hefðu verið ólöglega boðuð.

Páll Halldórsson, formaður BHM, fagnaði úrskurðinum og kvaðst telja að kraftar ríkisins hefðu nýst betur við samningaborðið. Hann segir mest lítið að fréttu af viðræðum fyrr en fundað verður með samninganefnd ríkisins í dag.

Viðbrögð ríkisins til þessa segir Páll ekki benda til þess að ríkinu liggi á í viðræðunum. „En ég er nú að vonast til þess að þeir fari að átta sig á alvöru málsins þannig að það herði eitthvað á.“



**PÁLL HALLDÓRSSON**

Töf á viðræðum til þessa hafi verið rökstudd með því að samninganefndin þyrfti að undirbúa efni sem leggja ætti fram á fundinum í dag. „Og við skulum þá vonast til þess að eitthvað bitastætt komi frá þeim. Ég ætla ekki að fullyrða um hvað það gæti verið, en ég get alveg leyft mér að vera bjartsýnn,“ segir Páll.

### Ellefu fundir haldnir áður

Varðandi meintan seinangang á viðræðum þá svarar Guðmundur H. Guðmundsson, varaformaður samninganefndar ríkisins, fyrirspurn blaðsins um málið á þá leið að deila aðildarfélagi BHM sem standi að verkfallsaðgerðum sé hjá sáttasemjara. „Og það er hann sem ákveður fundi að eigin mati,“ segir í svarinu. Efni funda sé trúnaðarmál.

Magnús Pétursson ríkissáttasemjari segir deilunni hafa verið vísað til embættisins 26. mars. „Frá því þetta kemur hingað hef ég efnt til tveggja funda, 30. mars og 1. apríl,“ segir hann. Á báðum fundum hafi verið farið í gegnum ákveðin formsatriði og staðan skoðuð. „Og ég held að ekkert brot sé á trúnaði þó ég upplýsi að ég var fræddur um að ellefu fundir hefðu verið haldnir í deilunni áður en hún kom hingað.“

Á samningafundi 1. apríl hafi komið fram, líkt og Páll Halldórsson hafi greint frá, að ríkið hafi ekki getað talið sig geta lagt fram nein viðbrögð við kröfugerð BHM, fyrr en á fundinum í dag. „Þegar þannig stendur á og ítrekað er búið að ganga eftir afstöðu ríkisins til málsins, þá boðar sáttasemjari ekki til fundar um ekki neitt.“ Eins hafi líka sett strik í reikninginn að beðið hafi



**Í RÚG-BRAUÐS-GERÐINI** í verkfalls-miðstöð BHM í Rúgbrauðsgerðinni við Borgartún í Reykjavík kom í gær saman fólk úr aðildarfélagunum fimm sem þá voru að hefja fyrstu verkfallsaðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Verkfallsaðgerðir féлага BHM

Félag	Fjöldi félagsmanna
<b>Ótímabundin verkföll sem hófust 7. apríl</b>	<b>560</b>
Félag geislafræðinga/FG	108
Félag lífeindafræðinga/FL (8 til 12 virka daga)	215
Ljósmeðrafélag Íslands/LMFÍ á Landspítala (pri., mið. og fim.)	135
Stéttarfélag lögfræðinga/SL hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu	27
Félag íslenskra náttúrufræðinga/FIN á Landspítala	75
<b>Ótímabundin verkföll sem hefjast 9. apríl</b>	<b>17</b>
Ljósmeðrafélag Íslands/LMFÍ á Sjúkrahúsinu á Akureyri (mán. og fim.)	17
<b>Allsherjarverkföll 9. apríl milli klukkan 12 og 16</b>	<b>2.587</b>
Dýralæknafélag Íslands/DÍ	39
Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins/FHSS	27
Félag ísl. félagsvísindamanna/FÍF	88
Félag íslenskra náttúrufræðinga/FIN	579
Félag lífeindafræðinga/FL (hófu verkfall 7. apríl)	215
Fræðagarður/FRG	556
Iðjubjálfafélag Íslands/IPÍ	76
Ljósmeðrafélag Íslands/LMFÍ (hófu aðgerðir 7. apríl)	84
Sálfræðingafélag Íslands/SÍ	148
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga/SBU	103
Stéttarfélag háskólanna á matvæla- og næringarsviði/SHMN	33
Félagsráðgjafafélag Íslands/FÍ	85
Stéttarfélag lögfræðinga/SL	311
Félag sjúkraljálfa/FS	121
Proskabjálfafélag Íslands/PÍ	33
Starfsmannafélag Sinfóniunnar (verkföll milli kl. 19 og 23)	89
<b>Ótímabundin verkföll sem hefjast 20. apríl</b>	<b>99</b>
Félag íslenskra náttúrufræðinga/FIN á Matvælastofnun	12
Stéttarfr. háskólanna á matvæla- og næringarsviði/SHMN á Matvælastofnun	13
Dýralæknafélag Íslands/DÍ	39
Fél. háskólamenntaðra starfsmanna Stj./FHSS hjá Fjársýslu (tímab. til 8. maí)	35

Heimild: www.bhm.is

verið niðurstöðu Félagsdóms vegna verkfallsboðunar fimm aðildarféлага BHM.

Auk boðaðra aðgerða BHM undirbúa félög Starfsgreinasambandsins (SGS) nú boðun verkfallsaðgerða. Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, segir stefnt að því að atkvæðagreiðsla, sem fallið var frá vegna athugasemda Samtaka atvinnulífsins (SA), fari fram í næstu viku, en verið sé að ljúka kynningu á stöðunni hjá hverju félagi fyrir sig.



**BJÖRN SNÆBJÖRNSSON**

### Verkföll SGS undir lok mánaðar

„Ég reikna með að gögn verði send út fyrir næstu helgi og kosningin verði búin upp úr 20. apríl,“ segir hann. „Þá kemur þetta í ljós og tekur sjö sólarhringa að boða verkfall.“ Aðgerðir geti því í fyrsta lagi hafist undir lok mánaðarinnar.

Björn segir að fundi í kjara-deilu SGS og SA sem átti að halda í

## Í fríi í útlöndum

Fram kom í fjölmiðlum í gær að formaður samninganefndar ríkisins, Gunnar Björnsson, væri í leyfi frá störfum. Samkvæmt heimildum Nútímans mun hann staddur í Mjanmar (Búrma) í Asíu. Í fjarveru Gunnars stýrir Guðmundur H. Guðmundsson, varaformaður samninganefndarinnar, starfi hennar. Leyfi Gunnars er því ekki sagt hafa áhrif á framgang viðræðanna.



gærmorgun hafi verið frestað til föstudags vegna veðurs. „En það er ekkert mikið að gerast, heldur er eins og menn séu að bíða eftir einhverju,“ segir Björn og kveðst lítinn vilja finna hjá SA til viðræðna. Langt virðist á milli á flestum vígstöðvum. Þannig sé skritin staða uppi hjá BHM að sólarhringur verði liðinn í verkfalli áður en haldinn sé samningafundur. „Svona hefur maður ekki þekkt áður.“

Mögulega hafi viðsemjendur sætt sig við hörð átök á vinnu-markaði. „Miðað við það hvernig menn eru að spila þetta þá er ekkert annað í spilunum en hörkuverkföll. Og kannski þarf það til að hreyfa við mönnum.“ Björn telur um leið afar litlar líkur á því að viðsemjendur ríkis og SA gefist upp þótt til verkfalla komi. Fast sé staðið að baki þeim kröfum sem lagðar hafi verið fram.

# Aðalfundur

Framhaldsaðalfundur Rauða krossins í Reykjavík verður haldinn þriðjudaginn 21. apríl 2015, kl. 17:00, í húsnæði deildarinnar að Skúlagötu 21 - 1. hæð.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra
2. Ávarp formanns
3. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu
4. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs
5. Fjárhags og framkvæmdaáætlun 2015 kynnt
6. Önnur mál

Stjórnin



Rauði krossinn Reykjavík

Stórfengleg borg

Beint flug frá Keflavík og Akureyri 14.-17. maí

# Riga



Letlandi

Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eyrstrasaltið.

Úrval veitingahúsa, verslana (m.a. H&M) og kaffihúsa. Næturlíf eins og það gerist best.

Gamli bærinn er frá árinu 1201 og er verndaður af Unesco. Þar ber hæst kastalinn í Riga, kirkja Sankti Péturs og Dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnauki hvert sem lítið er og setur borgina á stall með fallettri borgum Evrópu.

Verð í tveggja manna herbergi

kr. 98.900,-

Innifalið: Flug, skattar, hótél með morgunmat, íslensk fararstjórn og rúta til og frá flugvelli. Trans Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eyrstrasaltslands.

Upplýsingar í síma 588 8900



Trans - Atlantic Sími 588 8900

www.transatlantic.is



Voltaren<sup>®</sup>  
Gel 

# Voltaren Gel

## Nú í enn STÆRRI pakka!



## Verkjastillandi og bólgueyðandi!

### Fæst án lyfseðils

Inniheldur 11,6 mg af díklófenakvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



# Lagt hald á minna af fíkniefnum

Lögreglan hefur lagt hald á lítið magn af hörðum fíkniefnum á við kókaín, metamfetamín og amfetamín síðustu ár. Nokkur ár eru síðan lögreglan náði síðast umtalsverðu magni af þessum fíkniefnum. Minnkunin er mest hjá lögreglunni á Suðurnesjum en meiri gangur virðist vera hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir að lítið náist af hörðum fíkniefnum hefur aldrei fyrr náðst meira af maríjúana og LSD og vísbendingar eru um að neyslan hér á landi hafi stigmagnast síðustu ár.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjanabjorg@frettabladid.is

**850** grömm af kókaíni var lagt hald á í Reykjavík 2014.

Tæp þrjú ár eru síðan lögreglan á landinu lagði hald á mikið magn af kókaíni. Á síðasta ári var mest tekið af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, 850 grömm, og árið áður 1.850 grömm á Suðurnesjum.

Haldlagt magn síðustu tvö árin hefur verið langt undir meðaltali á öllu landinu. Til samanburðar náðust árið 2008 tæp 8 kíló af kókaíni á landinu öllu á móti 1.726 grömmum árið 2014. Aðeins 717 grömm af kókaíni voru tekin á Suðurnesjum. Þetta kemur fram í umboðnum gögnum frá ríkislögreglustjóra yfir magn fíkniefna sem lagt var hald á frá árinu 2008 til marsmánaðar 2015.

## Nær ekkert metamfetamín

Frá því á árinu 2009 þegar lagt var hald á 5.995 stykki af metamfetamíni hefur efnið ekki fundist að nokkru ráði.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á 68 stykki og á Suðurnesjum náðust aðeins 37 stykki.

## Eitt einasta heróíngamm fundist

Árið 2013 var lagt hald á eitt gramm af heróíni. Heróín hefur ekki sést eða fundist hér á landi áður og er ekki talið að hér á landi séu stórneytendur heróíns. Grammið kom í póstsendingu til landsins.

Svo virðist sem algjört hrun sé í haldlagningu á amfetamíni en grunur er um umfangsmikla framleiðslu á landinu.

Aðeins náðust 4.784 grömm á síðasta ári en árið áður voru þau 34.235 og í áráraðir hefur ekki verið lagt hald á minna en 10 þúsund grömm. Árið 2009 kom upp stærsta amfetamínmál síðustu ára þegar lögregla náði 55.317 grömmum.

Aukning hefur greinst í fljóttandi amfetamíni og efnun til ætlaðrar framleiðslu amfetamíns frá árinu 2011, sem þykir benda til þess að framleiðsla efnisins hér á landi hafi færst verulega í aukana, enda virðist framboð efnisins ekki hafa minnkað.

Sömu sögu er að segja af ecstasy, aðeins var lagt hald á 1.454 töflur í fyrra, mest af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglan á Suðurnesjum lagði hald á aðeins 85 töflur miðað við 14.205 árið áður.

## Mikið af LSD í Reykjavík

Árið 2014 náðist mesta magn af LSD á landinu í fjögur ár. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á 2.761 stykki af LSD. Ekkert náðist á Suðurnesjum og hefur ekki síðan árið 2011 þegar hald var lagt á 4.472 stykki.

## RSB stofnað á Suðurnesjum

Mestu breytingarnar eru hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Svo virðist sem lítið hafi náðst af fíkniefnum síðustu þrjú ár. Umtalsverðar breytingar voru gerðar á starfsemi rannsóknardeildar fíkniefnamála á árinu 2013. Deildin var flutt í Flugstöð Leifs Eiríkssonar 1. júní 2013 og var þá nafni hennar breytt í Rannsóknardeild skipulagðrar brotastarfsemi, RSB.

Helstu breytingar urðu þær að mál vegna skilríkjafrölsunar urðu verkefni deildarinnar auk þeirra sem fyrir voru. Deildin tók virkari þátt í sameiginlegu átaki lögregluembættisins á Suðurnesjum gegn glæpasamtökum, smygli, mansali, vændisstarfsemi, tollalagabrotum, skjalafalsi og ýmiss konar fjármálabrotum.


## Burðardýr og mansalsfórnarlömb

Fíkniefnainnflutningur virðist með breyttu sniði. Starfsmenn í Rannsóknardeild skipulagðrar brotastarfsemi sáu aukningu á tengslum á milli svonefndra burðardýramála og mansalsmála þar sem ýmsar vísbendingar koma fram um að burðardýr hafi verið þvinguð til verka.


Þessi breyting kann að gera rannsakendum erfitt fyrir enda þekkist að slík burðardýr hafi enga sögu eða tengingu við fíkniefnainnflutning áður en þau brjóta af sér í fyrsta sinn og þá oft með umtalsvert magn fíkniefna á sér.



MIKILL MUNUR Á MILLI ÁRA Í meðfylgjandi töflum er magn fíkniefna sem lagt var hald á greint eftir embættum árin 2008-2014. Gögnin voru tekin út 24.03.2015 og því ekki nákvæmlega sambærilega staðfestum tölum.



## Algjört met í maríjúana



Haldlagning á maríjúana virðist ganga vel hjá lögreglu og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem hún náði 56.207 grömmum. Það er metmagn í áráraðir. Svo virðist sem maríjúananeysla landans sé að aukast allverulega.



RASSIUR Í REYKJAVÍK Lagt er hald á minna af harðari efnun en meira af maríjúana.

## Jarðvegsþjappa og steinsög

**149.900**  
m. VSK

**Oleo Mac 16"  
Steinsög 5HP**

Vagn fánlegur sér kr. 129.900 með vsk.

**210.900**  
m. VSK

**PC 1442 Shatal  
jarðvegsþjappa**

Stærð plötu: 400 x 550 mm  
Þyngd: 80 kg  
Mótor: Honda bensín 5,5 hö  
Miðflótttaafi á plötu: 1400 kg  
Mesti hraði áfram: 26 m/mín  
Vibratíðni: 93 Hz  
(fleiri stærðir á lager)

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík  
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Meiri gæði  
Lægra verð  
MÚRBÚÐIN



Hilton Reykjavík Nordica, föstudaginn 10. apríl kl. 13:00



# Dagur verkfræðinnar

Við horfum til framtíðar og veitum yfirsýn yfir líklega þróun verkfræðinnar á Íslandi næstu árin.

13:00 Setning: Kristinn Andersen formaður Verkfræðingafélags Íslands.

13:10 Verkfræðin á Íslandi - framtíðarsýn: Guðrún A. Sævarsdóttir forseti Tækni- og verkfræðideildar HR og Hilmar Bragi Janusson forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ.

## SALUR A

### Verðmætasköpun og verkfræði

Vöktun á verðmætum: Hvernig tækninýjungar geta opnað nýja möguleika

Erlingur Brynjúlfsson verkfræðingur, Controlant.

Nýting og virði sjávarafurða

Sigurjón Arason verkfræðingur, Matís.

Rannsóknir Verkfræðistofnunar HÍ

Guðmundur Freyr Úlfarsson verkfræðingur, Verkfræðistofnun.

Er sjálfbærni verkfræði?

Jóhanna H. Árnadóttir verkfræðingur og stundakennari við HR.

## KAFFIHLÉ

Sundhöllin Holmen í Asker, Noregi

Flosi Sigurðsson verkfræðingur, Verkís.

Fjölbreytt hlutverk verkfræðinga

Ólöf Kristjánsdóttir verkfræðingur, Mannvit.

Vitið í vindinum

Birta Kristín Helgadóttir verkfræðingur, Efla.

Stuttar kynningar á nýsköpunarverkefnum ungra verkfræðinga - Klak Innovit

Stjórn: Sveinbjörn Pálsson verkfræðingur, Tempo.

## SALUR B

### Heilbrigðistengd verkfræði

Landspítali framtíðarinnar

Ingólfur Þórisson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs LSH.

Upplýsingatækni á nútímajúkráhusi

Björn Jónsson verkfræðingur og deildarstjóri Heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar LSH.

Ný lækningatæki og tækniinnviðir sjúkrahúsa

Gísli Georgsson verkfræðingur, Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild LSH.

Nýjar spítalabyggingar

Aðalsteinn Pálsson verkfræðingur og deildarstjóri Fasteignadeildar Rekstrarsviðs Landspítala.

## KAFFIHLÉ

Vefjaverkfræði

Ólafur E. Sigurjónsson forstöðumaður grunnrannsóknar og nýsköpunar hjá Blóðbankanum, dósent við HR.

Þrívíddarprentun við skurðaðgerðir

Paolo Gargiulo verkfræðingur, sérfræðingur á LSH og dósent við HR.

Sound of Vision

Rúnar Unnþórsson lektor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild HÍ.

Stuttar kynningar á nýsköpunarverkefnum ungra verkfræðinga - Klak Innovit

Stjórn: Stefán B. Sigurðsson prófessor og fyrrum rektor HA.

## Allir velkomnir - frítt inn

Skráning fer fram á skrifstofu VFÍ í síma 535 9300 og á skrifstofa@verktaekni.is fyrir kl. 16 á fimmtudaginn 9. apríl.



Verkfræðingafélag Íslands







VILL MEIRA FRELSI Rand Paul vill meira frelsi og minni ríkisafskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rand Paul ætlar í forsetaframboð 2016:

## Fleiri frambjóðendur og baráttan harðnar

**BANDARÍKIN** Repúlikaninn Rand Paul tilkynnti í gær framboð sitt til forseta Bandaríkjanna.

Paul, sem er öldungadeildarþingmaður frá Kentucky, varð þar með annar til að gefa kost á sér í prófkjöri repúblikana fyrir forsetakosningarnar 2016. Áður hafði öldungadeildarþingmaðurinn Ted Cruz tilkynnt framboð sitt.

Paul þykir hallur undir Teboðshreyfinguna og kveðst munu leggja áherslu á frelsi einstak-

lingsins og minni ríkisafskipti nái hann kjöri.

Baráttan um útnefningu Repúblikanaflokksins tekur nú að harðna og búist er við því að fjöldi framámanna innan raða flokksins lýsi yfir framboði sínu á næstu vikum.

Forval repúblikana hefst í Iowa-fylki í janúar á næsta ári og mun sigurvegarinn takast á við frambjóðanda demókrata um hvor verður næsti forseti Bandaríkjanna.

-ie

# Hundrað þúsund manns á flóttu

Hálfum mánuði eftir að Sádi-Arabar og bandamenn þeirra hófu loftárásir á uppreisnarmenn í Jemen hafa hundrað þúsund manns hrakist frá heimilum sínum. Tugir barna hafa látið lífið og tugir til viðbótar verið limlestir af völdum árásanna.

**JEMEN** Alvarlegur flóttamanna-vandi hefur skapast hratt í Jemen eftir að Sádi-Arabar og bandamenn þeirra hófu loftárásir á uppreisnarmenn þar. Að sögn UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, hafa 100 þúsund manns flúið heimili sín þennan hálfu mánuð sem liðinn er frá því árásirnar hófust.

Meira en 500 manns hafa látið lífið, þar af að minnsta kosti 74 börn. Auk þess hafa að minnsta kosti 44 börn orðið fyrir limlestingum vegna árásanna.

„Þetta eru tölur byggðar á höfsómu mati og UNICEF telur að heildarfjöldi látinna barna sé miklu meiri,“ segir í tilkynningu frá UNICEF.

„Börn eru að gjalda óþolandi verð fyrir þessi átök,“ sagði Julien Harneis, fulltrúi UNICEF gagnvart Jemen, þar sem hann ræddi við fjölmiðla í Amman í Jórdaníu. „Það er verið að drepa þau, limlesta og hrekja þau að heiman, heilsu þeirra er stefnt í voða og skólagöngu þeirra raskað.“

Pá segir Robert Ghosen, yfirmaður Alþjóðanefndar Rauða krossins, í viðtali við breska útvarpið BBC að átökin hafi gert hafnarborgina Aden að sannkallaðri draugaborg.



BARN Í HÖFUDBORGINNI Vatnsskortur er tekinn að gera vart við sig í Sana. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Uppreisnarmenn úr röðum húta berjist þar við hersveitir hliðhollar stjórn landsins, en sprengjur frá loftárásarliðinu hafi fallið í gríð og erg á uppreisnarsveitirnar.

„Fólk sést hvergi, það er í felum“ hefur BBC eftir Ghosen. „Borgin er full af vopnuðu fólki úr ýmsum hópum sem eru að berjast. Þetta er stór borg en ekkert virkar.“ gudsteinn@frettabladid.is



# MBA



**TAKTU FRUMKVÆÐI AÐ EIGIN FRAMA**  
KYNNINGARFUNDUR MBA-NÁMSINS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í dag, miðvikudaginn 8. apríl, verður haldinn kynningarfundur um MBA-nám Háskóla Íslands. Magnús Pálsson forstöðumaður MBA-námsins kynnr námið og fyrirkomulag þess en einnig mun Katrín Margrét Guðjónsdóttir, MBA 2015 og markaðsstjóri Innnes, segja okkur frá reynslu sinni af náminu.

Kynningin stendur frá kl. 17:00 til 17:45 og fer fram í stofu HT-101 á Háskólatorgi. Boðið verður upp á léttar kaffiveitingar og fer skráning fram í gegnum tölvupóstfangið mba@hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA  
www.mba.is



ALEXIS TSIPRAS Forsætisráðherra Grikklands í ræðustól á gríska þinginu á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Grikkir vilja 279 milljarða evra frá Þýskalandi: Skuldavandi Grikkja væri úr sögunni

**GRIKKLAND** Gríska stjórnin hefur nú formlega látið reikna út upphæðina, sem hún telur að þýska ríkið eigi að greiða Grikklandi í skaðabætur vegna framferðis þýska nasista í Grikklandi á stríðsárunum.

„Samkvæmt útreikningum okkar nemur skuldin vegna þýskra stríðsskaðabóta 278,7 milljörðum evra,“ sagði Dimitris Martas, aðstoðarfrjálmáráðgjafi Grikklands, á fundi hjá grískri þingnefnd sem hefur verið að rannsaka grísku skuldakreppuna.

Þessi fjárhæð samsvarar rúmlega 40.000 milljörðum króna.

Fengju Grikkir þessa fjárhæð í ríkiskassann myndi það leysa skuldavanda gríska ríkisins á einu bretti.

Gríska ríkið skuldar alls 315 milljarða evra, eða 46.000 milljarða króna. Stærstan hluta þeirra skulda má rekja til neyðarlána

frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Seðlabanka Evrópusambandsins, en samtals skulda Grikkir þessum bjargvættum sínum 195 milljarða evra.

Þýska stjórnin hefur hins vegar ekki tekið vel í þessar skaðabótakröfur og segir allar stríðsskuldur þýska ríkisins löngu uppperðar. Stjórnarandstæðingar á þýska þinginu hafa þó tekið undir með Grikkjum og nýverið bættist í þann hóp Gesine Schwan, áhrifakona innan raða þýska Sósíaldemókrataflokksins sem situr í samsteypustjórn með Kristilegum demókrötum.

Sigmar Gabriel, fjármálaráðgjafi Þýskalands, ítrekaði svo í gær að þýska stjórnin væri öll af vilja gerð til þess að hjálpa Grikkjum út úr efnahagsvandannum: „Hvernig maður fer að því, er mér hins vegar enn ekki alveg ljóst,“ bætti hann við.

-gb





**ARI JÓHANNESSON** Innlend framleiðsla á skjaldkirtilhormónum vekur hörð viðbrögð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hormón úr sláturdýrum: Samþykkt sem fæðubótarefni

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mig rak eiginlega í rogastans þegar ég frétti af þessu,“ segir Ari Jóhannesson, sérfræðilæknir á Landspítala og klínískur dósent við Lækna-deild Háskóla Íslands. Nýlega var greint frá því að hafin væri innlend framleiðsla á töflum sem unnar eru úr skjaldkirtli sláturdýra. Vinnslan fer fram hjá fyrirtækinu Iceprótein á Sauðárkróki, en töluvert hefur verið fjallað um afdrifaríka misnotkun á T3-lyfjum í fjölmíðlum nýverið til grenningar. „Hvernig getur sama efnið þurft að fara í gegnum formlegt lyfjaskráningarferli erlendis en fengið grænt ljós hér sem fæðubótarefni? - kbg



**EKKI SKILORÐSBUNDINN** Í ljósi langsakaferils mannsins þótti ekki ástæða til að skilorðsbinda dóminn. NORDICPHOTOS/AFP

## Á langan brotaferil að baki: 15 mánaða fangelsisdómur

**DÓMSMÁL** 37 ára gamall karlmaður var á dögnum dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir þjófnað. Maðurinn á að baki yfir tuttugu ára brotaferil og þótti í ljósi þess ekki ástæða til að skilorðsbinda dóminn að neinu leyti.

Maðurinn var meðal annars dæmdur fyrir innbrot í húsnæði á Akureyri í maí í fyrra þar sem hann stal meðal annars myndavél, Mac-tölvu, saumavél og posavél. Nokkrum dögum síðar stal hann svo tólf ampúlum af lyfjum úr neyðarvagni á slysa-deild Sjúkrahússins á Akureyri. - ktd, vh

## Biðtími á bráðadeild lengist: Bíða lengur en í fjórar stundir

**ENGLAND** Bið á bráða- og slysa-deildum á Englandi hefur farið yfir opinber viðmið síðustu þrjá mánuði, þegar 8,2 prósent sjúklinga hafa þurft að bíða lengur en fjórar klukkustundir eftir aðstoð. The Guardian greinir frá þessu en opinbera viðmiðið er að 95 prósent sjúklinga sem þangað leita fái aðstoð á innan við fjórum stundum.

NHS England tók saman tölur fyrir fyrsta ársfjórðung þessa árs en á síðasta ársfjórðungi síðasta árs fengu 92,6 prósent sjúklinga aðstoð innan fjögurra stunda. Ástandið er verra á sjúkrahúsum en hjá heimilislæknum. - fbj

# Eldra fólk hefur tilhneigingu til þess að vera hlynntara því að draga til baka umsókn Íslands að ESB: Rúmur helmingur vill ekki draga til baka

**KANNANIR** Af þeim sem afstöðu taka í nýjum þjóðarpóls Gallup eru 39 prósent hlynnt því að draga til baka umsókn Íslands um Evrópusambandsaðild, en 51 prósent er því andvíg. Einn af hverjum tíu segist hvorki vera því hlynntur né andvígur.

Þá kemur fram í könnun Gallup að 73 prósent aðspurðra telja að ræða hefði átt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að Ísland sé ekki lengur í hópi umsóknarríkja að ESB áður en sambandinu var tilkynnt um hana. Alls telja 27 prósent að þarft hafi verið að ræða ákvörðunina fyrst.

Afstaða ólíkra þjóðfélagshópa virðist skiptast með svipuðum hætti og verið hefur í fyrri könn-

unum. „Fólk hefur tilhneigingu til að vera hlynntara því að draga umsóknina til baka eftir því sem það er eldra,“ segir í umfjöllun Gallup. Þá séu íbúar landsbyggðarinnar hlynntari því að umsóknin verði dregin til baka en íbúar höfuðborgarsvæðisins. „Þeir sem hafa háskólamenntun eru síður hlynntir því að umsóknin sé dregin til baka en þeir sem hafa minni menntun að baki.“

Þá kemur fram að fólk sem styður ríkisstjórnina og myndi kjósa ríkisstjórnarflokkana ef kosid yrði til Alþingis nú, sé hlynntara því að draga umsóknina til baka en fólk sem ekki styður ríkisstjórnina og myndi kjósa aðra flokka en stjórnarflokkana. - óká

## Afstaða til afturköllunar aðildarumsóknar Íslands

Afstaða	Hlutfall
Alfarið hlynnt/ur	24%
Mjög hlynnt/ur	7%
Frekar hlynnt/ur	8%
Hvorki né	10%
Frekar andvíg/ur	11%
Mjög andvíg/ur	10%
Alfarið andvíg/ur	30%

Heimild: Þjóðarpóls Gallup

## Frjálsi lífeyrissjóðurinn

### Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **29. apríl kl. 17.15** í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á vef sjóðsins, [frjalsi.is](http://frjalsi.is), tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en sjö dögum fyrir ársfund og ber að tilkynna framboð til stjórnar með sannanlegum hætti.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

### Margverðlaunaður lífeyrissjóður



### Sjóðurinn hefur hlotið fjölmörg alþjóðleg verðlaun:

- 2014 – besti lífeyrissjóður Evrópu í sínum stærðarflokki
- 2014 – besti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu
- 2013 – besti lífeyrissjóður smáþjóða í Evrópu
- 2011 – besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2010 – besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2009 – besti lífeyrissjóður á Íslandi
- 2005 – besti lífeyrissjóður Evrópu í þemaflokknum Uppbygging lífeyrissjóða

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opin öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, sendu tölvupóst á [lifeyristhjonusta@arionbanki.is](mailto:lifeyristhjonusta@arionbanki.is) eða komdu við í næsta útibúi Arion banka. Einnig má nálgast upplýsingar á vefsíðu sjóðsins, [frjalsi.is](http://frjalsi.is).



## Meginniðurstöður ársreiknings (í milljónum króna)

### Efnahagsreikningur 31.12.2014

<b>Eignir</b>	
Verðbréf með breytilegum tekjum	58.264
Verðbréf með föstum tekjum	73.703
Veðlán	2.741
Bankainnstæður	2.965
Aðrar fjárfestingar	40
<b>Fjárfestingar alls</b>	<b>137.713</b>
Kröfur	886
Aðrar eignir	8.251
<b>Eignir samtals</b>	<b>146.849</b>
Skuldir	-551
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>146.298</b>

### Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2014

Iðgjöld	9.912
Lífeyrir	-3.237
Fjárfestingartekjur	8.094
Fjárfestingargjöld	-342
Rekstrarkostnaður	-163

<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>	<b>14.264</b>
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b>	<b>132.034</b>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>146.298</b>

### Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2014

Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	818
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	2,1%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	1.778
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	1,7%

### Nafnávöxtun

	2014	2010-2014
Frjálsi 1	6,8%	9,2%
Frjálsi 2	4,0%	8,1%
Frjálsi 3	1,7%	6,9%
Frjálsi Áhætta	4,2%	10,0%
Tryggingadeild*	5,6%	8,4%

\*Skuldabréf gerð upp á kaupkröfu

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. 5 ára ávöxtunartölur sýna meðalnafnávöxtun frá 31.12.2009 – 31.12.2014 en ávöxtun er mismunandi milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á [frjalsi.is](http://frjalsi.is).

### Kennitölur

Eignir í íslenskum krónum	79,2%
Eignir í erlendri mynt	20,8%
Fjöldi virkra sjóðfélaga <sup>1</sup>	14.936
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	49.536
Fjöldi lífeyrisþega <sup>2</sup>	1.927

<sup>1</sup> Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld á árinu.

<sup>2</sup> Meðaltal lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.





Tillaga að stofnun millidómstigs er fagnaðarefni:

## Staðið í vegi fyrir réttarbótum

**E**ftir að ríkisstjórnin var mynduð ákvað þáverandi innanríkisráðherra að skipa nefnd til að semja reglur um upptöku millidómstigs. Nefnd þessi skilaði af sér niðurstöðum í síðasta mánuði og gerði þar tillögu um að nýr millidómstóll yrði stofnaður og þar myndu starfa 15 dómarmar. Dómurum við Hæstarétt yrði fækkað um þrjá.

Meðal ástæða þess að svo mikilvægt er að koma á fót millidómstigi er að eins og staðan er í dag uppfyllir íslenskt réttarkerfi ekki kröfur Mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Nú fara aðeins fram vitnaleiðslur fyrir héraðsdómi. Dómarmar Hæstaréttar

hlýða þannig ekki á vitnisburð heldur láta sér nægja endurrit af framburði vitna fyrir héraðsdómi og geta því ekki – eðli málsins samkvæmt – endurmetið niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi vitnisburðarins. Þetta brýtur gegn rétti manna til að fá úrlausn dómstóla á fyrsta dómstigi tekna til endurskoðunar fyrir æðri dómi. Að auki veldur það áhyggjum að Hæstiréttur sé deildaskiptur. Það þýðir í grunninn að í ákveðnum málum geta mismunandi dómarmar dæmt í sambærilegum málum og komist hver að sinni niðurstöðunni. Með því móti getur niðurstaða í tveimur eins dómsmálum orðið ólík eftir því hvaða dómarmar skipa dóminn. Til þess að Hæstiréttur geti almennilega sinnt starfi sínu sem fordæmisgefandi dómstóll er nauðsynlegt að slíkt gerist ekki.

Nú um helgina greindi fréttastofa Stöðvar 2 frá því að réttarfarsnefnd, sem er innanríkisráðherra til ráðgjafar og veitir umsögn um frumvörp, litist illa á tillögurnar. Fyrst og fremst telur nefndin að hætt sé við að kostnaður við stofnun millidómstigs muni vaxa fjárveitingarvaldinu í augum. Hún vill því að kannaðir verði aðrir og ódýrari kostir.

Því miður er það oft svo að þeir sem starfa innan ákveðins kerfis og hafa náð langt innan þess eru tregir til uppstokkunar. Í því samhengi verður að nefna að af fimm nefndarmönnum réttarfarsnefndar eru tveir núverandi dómarmar við Hæstarétt, einn fyrrverandi hæstaréttardómari, auk þess sem starfsmaður nefndarinnar er einnig hæstaréttardómari. Með öðrum orðum þá voru þeir að gefa ráðherra álit á málefni þar sem þeir og starfsfélagar þeirra eiga mikilla hagsmuna að gæta. Engin ástæða er til að efast um heilindi þessa fólks og hárrétt að benda á að breytingarnar muni verða kostnaðarsamar. Hins vegar er á sama tíma ástæða til að staldra við og velja því upp hvort þessi staða viðkomandi nefndar meðlima sé til þess fallin að hafa áhrif á niðurstöðu þeirra.

Tillögum um millidómstig ber að fagna en með þeim er stigið mikilvægt skref til að auka réttaröryggi borgaranna og tryggja réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Það hlýtur hins vegar að teljast áhyggjuefni að nefnd, að meirihluta skipuð núverandi og fyrrverandi hæstaréttardómurum, skuli setja sig á móti jafn mikilvægum réttarbótum og raun ber vitni. Hæstiréttur á að vera öryggisventill fyrir borgarana, standa vörð um grundvallarréttindi okkar og verja gegn yfirgangi stjórnvalda og annarra. Í því felst ekki að standa í vegi fyrir réttarbótum á sviði mannréttinda. Í þessu máli féllu umræddir hæstaréttardómarmar á prófinu.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@365.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verstunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

heimkaup.is

TAX-FREE á öllum ípróttavörum



TAX FREE

Í EINUM SMELLI

HEIMKAUP

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Seinagangur

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, skýtur föstum skotum á samstarfsflokk sinn í ríkisstjórn með glaðlegri sendingu í fjármálaráðuneytið. Fjármálaráðuneytið hefur undanfarnar vikur haft til skoðunar frumvörp um uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis og aukinn húsnæðisstuðning, nánar tiltekið hefur skrifstofa opinberra fjármála haft frumvörpin í kostnaðargreiningu. Ekki náðist að leggja frumvörpin fram á þingi innan frests en Eygló virðist meta það sem svo að seinagangi í fjármálaráðuneytinu megi kenna um.



#### Passíf aggressíf

Eygló birti í gær myndir af sendingunni sem var bréf og orkustangir en í bréfinu segir meðal annars að hún vonist til að starfsmennirnir hafi náð að hvílast vel yfir páskana. „Við í velferðarráðuneytinu bíðum nú spennu eftir kostnaðarmati ykkar. [...] Vonandi munu þessir orkubitar hjálpa ykkur við að meta áhrifin á ríkissjóð og þjóðarbúskapinn að hjálpa þeim allra fátækustu að fá öruggt hútaskjól,“ segir í bréfinu. Meðal þess sem mun sitja í sjálfstæðismönnum og hamlu afgreiðslu frumvarpanna er hversu óvíst er hvað breytingarnar munu kosta ríkissjóð.



#### Sóli

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra lagði í síðustu viku fyrir ríkisstjórn tillögu um að reisa viðbyggingu við Alþingi eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar. Tillagan hefur fengið blendin viðbrögð en meðal þeirra sem hafa tjáð sig um hana er fyrrverandi forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson. Hann segist ekki hrifinn af hugmynd Sigmundar, segist óviss um að teikningarnar falli vel að húsunum sem fyrir eru og trufla jafnvel ásýnd Alþingis. Sigmundur er því nokkuð einn á báti með þessar hugmyndir þegar stækustu íhaldsmenn líta hana hornauga.

fanney@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Velheppnuð skuldaleiðrétting

### FJÁRMÁL



Sigurður Már Jónsson  
upplýsingafulltrúi í forsætisráðuneytinu

Fá eða engin stærri verkefni á vegum stjórnvalda hafa gengið jafn vel á undanföllum áratugum og leiðrétting fasteignaveðlana. Í stað margra ára fums og fátis við endurúrreikning lána eftir hrun hefur framkvæmd og útfærsla leiðréttingarinnar verið farsæl og skjót og áætlanir hafa gengið eftir. Nú er lokið samþykktarferli þeirra 105 þúsund umsækjenda sem fengu útreikning sinn birtan í desember 2014 og af þeim samþykktu 99,4%. Kostnaður við leiðréttinguna verður sá sami og reiknað var með í upphafi og engin óvænt útgjöld hafa komið upp í ferlinu. Niðurstöður um 3,9% umsókna á eftir að birta, m.a. í tilfellum dánarbúa, þeirra sem uppfylla ekki skilyrði til leiðréttingar eða þeim tilfellum þar sem vandkvæði eru við að tengja heimilissögu eða lán við umsækjendur. Stefnt er að því að þessu verki verði lokið á vormánuðum.

Heildarkostnaður við leiðréttingu fasteignaveðlana var áætlaður um 85 milljarðar króna. Þar af næmi kostnaður af niðurfærslu lána 80 milljörðum og áætlað tekjutap Íbúðalánasjóðs vegna aðgerðarinnar næmi um 5 milljörðum kr. yfir nokkurra ára tímabil. Á móti kæmi að lánasafn Íbúðalánasjóðs batnar verulega samhliða leiðréttingunni, sem kallar á minni afskriftir sjóðsins í framtíðinni og bætir þar af leiðandi stöðu hans. Þá er gert ráð fyrir að vaxtagreiðslur heimila

lækki umtalsvert þegar fram líða stundir vegna lægri höfuðstóls og betri eiginfjárstöðu. Gert er ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs vegna greiðslu vaxtabóta muni lækka samtals um 2,5 ma.kr. á nokkurra ára tímabili vegna þessa.

Fjármögnun leiðréttingarinnar hefur verið tryggð sem meðal annars má rekja til hækkunar bankaskatts og þess að slitabú föllnu fjármálfyrirtækjanna eru ekki lengur undanskilin honum. Ahyggjur þeirra sem óttuðust að leiðréttingin leiddi til þenslu hafa ekki gengið eftir. Þvert á móti hafa þau yfirlystu markmið leiðréttingarinnar náðst, að bæta eiginfjárstöðu heimilanna án þess að stefna í hættu efnahagsstöðugleikanum sem er forsenda hagsældar og framfara. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að:

- Eiginfjárstaða 54 þúsund fjölskyldna styrkist með beinum hætti og fjögur þúsund aðilar færast úr því að eiga minna en ekkert yfir í að eiga jákvætt eigið fé í fasteignum sínum.
- Við fullnýtingu leiðréttingarinnar geta lán lækkað um eða yfir 20%.
- Ráðstöfunartekjur þeirra sem fullnýta leiðréttinguna aukast um 17% á ári á árunum 2015-2017.

Leiðréttingin er eitt skref í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bæta hag heimilanna í landinu og á næstunni munu frekari aðgerðir verða sýnilegar.



# Hljómar þögnin í Eldborg?

Hljóðfæraleikarar pakka hljóðfærunum sínum ofan í kassana og sviðið í Eldborg er autt. Sætin í salnum eru tóm. Tónleikumunum hefur verið aflýst og tryggir áskrifendur og tónleikagestir sitja heima. Stemningin í Hörpu, tónlistarhúsinu „that makes Iceland bigger“ eins og einn forsvarsmanna Disney sagði á dögnum, er döpur.

Ef ekki nást samningar við starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir 9. apríl stefnir í að þessi mynd sem hér er dregin upp verði að veruleika. Hljóðfæraleikarar hafa boðað verkfall á tónleikadegi milli kl. 19.00 og 23.00. Ef til þess kemur verður það, eftir því sem ég kemst næst, í fyrsta sinn í 65 ára sögu hljómsveitarinnar sem þeir fara í verkfall. Hingað til hefur verið litíð svo á að verkfallsvopn hljóðfæraleikara sé bitlaust. Þetta er ekki sama beitta vopnið og læknar eiga og verkfall hljóðfæraleikara bitnar ekki á börnum og ungu fólki eins og þegar kennarar fara í verkfall. En þó deila megi um bitíð geta áhrifin verið sterk. Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð 1950, sex árum eftir stofnun hins íslenska lýðveldis. Sama ár var Þjóðleikhúsið vígt. Ráðamenn þess tíma vildu að listir og menning mótuðu sjálfsmynd þjóðarinnar. Á þessum 65 árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands orðið ein af grunnstöðum íslensks menningarlífs og vakið alþjóðlega athygli, nú síðast í ágúst með rómuðum tónleikum hennar á hinn frægu tónlistarhátíð BBC Proms.

Á síðasta ári sóttu 76.500 manns tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands eða um fjórðungur landsmanna. Samkvæmt nýlegri Gallup könnun hafa 45% fólks á aldrinum 18-34 ára komið á tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar síðustu 2-3 ár og 96,3% tónleikagesta fara ánægð. Á síðasta starfsári lék hljómsveitin fyrir nær 21.500 gesti á skólatónleikum og öðrum opnum tónleikum sem voru þáttur í fræðslustarfi hennar. Þessar tölur sýna að starfsemi snertir stóran hluta þjóðarinnar.

## KJARAMÁL



Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

→ Hljóðfæraleikarar hafa boðað verkfall á tónleikadegi milli 19.00 og 23.00. Ef til þess kemur verður það, eftir því sem ég kemst næst, í fyrsta sinn í 65 ára sögu hljómsveitarinnar sem þeir fara í verkfall.

## Landsliðið

Nýlega var skólatónleikum Sinfóníunnar sjónvarpað beint í kvikmyndahúsið Skjaldborg á Patreksfirði þar sem skólabörn á svæðinu fengu tækisfæri til að sjá og heyra hljómsveitina leika fyrir fullum Eldborgarsal af reykvískum grunnskólabörnum. Um var að ræða tilraunarverkefni með Símanum en slíkar útsendingar gætu orðið að föstum lið í starfsemi hljómsveitarinnar á næsta starfsári. Á leiðinni á tónleikana heyrðist einn ungra tónleikagesta spyrja vin sinn: „Hvað er eiginlega sinfóníuhljómsveit?“ og vinurinn svaraði: „Það er svona landsliðið í hljóðfæraleik.“

Það er margt líkt með hljóðfæraleikurum og afreksfólki í íþróttum. Þeir þurfa að keppa um stöður í hljómsveitinni. Þeir þurfa stöðugt að viðhalda færni sinni með þjálfun marga klukkutíma á dag. Allir atvinnutónlistarmenn hafa æft á hljóðfæri frá barnæsku. Vinna þeirra krefst ofurnákvæmni og mikillar einbeitingar hvort sem er við æfingar eða á tónleikum. Álagið á tónleikum er slíkt að blóðþrýstingur hljóðfæraleikara mælist hærri en hjá flugumferðarstjórum, flugmönnum og læknum.

Hljóðfæraleikarar hafa löngum þurft að berjast fyrir því að störf þeirra væru metin til launa. Ástríða þeirra og hæfileikar hafa verið nokkurs konar kaupauki fyrir samfélagið sem ekki hefur þurft að greiða list þeirra fullu verði. Eins og aðrir launamenn fara þeir fram á að menntun, álag og reynsla sé metin til launahækkana. Vonandi finnst farsæl lausn á kjaradeilunni fyrr en síðar.

Því hvað gerist þegar tónlistin þagnar og hvernig hljómar þögnin í Eldborg?

# Lífeyrir aldraðra hækki í 300 þúsund kr. á mánuði

Verkalýðshreyfingin býr sig nú undir hörð atök í kjaramálum. Fyrstu verkföllin hafa verið boðuð. Kjarasamningar eru lausir og flest verkalýðsfélög hafa sett fram kröfur sínar um kjarabætur. Starfsgreinasambandið fer fram á, að laun hækki á þremur árum í 300 þúsund krónur á mánuði. Þetta er sú lágmarksupphæð, sem launþegar og allur almenníngur þurfa sér til framfærslu.

## KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík

## Lægra en meðaltalsútgjöld

Þetta er lægra en neyslukönnun Hagstofunnar segir að séu meðaltalsútgjöld einstaklinga til neyslu í landinu, en þau nema 321 þúsund krónum á mánuði án skatta. Félag eldri borgara í Reykjavík hefur sett fram þá kröfu að lífeyrir aldraðra hækki í áföngum í samræmi við neyslukönnun Hagstofunnar og verði 321 þúsund krónur á mánuði.

## ASÍ styðji kröfu lífeyrisþega

Nú þegar Starfsgreinasambandið hefur sett fram kröfu um 300 þúsund króna laun á mánuði er eðlilegt, að aldraðir og öryrkjar setji fram hlíðstæða kröfu, þ.e. að laun (lífeyrir) lífeyrisþega hækki í sömu upphæð og kaup launþega. Landsamband eldri borgara hefur áður sett fram slíka kröfu og leitað stuðnings ASÍ við þá kröfugerð. Eldri borgarar vænta þess, að verkalýðshreyfingin taki kröfur lífeyrisþega upp í viðræðum við ríkisstjórnina í tengslum við væntanlega kjaradeilu. ASÍ þarf að setja fram þá kröfu, að lífeyrir aldraðra og öryrkja hækki í nákvæmlega sömu upphæð og laun verkafólks munu hækka í. Það er eðlilegt og réttmæt krafa og það er eðlilegt að verkalýðshreyfingin styðji aldrada og öryrkja í þessu efni.

## Hækki í takt við laun

Í lögum segir, að við ákvörðun lífeyris aldraðra og öryrkja skuli taka mið af launaþróun en að lífeyrir skuli aldrei

→ Lífeyrir aldraðra og öryrkja hefur iðulega verið frystur á sama tíma og lægstu laun hafa hækkað. Þetta er kallað kjaragliðnun og aldraðir krefjast þess, að hún verði strax leiðrétt vegna krepputímans og lífeyrir hækkaður um 20% áður en yfirstandandi kjaradeila leysist. Síðan þarf að gæta þess við lausn kjaradeilunnar og framvegis, að lífeyrir hækki ávallt jafnmikið og lægstu laun.

hækka minna en vísitala neysluverðs. Þetta lagaákvæði hefur verið þverbrotið. Lífeyrir aldraðra hefur hvergi nærri hækkað eins mikið og lægstu laun. Aldraðir og öryrkjar hafa orðið eftir í launaþróuninni.

## Lífeyrir iðulega verið frystur

Lífeyrir aldraðra og öryrkja hefur iðulega verið frystur á sama tíma og lægstu laun hafa hækkað. Þetta er kallað kjaragliðnun og aldraðir krefjast þess, að hún verði strax leiðrétt vegna krepputímans og lífeyrir hækkaður um 20% áður en yfirstandandi kjaradeila leysist. Síðan þarf að gæta þess við lausn kjaradeilunnar og framvegis, að lífeyrir hækki ávallt jafnmikið og lægstu laun.

## Krefjast leiðréttingar strax

Kaupmáttur launa verkafólks jókst um 5,8% árið 2014. Lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaði hins vegar aðeins um 3% um síðustu áramót. Hér hefur því enn átt sér stað kjaragliðnun. Eldri borgarar krefjast þess, að þetta verði strax leiðrétt og lífeyrir aldraðra hækkaður strax vegna þessarar kjaragliðnunar. Nóg er ranglætið fyrir.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á [greinar@visir.is](mailto:greinar@visir.is) og við komum henni á framfæri hið snarasta.

citroen.is

# HAGKVÆMASTI KOSTURINN

- LÆGSTA VERÐIÐ
- HLIÐARHURÐIR BEGGJA VEGNA
- FELLANLEGT SKILRÚM
- SPARNEYTINN

CITROËN NEMO VAN 1,3 DÍSL 6 HURÐA  
VERÐ FRÁ: 2.056.452 KR. ÁN VSK  
VERÐ FRÁ: 2.550.000 KR. MEÐ VSK

## CITROËN NEMO ER HAGKVÆMASTI KOSTURINN

CREATIVE TECHNOLOGIE

Citroën Nemo er með lægsta verðmiðann á markaðnum. Gerðu samanburð og veldu hagkvæman og lipran sendibíl sem uppfyllir allar þínar kröfur. Nemo er með sparneytinni disilvél og er vel búinn staðalbúnaði. Hliðarhurðir beggja vegna auðveldla hleðslu og hægt er að flytja lengri hluti með því að fella niður skilrúmið. Kaupu hagkvæman Citroën Nemo, við aðstoðum þig með fjármögnun.

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjafloata.



Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





## 8. APRÍL

**1571** Guðbrandur Þorláksson er vígður biskup á Hólum, 29 ára gamall. Hann gegnir embættinu í 56 ár.

**1783** Krímkanatið er innlimað í Rússneska keisaradæmið.

**1898** Kristján konungur 9. verður áttæður og af því tilefni er haldin stórveisla í Reykjavík samkvæmt Árbókum Reykjavíkur.

**1951** Geir H. Haarde, íslenskur stjórnmálamaður, fæðist.

**1957** 49 punda stórlax veiðist í þorsknet við Grímsey. Þetta var stærsti lax sem menn vita til að veiðst hefði við Ísland.

**1989** Bónus opnar fyrstu verslun sína við Skútuvog í Reykjavík.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, frændi og vinur,

**BRAGI RAGNARSSON**  
Reynihvammi 25, Kópavogi,

lést á heimili sínu 29. mars sl. Útförin fer fram 8. apríl í Fossvogskirkju kl. 13.00.



Hrafnhildur Fjeldsted Hilmarsdóttir

Hörður Freyr Bragason  
Ragnar Vilberg Bragason  
Ragnar Vilberg Bragason  
Herdís Júlía Einarsdóttir  
Greta Ragnarsdóttir  
Björn Valeria Hansen

Ivan Andersen

Mette Anderson



Ástkær eiginmaður minn,

**SIGURÐUR JÓHANN**  
PORBJÖRNSSON  
Háagerði 45, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir á páskadag. Útförin verður auglýst síðar.



Svanbjörg Sigurjónsdóttir  
og aðstandendur.



Elsku eiginkona mín,  
móðir, tengdamóðir og amma,

**SÓLVEIG (OLLÝ) ÁSGEIRSDÓTTIR**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 3. apríl. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



Jósef Ólafsson  
börn, tengdabörn og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,  
afi og langafi,

**PÓRÐUR GUÐJÓNSSON**  
húsasmíðameistari,  
Hæðargarði 33, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 4. apríl. Útförin verður auglýst síðar.



Kolbrún Þórðardóttir  
Matthías Þórðarson

Stefán Jónsson  
Guðrún Harðardóttir  
barnabörn og langafabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**JÓNA TRYGGVADÓTTIR**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, þann 25. mars síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í dag, 8. apríl, klukkan 15.00 frá Fossvogskapellu.



Fyrir hönd aðstandenda,  
Einar Breiðfjörð Tómasson  
Alda Breiðfjörð Tómasdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Elísabet Þórdís Harðardóttir



Hjartans þakkið fyrir auðsýnda samúð,  
kveðjur og hlýhug við andlát eiginmanns,  
föður, tengdafaðir, afa og langafa,

**ÓLAFS INGÓLFSSONAR**  
frá Eyri, Ingólfsfirði.

Sérstakar þakkið fær yndislegt starfsfólk  
Landsþítalans.



Svanhildur Guðmundsdóttir og fjölskylda

ÞETTA GERÐIST: 8. APRÍL 1703

## Fyrsta manntal á Íslandi

Í apríl árið 1703 var gert manntal á Íslandi að tilskipun Danakonungs. Tilskipunin kom til vegna bágrar efnahagsstöðu Íslendinga á 17. öld eftir harðindi sem dunið höfðu á þjóðinni. Fengu Árni Magnússon og Páll Vídalín varalögmaður verkefnið í hendur og áttu að semja jarðabók, gera fjártlát og skrásetja allar fjölskyldur og þjónustulið á landinu. Einnig áttu þeir að koma með tillögur til úrbóta fyrir samfélagið.

Þetta fyrsta manntal á Íslandi var jafnframt fyrsta manntal sem náði til allra íbúa í heilu landi þar sem nafn, aldur og þjóðfélagsstaða kom fram.

Danakonungur vildi að prestar sæju um að skrásetja fólkið en Árni og Páll fengu

sýslumönnum umsjón með manntalinu. Sýslumenn létu svo hreppstjóra framkvæma sjálft manntalið en hreppar voru alls 163 og þrír til fimm hreppstjórar í hverjum hreppi. Manntalinu var skilað á Alþingi í júní sama ár og var sent til Kaupmannahafnar. Það var þó ekki fyrr en 75 árum seinna að Skúli Magnússon landfógeti vann úr því jarðabók eftir að það hafði legið óhreyft í Kaupmannahöfn.

Árið 1921 var manntalið flutt til Íslands og varð eign landsins árið 1927. Þetta fyrsta manntal á Íslandi hefur varðveist úr öllum hreppum en frumrit hafa þó glatast í einhverjum tilfellum. Einnig voru gerð manntöl á árunum 1801, 1845 og aftur 1865.



MANNFJÖLDI Fyrsta manntal á Íslandi var gert árið 1703. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



BETRI MED ALDRINUM Guðjón segir best að hafa jafnvægi milli drama- og grínverkanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þessu fylgir aukinn þroski og almenn gleði

Stórleikarinn Guðjón Davíð Karlsson fagnar 35 ára afmæli sínu í dag, en í ár fagnar hann að auki tíu ára útskriftarafmæli úr Leiklistarskólanum, ásamt því að skipta um vinnustað.

„Þetta er bara fagnaðarefni fyrir íslensku þjóðina,“ segir leikarinn Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Góí, sem fagnar 35 ára afmæli sínu í dag. „Nei, nei, svo ég tali nú af fullri alvöru þá fylgir þessu auðvitað aukinn þroski og almenn gleði. Þegar maður er kominn á þennan aldur þá þakkar maður fyrir að hafa góða heilsu,“ bætir hann við hress.

Í tilefni dagsins segist Guðjón meðal annars ætla að fara út að borða í hádeginu með konunni. „Ég er svo að sýna um kvöldið Er ekki nóg að elska? í Borgarleikhúsinu, fyrstu sýningu eftir páskafrí.“ Þetta ár verður ansi viðburðaríkt hjá Góa, en auk þess að vera að flytja sig yfir til Þjóðleikhússins í haust heldur hann upp á tíu ára útskriftarafmæli úr Leiklistarskólanum. „Þegar ég útskrifaðist þá hafði Hilmir Snær verið í bransanum

í ellefu ár og leikkonur eins og Halldóra Geirharðs áttu tíu ára útskriftarafmæli. Fyrir mér voru þau búin að leika í fullt af verkum og átt svo mörg eftirminnileg hlutverk, þannig að ég hugsaði með mér hvort ég myndi einhvern tíma endast svona lengi í bransanum. Í dag finnst mér þetta hins vegar hafa gerst í gær,“ segir Góí og hlær.

Um páskana heimsótti Góí Akureyri ásamt fjölskyldu sinni. „Það er og var alveg stórkostlegt að vera á Akureyri, ég fékk alveg sælutilfinningu að koma þangað.“ Góí var, eins og kunnugt er, ráðinn til Leikfélags Akureyrar strax eftir útskrift úr Leiklistarskólanum. „Þetta var ótrúlega gott start fyrir mig sem leikara og var nokkurs konar masterclass í leiklist. Þarna voru 5-6 sýningar á viku, og hin fleyga setning „list endurtekning-

arinnar“ átti vel við, það þýddi ekkert að vera með neitt múður.“

Hann segist eiga Magnúsi Geir Þórðarsyni mikið að þakka fyrir að hafa „spottað“ hann og ráðið hann til sín á Akureyri og svo síðar í Borgarleikhúsið. Í haust færir Góí sig til Þjóðleikhússins, þar sem hann tekur meðal annars þátt í uppsetningu á Hróa hetti. Aðspurður hvort hann ætli að færa sig meira yfir í dramaverk í nýju leikhúsi segir hann að best sé að skipta þessu jafnt á milli. „Það er oftast þannig að grínverkin fá meiri athygli, þannig að flestir halda að ég sé meira í þeim. En ætli þetta sé ekki nokkuð jafnt, drama og grín, ef ég tæki það saman. Hins vegar er það alltaf þannig að þegar maður er að leika í dramaverki þá langar mann í grínið og öfugt,“ segir hann og hlær.

adda@frettabladid.is



OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST LADY 31



ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. apríl 2015 | 14. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**  
AÐ PRENTA!



**Guðjón Ó**  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

## NEYTENDUR

### ORÐNIR KRÖFU- HARÐARI

- Voru með 30 milljónir í árstekjur af aukavinnu
- Öðruvísi hugsun á markaði eftir að samfélagsmiðlarnir urðu til
- Horfir björtum augum á framtíð auglýsingamarkaðarins.

SÍÐUR 6 OG 7



## Kauphallardagar í fimmta sinn

Arion banki stendur fyrir Kauphallardögum í fimmta sinn. Nú munu 15 fyrirtæki taka þátt, en skipulagning hefur verið í höndum Greiningardeildar bankans. Stefán Broddi Guðjónsson hjá Greiningardeild Arion segir að í fyrstu hafi hugmyndin verið að styðja við endurreisn hlutabréfaviðskipta í Kauphöll Íslands og auka umfjöllun um skráðu félögin. Þegar Kauphallardagarnir voru fyrst haldnir mátti telja þau fyrirtæki sem þátt tóku á fingrum annarrar handar. „Síðan hefur Kauphallardögum vaxið fiskur um hrygg og félögum fjölgað og umfjöllun um markaðinn orðin meiri,“ segir Stefán Broddi. → SÍÐA 2

## Vel menntuð stétt

Um helmingur starfsmanna ferðaskrifstofa og annarra þeirra sem sjá um skipulagningu ferða er háskólamenntaður. Einungis ein starfsgrein, það er fjármála- og váttryggingastarfsemi, hefur á að skipa hlutfallslega fleiri háskólamenntuðum starfsmönnum. Þetta sýna tölur Hagstofu Íslands sem Böðvar Þórisson kynnti á aðalfundi Samtaka ferðabjónustunnar á dögum. Grímur Sæmundsen, formaður stjórnar Samtaka ferðabjónustunnar, segir að hátt hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna í þessari grein megi sennilega rekja til þess að með vexti greinarinnar hafi fólki með markaðsmenntun fjölgað mjög. → SÍÐA 4



## Til starfa á þjóðarsjúkrahúsinu

„Þetta er þjóðarsjúkrahúsið okkar og skiptir okkur því öll máli,“ segir Guðný Helga Herbertsdóttir, nýráðinn deildarstjóri samskiptadeildar Landspítalans. „Maður hefur auðvitað fylgst vel með því sem er að gerast þar. Ég sá það þó betur í þessu umsóknarferli hvað það eru ótrúlega flottir hlutir unnir þarna,“ segir Guðný Helga. Hún bendir á að Landspítalinn gegni að auki mikilvægu hlutverki sem mennta- og vísindastofnun og þar sé gerður mikill fjöldi rannsókna sem eru birtar í erlendum vísindaritum en Íslendingar heyri ekki mikið um. „Það er einn þáttur sem ég vil breyta,“ segir hún. → SÍÐA 8



# OPTICAL STUDIO – FRÍHÖFN

Þar sem úrvalið er af umgjörðum

Fagmennska fyrst og fremst

Verslaðu á hagstæðara verði í nýrri verslun okkar í flugstöðinni

Módel: Andrea Stefánsdóttir  
Umgjörð: Victoria Beckham

[www.facebook.com/OpticalStudio](http://www.facebook.com/OpticalStudio)

Optical Studio  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



# Skorið niður í þágu framfara

Skjóðan

**FRAMVEGIS** skal framhaldsskólánám á Íslandi vera þrjú ár en ekki fjögur eins og verið hefur almenn regla fram til þessa. Rökin fyrir þessari styttingu framhaldsskólans eru sögð þau að Íslendingar séu lengur í skóla en aðrir og útskrifist seinna með stúdentspróf.

**RÆTT ER FRAM** og til baka um að stytta nám til stúdentsprófs og menn greinin á um hvort stytta skuli grunn-skólann eða framhaldsskólann eða bæði stigin. Því miður hefur minna borið á umræðu um dýpri vandamál íslenska skólakerfisins, sem skilar stórum hluta drengja ólæsum út úr tíu ára grunnskólánámi á sama tíma og miðlungsnemendur og betri þjást og gætu sem best hafið nám í framhaldsskóla ári fyrir en nú er.

**EN NIÐURSTAÐA** stjórnvalda er að skera af framhaldsskólann í stað þess að endurskoða grunnskólann, sem virðist þó fremur vera vanda-málið. Ástæðan fyrir þessu er augljós. Stytting skólastigs um eitt ár leiðir til sparnaðar í rekstri og því einblínir ríkisvaldið á framhaldsskólana þegar kemur að styttingu náms til stúdents-prófs. Sveitarfélögin reka grunn-skólana.

**FRAMHALDSSKÓLAR** á Íslandi þjóna mismunandi hópum og uppfylla mismunandi þarfir. Ólíkt skólakerfinu í heild hafa einstakir framhaldsskólar skarað fram úr jafnvel í alþjóðlegum samanburði. Sem dæmi um þetta má nefna að nemendur úr Menntaskólanum í Reykjavík hafa verið áberandi í keppnisliðum Íslands sem hafa á undanförunum árum staðið sig með þrýði á

Ólympíuleikum í eðlisfræði, þar sem þeir etja kappi við nemendur frá fjölmörgum löndum.

**MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK** hefur nokkra sérstöðu. Skólinn er hinn eini hér á landi sem býður upp á nám í ýmsum klassískum fræðum og tungumálum. Stúdentar úr skólannum þykja vel búnir undir akademískt nám. Stjórnendur MR hafa óskað eftir að varðveita sérstöðu skólans, t.d. með því að taka inn nemendur ári fyrir en nú tíðkast en halda í fjögurra ára skólann, en talað fyrir daufum eyrum ráðamanna.

**NÚ SKAL SPARA** í skólakerfinu og spara skal hjá ríkinu en ekki sveitarfélögum. Allir skólar skulu verða þriggja ára skólar og hafa það hlutverk eitt að miðla staðlaðri grunn-

námsskrá inn í kollinn á nemendum. Framhaldsskólánám verður starfsnám og undirbúningur frekara starfsnáms. Akademískt nám er dýr lúxus og óþarfar að mati skólafyrvalda. Í framhaldinu verður væntanlega hægt að straumlinulaga Háskóla Íslands og leggja af óþarfar greinar á borð við hugvísindi.

**EFLAUST** verður skólum á borð við MR og Kvennaskólann, sem eru með bekkjakerfi, í framhaldinu gert að taka upp áfangakerfi svo hægt sé að afmá alla þeirra sérstöðu. Þetta verður vitanlega innleitt undir fána jafnréttis og framfara.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	115,50	11,1%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	224,00	-5,5%	-0,4%
Fjarfskipti (Vodafone)	37,60	7,4%	0,0%
Hagar	42,35	4,7%	0,2%
HB Grandi	38,35	13,5%	1,1%
Icelandair Group	21,00	-1,9%	-0,5%
Marel	152,00	10,1%	-0,3%
NI	26,40	13,8%	-1,6%
Nýherji	7,50	44,8%	0,0%
Reginn	15,35	13,3%	-1,0%
Sjóvá	10,60	-11,3%	-0,8%
Tryggingamiðstöðin	22,80	-13,3%	0,9%
Vátryggingafélag Íslands	7,89	-12,8%	-0,6%
Össur	436,00	20,8%	4,3%
<b>Úrvalsvisitalan OMX18</b>	1.339,94	2,2%	-0,2%

### First North Iceland

Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	26,00	15,0%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

# Kauphallardagar fara fram í fimmta skipti

*Stjórnendur skráðra félaga í Kauphöll Íslands kynna fyrirtæki sín næstu tvo dagana. Fyrirkomulagið er byggt á erlendri fyrirmynd. Á sama tíma fjölgar skráðum fyrirtækjum í Kauphöllinni um eitt.*

Kauphallardagar Arion banka hefjast í dag. Þar fá stjórnendur félaga í Kauphöll Íslands og félaga, sem hafa lýst áhuga á skráningu í náinni framtíð, tækifæri til að kynna félögin fyrir fjárfestum og öðrum þeim sem fylgjast með hlutabréfamarkaðinum. Hver stjórnandi heldur stutta framsögu og í framhaldinu er gefinn kostur á spurningum úr sal.

Þetta er fimmta árið í röð sem Arion banki stendur fyrir Kauphallardögum og í ár munu 15 fyrirtæki taka þátt, en skipulagning hefur verið í höndum greiningardeildar bankans. Stefán Broddi Guðjónsson hjá Greiningardeild Arion segir að í fyrstu hafi hugmyndin verið að styðja við endurreisn hlutabréfviðskipta í Kauphöll Íslands og auka umfjöllun um skráðu félögin. Þegar Kauphallardagarnir voru fyrst haldnir mátti telja þau fyrirtæki sem þátt tóku á fingrum annarrar handar. „Síðan hefur Kauphallardögum vaxið fiskur um hrygg og félögum fjölgað og umfjöllun um markaðinn orðin meiri,“ segir Stefán Broddi. Félögum í Kauphöllinni fjölga um eitt á meðan á dögum



STEFÁN BRODDI GUÐJÓNSSON, HJÁ GREININGARDEILD ARION BANKA.

stendur, því áætlað er að 9. apríl hefjist viðskipti með hlutabréf fasteignafélagsins Reita.

Stefán Broddi segir að Arion sé ekki að finna upp hjólið með Kauphallardögum þótt verið sé að byggja upp hefð fyrir slíku fyrirkomulagi á Íslandi. „Þannig standa fjárfestingabankar um heim allan fyrir dögum sem þessum þar sem sérstök áhersla er lögð á ákveðna atvinnugrein, landsvæði eða ákveðið þema. Hjá okkur er fókusinn á skráð félög í

Kauphöll Íslands eða íslensk félög sem hyggja á skráningu á hlutabréfamarkað. Þannig taka fjórtán íslensk fyrirtæki þátt og svo Bank Nordik frá Færeyjum en bankinn er jú bæði skráður í Reykjavík og Kaupmannahöfn,“ segir hann.

Stefán Broddi segir að greiningardeildin telji að frá sjónarhóli fjárfesta sé þetta afar gott tækifæri til þess að hlýða á snarp-ar kynningar frá stjórnendum fyrirtækjanna og taka þátt í umræðum. jonhakon@frettabladid.is

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan  
dagatal viðskiptalífsins

### MIÐVIKUDAGUR 8. APRÍL

Lánamál ríkisins – Gjaldlagi á RÍKB 15  
Arion banki – Kauphallardagar 2015

### FIMMTUDAGUR 9. APRÍL

Hagstofan – Vöruskipti við útlönd í mars 2015  
Arion banki – Kauphallardagar 2015

### FÖSTUDAGUR 10. APRÍL

Hagstofan – Þjóðhagsspá að vori 2015

### MÁNUDAGUR 13. APRÍL

Lánamál ríkisins – Útboð ríkisvixla

### ÞRIÐJUDAGUR 14. APRÍL

Snæfellsbær – Birting ársreiknings 2015  
VÍB – Fjármál við starfslok 2015

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

# ÞAÐ ER VERKFAILL Í LOFTINU

**ÞORGEIR, KRISTÓFER OG BRAGI OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNÐAR Í REYKJAVÍK SÍÐDEGIS**

**ALLA VIRKA DAGA KL. 16:00 - 18:30**



# ASUS SMÁTÖLVUR

Öflugar og hljóðlátar borðtölvur sem hægt er að festa aftan á tölvuskjái.  
Kraftmiklar og hraðvirkar með nýjustu kynslóð Intel örgjörva  
fáanlegar í mörgum mismunandi útgáfum.



← RAUNSTÆRÐ: 19 sm →


## SMÁVAXNIR VINNUÞJARKAR



VivoPC hefur slegið í gegn hjá íslenskum fyrirtækjum. Smátölvur sem hafa afköst og eiginleika borðtölvu en taka mjög lítið pláss. Hægt er að velja milli Intel Celeron, i3 og i5 eftir því hvað hentar viðkomandi starfsmanni best auk þess sem hægt er að fá þær með SSD. Intel HD skjástýring og hágæða hljómur með innbyggðum hátölurum.

VivoPC er glæsileg á borði og er aðeins 19cm á breidd og lengd. Traustur og hagkvæmur kostur fyrir þá sem vilja öflugar borðtölvur sem taka lítið pláss. Fullt verð frá kr. 59.990.

**Fáðu sérverð fyrir þitt fyrirtæki í s. 414-1710 eða sala@tl.is**



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is



Stjórn fasteignafélagsins Eikar leggur til við aðalfund félagsins að hluthafar fái greiddar 580 milljónir króna í arð í ár:

## Hagnaður Eikar jókst um 110 milljónir

Hagnaður fasteignafélagsins Eikar á síðasta ári nam 1.336 milljónum króna. Það er um 110 milljónum meiri hagnaður en árið áður. Rekstrartekjurnar næstum tvöfölduðust, fóru úr 2.029 milljónum króna í 3.961 milljón króna. Ástæðan er sú að Eik sameinaðist Landfestum og keypti einnig EF1.

Eignasafn Landfesta ehf. er alls um 98 þúsund fermetrar og samanstendur af 35 eignum. Eignasafn EF1 hf. er alls um 60 þúsund fermetrar og meðal eigna félagsins eru Smáratorg 1 og Turninn að Smáratorgi 3 í Kópavogi, auk verslunarmiðstöðvarinnar Glerár-

torgs og fasteigna við Dalsbraut 1 á Akureyri.

Við þessi viðskipti með EF1 og Landfestar fóru eignir Eikar úr 24,6 milljörðum króna í 62,3 milljarða króna. Skuldarnar þrefölduðust einnig, fóru úr 16,3 milljörðum í 46,7 milljarða.

Í ársreikningi Eikar kemur fram að stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 580 milljóna króna arður til hluthafa á árinu 2015 en ekki var greiddur arður á síðasta ári.

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri félagsins, sagði í samtali við Markaðinn á dögnum að

nú væri lögð áhersla á arðsemi og þjónustu við hluthafa, fremur en frekari stækkun. „Stjórn hefur sett sér arðgreiðslustefnu um að greiða árlega út arð sem nemur 35% af handbæru fé frá rekstri,“ sagði Garðar.

Eins og fram hefur komið er stefnt að hlutfjárútbóði Eikar nú í apríl og að í framhaldinu verði félagið skráð í Kauphöll. Tveir stærstu núverandi eigendur í félaginu eru Arion banki með liðlega 14 prósentu hlut og Lífeyris- sjóður verslunarmanna með 10,5 prósentu hlut. Í útbóðinu mun Arion selja hlut sinn.

-jhh



GARÐAR HANNES FRÍÐJÓNSSON



ÁTAK HEILSURÆKT OG AQUA SPA ERU TIL HÚSA VIÐ STRANDGÖTU Á AKUREYRI.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Taka undir sjónarmið Átaks:

## Noti ekki Aqua Spa

Neytendastofa hefur bannað Aqua Spa ehf. að nota auðkennið Aqua Spa og lénið aqua-spa.is.

Fram kemur á vef stofnunarinnar að borist hafi kvörtun frá Átaki heilsurækt sem taldi að með notkuninni bryti Aqua Spa ehf. gegn vörumerkjarétti Átaks heilsuræktar. „Neytendastofa taldi ljóst að Átak heilsurækt hefði notað heitið Aqua Spa fyrir snyrtistofu sína frá árinu 2007. Heitið Aqua Spa var talið hafa nægilegt sérkenni til þess að njóta verndar. Var hættu talin á því að neytendur teldu að tengsl væru milli fyrirtækjanna,“ segir á vef Neytendastofu.

-óka

Sætanyting batnar enn:

## 15 prósent fleiri farþegar

Icelandair Group flutti 183 þúsund farþega í millilandaflugi í mars og voru þeir 15% fleiri en á síðasta ári. Framboðsaukning á milli ára nam 7%. Sætanyting var 82,7% og jókst um 4,4 prósentustig á milli ára og hefur aldrei verið hærra í mars áður.

Í tilkynningu Icelandair Group til Kauphallarinnar segir að farþegar í innanlandsflugi og Grænlandsflugi hafi verið 23 þúsund í mars sem sé fækkun um 4% á milli ára.

-jhh

Verndin mest í mjólk og kjöti:

## Tækifæri til breytinga

Viðskiptaráð Íslands telur að sú endurnýjun sem er fram undan á búvörusamningum skapi tækifæri fyrir framleiðendur og stjórnvöld til þess að gera breytingar á landbúnaðarkerfinu. Verði það tækifæri ekki nýtt sé hætt við að afkoma bænda haldi áfram að dala samhliða rýrnandi kjörum neytenda og auknum kostnaði skattgreiðenda.

Viðskiptaráð telur að um 40 prósent matvælaútgjalda íslenskra heimila megi rekja til vörutegunda þar sem tollverndar nýtur við. Mest sé tollverndin þegar kemur að mjólkurtengdum afurðum og kjöti.

-jhh

# Mikill fjöldi háskólmennntaðra starfar við ferðaþjónustu

Um helmingur starfsmanna ferðaskrifstofa er háskólagengið fólk. Fólki með markaðs- menntun hefur fjölgað og háskólamenntað fólk vinnur einnig við afþreyingarhlutann.

Um helmingur starfsmanna ferðaskrifstofa og annarra þeirra sem sjá um skipulagningu ferða er háskólamenntaður. Einungis ein starfsgrein, það er fjármála- og váttryggingastarfsemi, hefur á að skipa hlutfallslega fleiri háskólamenntuðum starfsmönnum. Þetta sýna tölur Hagstofu Íslands sem Bóðvar Þórisson kynnti á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar á dögnum.



GRÍMUR SÆMUNDSEN

Grímur Sæmundsen, formaður stjórnar Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að hátt hlutfall háskólamennntaðra starfsmanna í þessari grein megi sennilega rekja til þess að með vexti greinarinnar hafi fólk með markaðsmenntun fjölgað mjög. Einnig sé háskólamenntað fólk að vinna við afþreyingarhluta ferðaþjónustunnar, það er leiðsögumenn og fleiri stéttir. „Það er oftast nær háskólamenntað fólk,“ segir Grímur. En þótt fjöldi háskólamennntaðs fólks starfi við ferðaþjónustu þá er skortur á iðmenntuðu fólki sem starfar við matreiðslu, framreiðslu og annað slíkt. Grímur segir að í ályktun sem samþykkt var á aðalfundinum hafi verið brýnt fyrir stjórn-

### MENNTUN Í ATVINNUGREINUM

Grein	Háskólamenntun	Framhalds- og starfstengt nám	Grunnmenntun
Flug	31%	58%	11%
Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur	51%	31%	18%
Rekstur gististaða og veitingahúsa	11%	37%	52%
Framleiðsla málma	15%	46%	39%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	60%	24%	16%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	11%	48%	41%
Framleiðslugreinar alls	15%	46%	39%

■ Háskólamenntun ■ Framhalds- og starfstengt nám ■ Grunnmenntun

völdum að bregðast við hlutverki sínu og styðja innviði greinarinnar. Í ályktuninni er meðal annars vikið að menntun, en þar segir að stórefla þurfi menntakerfi ferðaþjónustunnar. „Tryggja þarf samráð og samstarf milli fræðsluáðila og atvinnulífsins. Einnig þarf að bæta aðgengi að menntun, auka starfsnám og samræmingu milli skólastiga. Endurskipuleggja þarf starfsnám með einfaldara grunnnám að leiðarljósi og skipa sérstakan starfshóp til þessa.“

Grímur segir að Samtök ferðaþjónustunnar hafi í hyggju að fylgja þessari ályktun eftir með viðræðum við stjórnvöld um menntamál og mörg önnur atriði

sem Samtökin leggja áherslu á. „En það sem við leggjum kannski mesta áherslu á í ályktuninni eru stóruáuknar opinberar fjárfestingar í samgöngum. Bæði í vegakerfinu og flugvallarstarfsemi. Vegna þess að lífæð greinarinnar eru samgöngur, og þarna erum við að tala um innviðafjárfestingar sem eru ekki sérhæfðar heldur nýttast landsmönnum öllum í þeirra daglega lífi,“ segir Grímur.

Þá tekur Grímur fram að það þurfi að horfa á nýtingar náttúruauðlinda út frá hagsmunum ferðaþjónustunnar, sem sé langmest gjalddeyrisskapandi atvinnugrein landsins. „Sem dæmi hafa menn verið að vinna með rammaáæt-

un vegna verndar og orkunýtingar landsvæða sem hefur verið í vinnslu í tuttugu ár. Þarna er bara verið að hugsa um orkufrekan iðnað og ferðaþjónustan er orðin fimmtíu prósentum stærri en orkufrekur iðnaður í gjalddeyrissköpun,“ segir Grímur. Mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar hafi vaxið mjög mikið á undanförunum árum og það þurfi að fara að huga að henni með sama hætti og hugað hefur verið að orkufrekum iðnaði og sjávarútvegi hingað til.

Á aðalfundinum var að auki samþykkt sérályktun um stofnun ferðamálaráðuneytis til að vinna að hagsmunum greinarinnar.

jonhakon@frettabladid.is

Stjórnarformaður fær áfram 500 þúsund krónur og stjórnarmenn fá 250 þúsund:

## Óbreytt laun hjá stjórn Regins

Laun stjórnarmanna og varastjórnarmanna fasteignafélagsins Regins verða óbreytt næsta árið, samkvæmt tillögu sem stjórn félagsins leggur fyrir aðalfund félagsins.

Þóknun hvers stjórnarmanns verður því áfram 250 þúsund krónur á mánuði og þóknun formanns stjórnar 500 þúsund krónur. Varamönnum verða greiddar 125 þúsund krónur fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en 250 þúsund krónur fyrir hvern mánuð.

Starfskjarastefna fyrirtækisins verður líka óbreytt frá fyrra ári. Samkvæmt henni taka starfskjör æðstu stjórnenda mið af kjörum æðstu stjórnenda hjá sambærilegum fyrirtækjum. Þau taka mið af frammistöðu viðkomandi starfsmanns, afkomu félagsins, mikilvægra áfanga í rekstri og starfsemi félagsins að öðru leyti. Þar á meðal hvort settum markmiðum hafi verið náð.



HELGI S. GUNNARSSON, FORSTJÓRI REGINS FASTEIGNAFÉLAGS

Reginn greiddi samtals 466 milljónir króna í laun og launatengd gjöld árið 2014, sem var 64 milljónum meira en árið á undan. Þar

af voru 37 milljónir í laun og 39 milljónir í önnur launatengd gjöld. Aðalfundur Regins fer fram þann 21. apríl næstkomandi.

-jhh

Kynna nýjar áherslur á vofundi:

## Landsnet orðið 10 ára



GUÐMUNDUR INGI ÁSMUNDSSON

Landsnet kynnrir nýjar áherslur í rekstri félagsins á opnum vofundi um stöðu flutningskerfis raforku á Íslandi í fyrramálið, 9. apríl. „Tíu ár eru frá því félagið tók til starfa og er vofundurinn orðinn árviss viðburður,“ segir í tilkynningu.

Með nýjum áherslum, sem Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets kynnrir, á meðal annars að nást fram víðtækari samfélagssátt um leiðir til að þróa og viðhalda raforkuflutningskerfi landsins, í sátt við samfélag og umhverfi. Hægt verður að fylgjast með fundinum á landsnet.is og koma að spurningum á Twitter undir #landsnet, eða í netfangið landsnet@landsnet.is.

-óka



# BAKKADU UPP VEISLUNA EÐA NÆSTA FUND.

565 6000 / somi.is

## Gamli góði

20  
BITAR

Hangikjöt, eggjasalat og fint brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fint brauð. Rækjusalat og fint brauð.



3.680 kr.

## Eðalbakki

20  
BITAR

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fint brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi paprika, salatmix og kornbrauð.



3.680 kr.

## Lúxusbakki

20  
BITAR

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fint brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



3.680 kr.

## Tortilla partybakki

30  
BITAR

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur og spínat. Fetaostur, rauðlaukur og spínat. Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat og lauksósa.



4.100 kr.

NÝTT

## Tortilla veislubakki

30  
BITAR

Reykt skinka, egg og jöklasalat. Tikka masala kjúklingur og jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar og salatmix.



4.100 kr.

## Tortilla heilsubakki

30  
BITAR

Heilhveitortilla, hummus, paprika og salatmix. Heilhveitortilla, reyktur lax, salatmix og rjómaostur. Tómatortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, og lauksósa.



4.100 kr.

## Pítubakki

24  
BITAR

Tikka masala kjúklingur og íssalat. Reykt skinka, eggja- og íssalat.



3.680 kr.

## Ávaxtabakki

10  
MANNS

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



2.800 kr.

## Kökubakki

24  
BITAR

Eplakaka, súkkulaðikaka, gulrótarkaka.



3.300 kr.

### Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi? Viltu hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum upp á ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum og kökum og jafnvel ávöxtum. Það er auðvelt að velja og

panta á netinu og við bjóðum ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Munið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 daginn fyrir afhendingu.

Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.



Ferskt á hverjum degi





# Samfélagsmiðlar gerbreyttu starfinu

*Valgeir Magnússon hóf afskipti af auglýsingabransanum fyrir 20 árum. Í dag stýrir hann einni stærstu auglýsingastofu á Íslandi. Hann segir neytendur vera miklu kröfuharðari á skilaboð núna en þeir voru á árum áður.*

## VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson  
jonhakon@frettabladid.is



Auglýsingastofan PIPAR/TBWA var valin besta stofan í árlegri könnun Gallup meðal markaðsstjóra fyrirtækja, sem gerð var fyrir ÍMARK-daginn sem haldinn var á dögum. Auglýsingastofan hlaut auk þess verðlaun, eða lúður, fyrir bestu herferðina.

Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri PIPAR/TBWA, hóf afskipti sín af auglýsingabransanum þegar hann vann hjá Íslenska útvarpsfélaginu (sem síðar varð að 365 miðlum) fyrir um það bil 20 árum. Þeir Sigurður Hlökkversson unnu þá auglýsingar fyrir viðskiptavinum og viðskiptavinirnir fóru fljótlega að biðja þá um að vinna aukaverkefni sem tengdust ekki Íslenska útvarpsfélaginu. Upp úr því varð til fyrirtæki sem

þeir félagarnir kölluðu Hausverk.

Valgeir segir að það hafi reynst þeim félögum vel að eiga bakgrunn á fjölmiðlum, einkum útvarpi, þar sem útvarpið hafi verið samfélagsmiðill þess tíma. „Það var eini gagnvirki miðillinn og það gerði það að verkum að stofan var öðruvísi undir það búin þegar við vorum komin inn á samfélagsmiðlatímann. Við vorum alltaf að vinna svo mikið á þennan hátt. Við bjuggum til marga viðburði og mikið af óhefðbundnum hlutum sem sögðu heila sögu en kannski minna af heilsíðum,“ segir Valgeir. „Það hefur ábyggilega enginn búið til eins marga útvarpsleiki og við. Útvarpsleikir, samfélagsmiðlaleikir og Facebook-leikir eru af sama meidi,“ útskýrir hann.

### Skýr verkaskipting

Valgeir segir að það hafi fljótt orðið skýr verkaskipting milli sín og Sigurðar. „Hann var góður

að hanna í Macintosh Classic, sem hann átti. Þetta var svart-hvítur skjár en við hönnuðum í lit. Ég aftur á móti var góður í að teikna, góður í konseptvinnu, góður í textagerð og mjög góður í að selja. Þannig að við nýttum krafta hvor annars og ég sá um að selja fyrir okkur og rukka fyrir okkur. Það er svona upphafið hjá okkur,“ segir Valgeir.

Þegar hann svo áttaði sig á því að þeir voru farnir að velta 30 milljónum með þetta í aukavinnu hafi verið kominn tími til að ákveða að gera auglýsingabransann að aðalstarfi. Nokkrum árum síðar réðu þeir til sín Helga Helgason, sem hafði verið framkvæmdastjóri hjá Góðu fólki, og Valgeir segir að honum hafi fylgt mikil reynsla og trúverðugleiki. „Hann er enn þá með okkur og á í dag hlut í fyrirtækinu,“ segir Valgeir. Starfsemi stofunnar fluttist svo í Hafnarhúsið og um það leyti sameinaðist hún auglýsingastofu

sem heitir Mixa. Valgeir segir að Mixa hafi verið með gott hönnuðarteymi. Við þá sameiningu hafi hjólin farið að snúast enn hraðar. „Við fengum góða kúnna og gátum gert enn betur við okkar viðskiptavinum af því að við vorum með ákveðinn bakgrunn sem Mixa hafði ekki og svo öfugt.“

### Vildu vinna með Finni og Bjössa

Svo gerist nákvæmlega það sama þegar TBWA Reykjavík kemur til okkar,“ segir hann. Fítón og Pipar sameinuðust svo síðasta sumar. „Það var gamall draumur hjá okkur að fá að vinna með Finni Malmquist og Bjössa á Fítón,“ segir Valgeir. Hann bætir við að það hafi verið sameining tveggja stórra auglýsingastofa og úr hafi orðið „stór kreatívur suðupottur“ eins og hann orðar það. „Vegna þess að við náðum að sameina þarna fyrirtæki sem höfðu ákveðna sameiginlega sýn en algjörlega hvort sinn bakgrunn-

inn. Fítón er upprunalega stofnað af hönnuðum og hugmyndafólki, en við af fólki sem kemur úr fjölmiðlageiranum. Það er algjörlega sitthvor nálgunin. Fítón hafði náð betra og flottara kreatíviteti og var þar af leiðandi yfir 50 lúðra stofa en Pipar hafði náð gríðarlegum árangri í samfélagsmiðlum, „hard marketing“ og strategíu,“ segir Valgeir.

### Ekki lengur einstefnuskiðboð

Valgeir segir að samfélagsmiðlarnir hafi gerbreytt allri markaðssetningu. „Samfélagsmiðlar eru ekki bara breyttur miðill, heldur breyttu þeir neytendunum. Neytandinn hugsaði öðruvísi eftir að samfélagsmiðlar urðu svona fyrirferðarmiklir. Við auglýsendur þurfum að hugsa og haga okkur öðruvísi,“ segir hann. „Það sem gerist er að í tugi ára frá því að auglýsingamennska byrjaði, þá hefur nánast allan tímann auglýsandinn verið að senda



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## EKKI TÝNA TÖSKUNNI

Til eru ýmsar sniðugar lausnir fyrir þá sem eru hræddir um að týna ferðatöskunni sinni. LugLoc er til dæmis tæki, sem sameinar GSM- og Bluetooth-tækni. Það er sett í töskuna. Síðan er hægt að kveikja á appi og sjá nákvæmlega hvar taskan er í heiminum.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari>



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**CURVER** Sýnir um þessar mundir í Hafnarborg, listamiðstöð Hafnarfjarðar.

**KYNNINGMÖGNUM OG LIFANDI** Stórborgin New York er uppáhaldsborg Curvers Thoroddsen. Hana hefur hann heimsótt margt og bjó þar í nokkur ár við nám. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eitt mest selda fitubrennsluæfnið í heiminum í dag!

13 kíló farin!



Karen Hauksdóttir

„Losnaði við sykurþörfina“

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“



GMP vottað hráefni

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúður og heilsuhillur verslana.

## EKKERT KJAFTÆÐI

**BORGIN MÍN** Myndlistar- og tónlistarmaðurinn Curver Thoroddsen hefur ferðast víða um heim en ein borg er þó í einstöku uppáhaldi.

Ég verð að segja New York, hún er svo kynngimögnuð og lifandi,“ segir Curver Thoroddsen, myndlistar- og tónlistarmaður, um uppáhaldsborgina sína.

„Það er endalaus orka og flæði í New York. Borgin líður áfram og stökkbreytist allt í senn og hverfuleiki lífsins verður bókstaflega sýnilegur í henni. Hún inniheldur alla menningarkima, ríkidæmi og fátækt og allt á sama tímanum á sama stað.“

Curver kynntist borginni vel en hann bjó þar frá 2007 til 2011. Þá stundaði hann mastersnám í myndlist og bjó bæði á Manhattan og í Brooklyn. Hann ber íbúum borgarinnar vel söguna, þeir séu hressir en líði ekkert kjaftæði og rugl.

„Fólkið er æðislegt, opið og létt í lund. New York-búar eru hreinskilnir en eins konar samkomulag ríkir um að láta samskiptin ganga vel fyrir sig. Þeir eru varir um sig, setja skýr mörk og tilbúnir að verja sitt. Það er

lítið rými fyrir rugl og kjaftæði í New York en mikið af léttleika og samkennd. Ég og fyrrverandi konan mín eignuðumst son okkar þar og upplifðum allar hliðar borgarinnar. Fyrst bjuggum við í pínulítilli íbúð á Lower East Side en eftir að strákurinn stækkaði fluttum við til Greenpoint í Brooklyn en það hverfi er vinsælt hjá listamönnum sem eru komnir með börn og meika ekki sturlunina á Manhattan eða í Williamsburg.“

### DRAMUR MATGÆÐINGSINS

„Ég bætti nokkrum kílóum á mig meðan ég bjó í borginni en þar er mikil breidd í matarmenningu. Veitingahús á hverju horni og alls staðar matvörubúðir af öllum stærðum og gerðum. Það fer dálítið eftir verði hvernig gæðin eru í matvörubúðunum en maður hefur alltaf möguleika á að versla í búðum sem selja náttúrulega ræktaðar og vörur og slíkt. Þær kosta bara örlítið meira. Svo eru ýmiss konar markaðir um helgar

sem selja mat beint frá býli. Svo er alltaf hægt að fá sér yndislega pitsusneið á næsta horni en það er eitt af því sem einkennir New York. Allir eru sáttir við pitsusneiðar, viðskiptamaðurinn á Wall Street og fátækur myndlistarnemi.“

**Áttu þér uppáhaldsveitingastað í borginni?**

„Tiny's Giant Sandwich Shop, pínulítill samlokustaður á Lower East Side sem gerir frábærar samlokur. Ég mæli með Spicy Rizzak í semolina-brauði. Annars er líka Roberta's Pizza í Bushwick, falinn hippstera pitsustaður sem slær allt út.“

**En hvernig er best að upplifa þessa kynngimögnuðu borg?**

„Bara vera í núinu og ganga um. Það þarf ekki að gera neitt sérstakt til að upplifa borgina. Mínar uppáhaldsstundir frá New York áður en ég flutti þangað voru oftast þær þegar ég leyfði borginni að gleypa mig. Auðvitað er fullt af leyndum perlum í borginni en ég held þeim fyrir mig.“

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULLBYLJAN

Bioskin Junior

Fyrir börn 3ja mánaða og eldri.

„Exemið nánast horfið á fjórum vikum!“



Eva Ruza Miljevic hefur notað Bioskin Junior vörurnar á 5 ára son sinn með frábærum árangri.

Sölustaðir: Apótek og heilsubúðir.

20%  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR



NÝTT fyrir börn

Daily Nourishing Spray

Flijótandi úði, gengur hratt inn í húðina. Nærir og mýkir.

Outbreak Rescue Cream

Róar og sefar þurra og sára húð. Engin takmörkun á notkun.

Inniheldur ekki: stera, paraffin, lanolin, paraben eða gervi ilmefni.

www.gengurvel.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Söluverki: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434 | **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

## FLEIRI JÁKVÆÐ ORÐ EN NEIKVÆÐ

### ORÐ

Fleiri jákvæð orð en neikvæð eru í tungumálum. Það er að minnsta kosti niðurstaða úr amerískri rannsókn sem gerð var í háskólanum í Vermont á tungumálum. Skoðuð voru orð af öllum toga sem notuð eru og í mest töluðu tungumálum heimsins. Þau eru enska, brasilísk-portúgalska, kínverska, spænska, franska, þýska, arabíska, indónesíska, rússneska og kóreska. Skoðaðar voru færslur á Twitter, úr bókum, lögum og kvikmyndum. Um 100 milljónir orða komu frá Twitter. Um tíu þúsund orð voru valin úr og síðan var fólk sem hafði málið að móðurmáli spurt um þau. Í ljós kom að flest orðin höfðu jákvæða merkingu.



# OptiBac probiotics

**”Bestu meltingargerlar sem ég hef prófað.”**

Viðir Þór Prastarsson, íbrótta- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands.

**Fæst í apótekum og heilsubúðum**



### KYRRÐ OG FEGURÐ

Leiðangursmenn voru lengstum einir á fallegum snjóbreiðunum. MYNDIR/ÚR MYNDASAFNI



### FYRSTA FERÐIN

Förin var sú fyrsta á suðurpólnum hjá Eðvarði Þór Williamssyni.

# ÆVINTÝRALEGT SUÐURSKAUT

**JEPPAFERÐ** Rúmlega mánaðarferð á suðurskautið varð Eðvarði Þór eftirminnileg. Gríðarlegar auðnir einkenna svæðið og birtan er mikil á þessum tíma.

Tveir starfsmenn íslenska fyrirtækisins Arctic Trucks fóru í mikinn ævintýraleiðangur um síðustu áramót til Suðurskautslandsins ásamt fjórum brasilískum vísindamönnum og einum breskum leiðsögumanni. Markmið vísindamanna var að safna snjó og sýnishornum af ís af vesturhluta Suðurskautslandsins, svæði sem liggur um 600 km norðvestur af suðurpólnum. Á leiðinni keyrði hópurinn nýja leið gegnum svæðið Criosfera 2 og Hewette Pass en sú leið hefur aldrei verið farin á jeppa fyrr að sögn Eðvarðs Þórs Williamssonar, framkvæmdastjóra Arctic Trucks, sem ferðaðist þangað ásamt Hlyni Sigurðssyni, starfsmanni á breytingaverkstæði fyrirtækisins.

„Ferðalagið var allt mikil upplifun enda hafði ég aldrei komið þangað áður. Hlynur hafði hins vegar áður farið á suðurpólnum árið 2010. Ferð okkar hófst annan í júlum og við komum heim til Íslands í lok janúar. Sjálf ferðalagið okkar á Suðurskautslandinu tók um tvær vikur og þar keyrðum við rúmlega 1.700 kílómetra.“

Félagarnir tveir hófu ferðalagið með flugi til Parísar. Þaðan var flogið til Santíago í Síle og síðan enn lengra suður til borgarinnar Punta Arenas sem er staðsett í syðsta hluta Síle. „Ferðalagið til Punta Arenas tók 42 klukkustundir en það var lítill tími til hvíldar því daginn eftir funduðum við með ferðafélögum okkar og ásamt öðrum þeim sem komu að skipulagningu ferðarinnar. Auk þess þurfti að fara yfir stöðu varahluta en jepparnir sjálfir biðu okkar á Suðurskautslandinu.“

Hópurinn dvaldi í Punta Arena til 29. desember en þá var flogið yfir sundið með rússneskri fraktvél. Næstu fimm dagar fóru að mestu í að undirbúa jeppana en 4. janúar bættust brasilísku vísindamennirnir í hópinn og degi síðar hófst leiðangurinn.

### GRÍÐARLEGAR AUÐNIR

„Við notuðum tvo 6x6 Toyota Hilux jeppa og einn tengivagn. Auk þess fylgdu tveir snjósleðar okkur fyrstu 20 kílómetrana gegnum sprungusvæði en þennan fyrsta dag ókum við 263 kílómetra. Veðrið var fínt og skyggnið gott en ekið var eftir snjótöðaraslóð að Thiels Mountains sem er fjallshryggur á hásléttu Suðurskautslandsins, um 600 km norður af suðurpólnum. Fjallasýn fyrstu hundrað kílómetrana var mikil og stórfengleg en þar sáum við meðal annars til Vinson Massif, hæsta fjall álfunnar.“

Daginn eftir var náð á fyrsta áfangastað, Crios-



**TEKIÐ Á PVÍ** Brasilísku vísindamennirnir við störf en þeir söfnuðu snjó og sýnum af ís.



**ALVÖRU TRUKKAR** Jepparnir voru sérútbúin fyrir för á suðurskautið.

fera 1, þar sem fyrsta borunin var framkvæmd. „Nú var tekið að hvesa úr suðri og frostið var komið niður í -25 gráður. Ferðin snerist um snjósýnatöku á 10 km fresti og á 100 km fresti var borað niður á fimm metra dýpi og tekin sýni með kjarnabor.“

Á 200 km fresti var slegið upp tjaldbúðum, fjórum svefntjöldum og einu matartjaldi, en þá var handmokuð tveggja metra snjógryfja sem var 3x3 metrar í þvermál og þaðan borað niður á 20 metra dýpi. Kjarnarnir sem náðust upp verða síðan rannsakaðir næstu árin af brasilískum vísindamönnum.“

Ferðalagið gekk mjög vel að sögn Eðvarðs, engar stórar bilanir trufluðu för eða vond veður en ferðahraði var umtalsvert meiri og eldsneytiseyðsla minni heldur en vísindamennirnir höfðu gert ráð fyrir. „Það sem stóð upp úr var hversu gríðarlegar auðnir og vegalengdir eru þarna suður frá ásamt því að bjart var allan sólarhringinn en á þessum árstíma er sólin nánast beint fyrir ofan okkur.“

**NÝTT FRÁ ORA**

**Prófaðu síld í dillsósu og chilli síld**

fæst í helstu verslunum



# NUTRILENK - hollráð við liðkvillum. Náttúrulegt fyrir liðina



## Get pakkað NUTRILENK frábæran árangur í keilu!



Það er ekki á hverjum degi sem sextugur maður nær 12 fellum í röð í keilu. „Ég vil nú bara vera hógvær og segja að þetta hafi verið hinn fullkomni leikur,“ Segir Davíð Löve, múrari, sem setti Íslandsmet í keilu í fyrra. „Satt að segja var ég ekki í góðum málum fyrir þremur árum. Ég var búinn að fara í þrjár hnéaðgerðir á nokkra ára tímabili, var mjög slæmur og treysti mér engan veginn í aðra aðgerð. Til allrar hamingju ákvað ég að prófa NUTRILENK Gold. Ég tók inn 6 töflur fyrstu tvær vikurnar og það dugði mér til að verða góður. Nú tek ég 2 töflur á dag til að viðhalda batanum. Sem múrari er ég mikið á hnjúnum og starfið reynir gríðarlega á liðina. Það má segja að það sé kraftaverki líkast að ég sé orðinn góður. Ég hvet því kollega mína í iðninni til að prófa og trúi því að NUTRILENK haldi mér góðum í keilunni amk næstu 20 árin,“ bætir Davíð við kíminn.


*Davíð Löve 60 ára múrari og keilunillingur*

## NUTRILENK bjargar mér frá skelfilegum verkjum




„Ég þarf að vera á andhormónalyfjum næstu árin til halda í skefjum brjóstakrabbameini sem ég greindist með fyrir einu og hálfu ári. Þessi lyf fóru þannig í skrokkinn á mér að ég var undirlögð af skelfilegum liðverkjum og upplifði mig eins og gamla konu. Ég var því ekki bjartsýn á það að geta tekið þessi lyf næstu 5 árin. Ég ákvað að prófa NUTRILENK og tók inn 2 töflur 3x á dag og fann mun viku seinna. Í kjölfarið gat ég minnkað skammtinn niður í 3 töflur á dag og það heldur mér góðri. Mér er mikið í mun að segja frá þessari reynslu því ég veit um margar konur í sambærilegri stöðu og þess vegna vona ég að Nutrilenk geti hjálpi þeim eins og það hefur hjálpað mér. Ég er ótrúlega þakklát!“

*Lára Emilsdóttir 59 ára fjármálastjóri*



## Hvað getur Nutrilenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskefufurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Mjög margir finna fyrir óþægindum og verkjum þegar liðfletirnir núast saman, sérstaklega í liðamótunum í mjöðmum, hrygg og hnjúm. Þess vegna er til mikils að vinna að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður



Liður með slitnum brjóskef

### Hefur hjálpað fjölmörgum

Nutrilenk Gold inniheldur brjósk úr fiski- og hákarlabeinum sem er öflugt byggingarefni fyrir bein og brjósk enda ríkt af kondritíni, mangan, kollageni og kalki. Nutrilenk hefur hjálpað fjölmörgum sem þjást af liðverkjum.

**Prófið sjálf - upplifið breytinguna!**

Nutrilenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna



## BÍLAR & FARARTÆKI

### bilfang.is S. 567 2000



**FLOTTUR / GOTT VERÐ !**  
Toyota Landcr. 150 GX DIESEL 12/2010 (mód 2011) ek 107 þ.km sjálfskiptur, krókur ofl Verð 6690 !!! Skipti möguleg

Bílasalan Bilfang  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
Seljum í dag!  
www.bilfang.is

### ISABAND.IS BILANPLUTNINGUR



**2015 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4**  
Sá flottasti, V6 290hó, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 gíra sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Tilboðsverð aðeins 11.790þkr. Er í salnum, ATH Getum útvegað allar gerðir af Grand Cherokee,

Íslensk-Bandaríska ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 534 4433  
Opíð 10-18.00 og lau 11-15  
http://www.isband.is



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
suzuki@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is

### KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net

### 667 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS BÍLAHÖLLIN



#### BÍLL DAGSINS !

MAZDA 6 s/d t. Árgerð 2004, ekinn 165 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Gott verð 1.150.000. Bíllinn er á staðnum Rnr.210466

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.nyja.is

### 100 bílar.is



VW Polo Trendline 4/2013 ek 65þkm, dísel, beinsk, tilboð 1750 þús, er á staðnum, raðnr 151473.

100 bílar ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð 10-18.00, Lau 11-15  
www.100bilar.is

### Bílar til sölu



VW Passat árg. 2000. 1.6, sjálfskiptur. 250þús. Uppl. í s. 6162597



Hyundai i30 Comfort, VAE 08 árg 2008 ek. 148.000 kr 990.000. S. 899 0994 hefdirhf@simnet.is

Opel Corsa árg. '97, sko 2015. Óska eftir tilboði. S. 691 7084

VW Caddy árgerð '05, diesel. Uppl. í s. 840 6100

### 250-499 þús.



#### GÓÐUR BÍLL Á TILBOÐI 390 ÞÚSI!

Ford Focus Wagon árg. '99, ek. 140 þús, sko '16, lítur vel út. Verð 490 þús, tilboð 390 þús. Möguleiki á 100% vísaláni. S. 841 8955

### 500-999 þús.



#### TILBOÐSVERÐ VÍSAÐ Í BOÐI !

MMC Galant gs 2.4 árg. '04. ekinn 97þús m. sjálfskiptur. ný skoðaður '16. ný heilsársdekk. smurbók. góður bíll. ásett verð 1.290þús. Tilboðsverð 890þús. 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



#### SJÁLFSKIPTUR Á TILBOÐSVERÐI!

Mazda 3 árg. '05. ekinn aðeins 136þús km. sjálfskiptur. 5dyra. hiti í sætum. vetrardekk. bíll í góðu ástandi. ásett verð 1.050þús. Tilboðsverð aðeins 790þús. 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



#### TILBOÐSVERÐ AÐEINS 590ÞÚSI!

Renault Megane 1.6 árg. '05. ek aðeins 137þús km. skoðaður '16. beinskíptur. 4dyra. dráttarkrókur. samlæsingar. virkilega heill og góður bíll. ásett verð 890þús. Tilboðsverð 590þús. 100% vísalán í boði. s:659-9696

### Bílar óskast

#### BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚSI.

Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**  
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELÐRI ÁRGERÐ.  
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,- TAKMARKAÐ MAGN.

EL - BIKE.IS  
Bindir & stál ehf.  
Hvaleyrarbraut 39  
220 Hafnarf. S. 864 9265

### Varahlutir



Hágæða gormar í fólksbíla og jeppa.

Stál og Stansar ehf.  
Vagnróði 7 - sími 517 5000


### VAKA



#### FELGUR

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

### Fellihýsi



### Bátar



#### COUPÉ TIL NIMBUS 320 TIL SÖLU

Velútbúinn gæðabátur, árgerð 2004 á góðu verði kr. 15.000.000,- með fylgihlutum. Báturinn stendur á vagni hjá Snarfara í Elliðavogi. Uppl. í s. 6608566.

### Bílaþjónusta



Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsöpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

### Viðgerðir

#### BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR

Getum bætt við okkur nokkrum kúnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

### ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**  
Faglarðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### ÁRATUGA REYNSLA

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningabjónustan Ró ehf. s. 780 3939

### FAGLARÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagningabjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

### Garðyrkja



### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### SKATTFRAMTAL 2015

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 eða 897-1877. FOB Suðurlandsbraut 6. www.fob.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímápanantir. S. 891 8727 Stella.

### fundir / mannfagnaður

## Aðalfundur 2015

Aðalfundur Félags bókaferðarmanna verður haldinn fimmtudaginn 16. apríl kl. 17.00, að Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogsmegin.

Dagskrá:

1. Starfsskýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfsár
2. Reikningar sjóða félagsins
3. Lagabreytingar
4. Stjórnarskipti
5. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
6. Kosning ritstjóra
7. Kosning í fulltrúaráð Sameinaða lífeyrissjóðsins
8. Nefndakosningar
9. Önnur mál

ATH Lögð verður fram tillaga um breytingu á nafni félagsins á fundinum. Tillaga er um nafnið **Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum**. Einnig verður tillaga um fækkun varamanna í stjórn félagsins úr sex í fjóra. Kynning á lagabreytingum ásamt greinargerð verður einnig á vef félagsins, www.fbm, sjó virkum dögum fyrir aðalfund.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.



Reikningar, fundargerðir, tillögur um lagabreytingar og aðrar framkomnar tillögur liggja frammi á skrifstofu FBM frá og með 7. apríl 2015.

Stórhöfða 31, SÍMI 552 8755  
www.fbm.is fbm@fbm.is

### SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun



Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fjót og góð þjónusta  
Sími 893 1733

Jón Jónsson  
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjöldum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Húsviðhald



Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- murviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- gleraskipti
- pípulagnir
- físalagnir
- jarðvinnu
- heilufagnir
- ákkæðningar

Sími 567 6699  
vidhald@vidhald.is  
www.vidhald.is

Tek að mér alla almennar smíðar t.d. Sólpallasmíði, glerjun, uppsetningu á innréttingum, Inni & útihurðir og bílskúrshurðum, Gipsveggjum, Parketlög, Flísalög og fl. Byð upp á raðgreiðslur til allt að 36 mánuði. Margra ára reynsla í byggingariðnaði. Upp. í s. 821 3185



einstefnuskilaboð á neytendur. Og neytendur taka við skilaboðunum og hafa litlar forsendur til að staðfesta hvort skilaboðin séu sönn eða ekki. Neytendur hafa aðeins eina leið til að hafa áhrif á skilaboðin eða hafa áhrif á fyrirtækin sem eru að senda skilaboðin. Það er að kaupa eða kaupa ekki. Það er eina samskiptaleiðin," segir Valgeir.

Samfélagsmiðlarnir gefi fólki tækifæri til þess að fá upplýsingar um vöruna úr fleiri áttum. Ef skilaboðin frá fyrirtækinu sem selur vöruna stangast á við skilaboð frá öðru fólki þá kaupir það ekki vöruna. Þá hafi gagnvirkni á milli neytenda og þeirra sem selja vöruna aukist verulega. „Ég geri ráð fyrir að eiga samtal við fyrirtækið frekar en að fá bara skeyti frá fyrirtækinu," segir Valgeir. Samfélagsmiðlarnir bjóði upp á þetta.

„Neytendur eru miklu kröfuharðari á skilaboð. Þeir sannreyna það sem þú ert að gera og þeir vilja tala við þig. Þeir vilja ekki bara hlusta á þig. Það er eitt hvað sem við tengjum mjög vel við vegna bakgrunns okkar úr útvarpi. Það er eini fjölmiðillinn sem bjó til eitthvað „marketing“ fyrir fyrirtæki með leiki þar sem neytendur tóku þátt. Útvarpið er eini miðillinn úr fortíðinni sem hagaði sér á einhvern hátt eins og samfélagsmiðill," segir Valgeir.

Það er sagt að fáar atvinnugreinar séu eins háðar efnahagslífinu og auglýsingabransinn. Valgeir segir að auglýsingastofurnar hafi vissulega fengið högg í kjölfar efnahagshrunsins þegar fyrirtæki höfðu minni peninga til að verja í auglýsingar.

„Við tókum þá ákvörðun að vera

## SEGIR LÚÐURINN MIKILVÆGAN

ÍMARK, félag íslensks markaðsfólks, í samráði við Samband íslenskra auglýsingastofa veittu Lúðurinn í 29. sinn í mars síðastliðnum. Á vef ÍMARK segir að tilgangur Lúðursins sé að vekja athygli á vel gerðu auglýsingaefni og veita aðstandendum þess verðskuldaða athygli. Valgeir Magnússon segir að verðlaunin hafi margþætta þýðingu fyrir stofurnar. „Í fyrsta lagi hafa þau þá þýðingu að fólk á stofunni setur meiri metnað í hugmyndirnar. Vegna þess að það er leiðinlegt að vera stofan sem stendur uppi eftir hátíðina með engin verðlaun. Bara það er númer eitt," segir Valgeir. Það sé líka jákvætt að kastljósi sé beint á hluti sem vel eru gerðir og það auki virðingu auglýsingabransans í heild sinni. „En svo að sjálfsögðu eru stofur metnar eftir árangri á þessari hátíð," segir Valgeir.

Það sé því mikilvægt fyrir auglýsingastofur að fá mörg verðlaun eða mikilvæg verðlaun. Verðlaunin sem veitt eru fyrir auglýsingaherferð ársins séu miklu mikilvægari en fyrir útvarpsauglýsingu ársins. „Og svo fyrir okkur að vera valin stofa ársins af öllum stærstu auglýsendum ársins þá er það gríðarlegt klapp á bakið og viðurkenning á að við séum greinilega á réttri leið með okkar hugmyndafræði," segir Valgeir. En það þurfi að fara vel með þessa viðurkenningu. Auglýsingastofan sé ekkert betri en síðasta verk sem unnið var.

að sækja allan tímann þrátt fyrir að það væri samdráttur í greininni. Þannig að við erum búin að stækka allan tímann," segir Valgeir. Hann segist sjálfur hafa ákveðið að taka hruninu þannig að það þýddi ekkert að væla heldur þyrfti að einbeita sér að vinnunni fram undan. Þeir hafi hugað betur að því hvernig mætti nýta kraft samfélagsmiðlanna og hvernig væri hægt að gera vinnuna ódýrari. Valgeir segir að efnahagssamdrátturinn hafi gert það að verkum að þróunin í átt að samfélagsmiðlum hafi orðið hraðari.

### Efnahagslífið á uppleið

„Það er önnur atvinnugrein sem mér finnst sveiflast meira með efnahagslífinu og hraðar. Það er bílasala. Ég nota bílasölu mikið til að spá fyrir um efnahagslífið. Þannig að vorið 2008 þá sögðum við upp fullt af fólki af því að ég

sá að bílasala var á leiðinni niður," segir Valgeir. Það hafði verið met-sala árið áður. „Ég er alinn upp í bílaumboði. Ég er alinn upp í Velti sem var Volvo-umboðið. Afi minn átti það og ég veit að árið 1987 er söluhæsta bílaár sögunnar. Árið 2007 er ekki söluhæsta bílaár sögunnar. Það seldust fleiri bílar 1987, samt bjuggu 30 þúsund fleiri á landinu árið 2007. Árið 1988 var líka hrunár og það hrun varði til ársins 1996, eða átta ár," segir Valgeir. Vorið 2008 hafi hann því hugsað að Íslendingar væru staddir á sama stað og árið 1988.

„Ég átti ekki von á því að bankarnir færu allir á hausinn. En ég átti von á því að það yrði mikill samdráttur þetta ár og það kæmi tímabil á eftir sem væri ekki gott og ég þyrfti að undirbúa mig undir það," segir Valgeir. Auk bíla sé rekstur ferðaskrifstofa líka góð vísending um efnahagsástandið.




BJARTSÝNN Valgeir segist búast við því að auglýsingageirinn verði fyrirferðarmikill á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Bílasala er núna á uppleið, ferðaskrifstofur eru núna á uppleið og við getum sagt að efnahagslífið sé þar af leiðandi á leiðinni upp, ef við notum þessa þumalputtareglu. Þannig að ég held að auglýsingageirinn eigi eftir að verða fyrirferðarmikill á næstunni," segir Valgeir.

„Það er önnur atvinnugrein sem mér finnst sveiflast meira með efnahagslífinu, bílasala.

# Gerum við allar Apple vörur



iSíminn  
Skipholti 21



# Ferðast um heiminn með golfkylfur í för

Guðný Helga Herbertsdóttir hefur brátt störf sem deildarstjóri samskiptadeildar Landspítalans. Hún var áður upplýsingafulltrúi Íslandsbanka. Hún nýtir frítíma sinn á skíðum og í golfi.

„Ég er ótrúlega spennt að takast á við þetta,“ segir Guðný Helga Herbertsdóttir, sem hefur verið ráðin deildarstjóri samskiptadeildar Landspítalans. Hún mun hefja störf um miðjan maí. Guðný Helga er upplýsingafulltrúi Íslandsbanka en þar áður var hún fréttamaður á Stöð 2.

„Þetta er þjóðarsjúkrahúsið okkar og skiptir okkur því öll máli,“ segir Guðný Helga þegar hún er spurð að því hvort hún hafi mikinn áhuga á heilbrigðismálum. „Maður hefur auðvitað fylgst vel með því sem er að gerast þar. Ég sá það þó betur í þessu umsóknarferli hvað það eru ótrúlega flottir hlutir unnir þarna,“ segir Guðný Helga. Hún bendir á að Landspítalinn gegni að auki mikilvægu hlutverki sem mennta- og vísindastofnun og þar sé gerður mikill fjöldi rannsókna sem eru birtar í erlendum vísindaritum en Íslendingar heyri ekki mikið um. „Það er einn þáttur sem ég vil breyta,“ segir hún.

Guðný Helga útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands árið 1998 og hóf svo nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Þaðan lá leið hennar til Árósa í Danmörku og hún tók meistaraþróf þar við Viðskiptaháskólann í Árósum. Guðný Helga hefur tvisvar búið í Danmörku og samtals í um það bil þrjú og hálf ár. Hún segist vel geta gert sig skiljanlega á dönsku. „Ég myndi kannski

ekki fara að skrifa bók á dönsku en ég get alveg átt samskipti auðveldlega á dönsku,“ segir hún.

Guðný Helga og Pétur Rúnar Pétursson, sambýlismaður hennar, reka stórt heimili. Þau eiga saman dótturina Emmu Katrínu sem er eins og hálfis árs. Guðný Helga segir að litla stelpan sé í miklu uppáhaldi hjá allri fjölskyldunni og að bræður hennar stjani við hana. Guðný Helga á líka soninn Ása Goða, sem er að verða þrettán ára, og stjúpsynina Jón Alex Pétursson, sem er að verða sextán ára, og Óskar Pétursson, sem er að verða sjö ára.

Fjölskyldan fer saman á skíði í frítíma sínum. „Svo spila ég golf á

sumrin. Mér finnst það alveg ótrúlega skemmtilegt þótt ég sé mjög léleg í því og lítið um náttúrulega hæfileika á þessu sviði. Þetta er líka svo góð samvera með fjölskyldunni minni. Við spilum mikið með foreldrum mínum og ég hef verið í golfhópi með frænkum mínum,“ segir hún.

Guðnýju Helgu finnst líka gaman að elda mat og halda matarboð. „Við gerum svolítið af því,“ segir ún og segist jafnframt reyna að prófa sífellt nýjar uppskriftir. Guðný Helga og Pétur Rúnar reyna líka að nota hvert tækifæri til að ferðast og þá eru golfkylfurnar oft með í för.

johnhakon@frettabladid.is



BIÓ Í DANMÖRKU Guðný Helga lærði í Danmörku og segist tala dönsku ágætlega.

FRETATABLADIÐ/VALLI

## FRÁBÆR KOKKUR OG FAGURKERI



svo skemmtilega á óvart með Guðnýju Helgu er að hún er með hrikalega svartan húmor sem á það til að koma aftan að fólki við fyrstu kynni.

Linda Dröfn Gunnarsdóttir vinkona.

Guðný Helga er algjörlega einstök manneskja. Fyrir mér er hún fyrst og fremst yndisleg og óendanlega dýrmæt vinkona. Guðný er ávallt til staðar fyrir sitt fólk og er fyrst á staðinn ef eitthvað bjátar á. Það virðist líka vera sama hvað hún tekur sér fyrir hendur, hún gerir allt vel. Hún er t.d. frábær kokkur og á svo ótrúlega auðvelt með að gera allt fallett í kringum sig. Það er ekki til í henni hugtakið verkvæði og það er aldrei erfitt að fá hana með í ævintýri. Það sem kemur



Guðný Helga er fyrst og fremst vönduð og stálheiðarleg manneskja og góður félagi. Hún hefur líka mikið jafnaðar-geð sem er mikill kostur í hennar starfi þar sem á ýmsu getur gengið. Svo hefur hún líka góðan húmor sem er ekki síður mikilvægt. Guðný er svo þaulskipulögð að hún gæti á stundum flokkast sem jaðartilfelli. Hún eldar ekki grátt silfur við fólk almennt en er engu að síður beinskeytt og ákveðin ef á þarf að halda. Hún hefur sérlega gott lag á að horfa á jákvæðu hliðarnar í stað þess að dvelja í neikvæðni, þeir sem hafa spilað með henni golf hafa fundið fyrir þessu. Hún er nautnaseggar og talar mikið og hugsar um mat. Hún fór einhvern tímann af stað með fréttaflokk á innra neti bankans sem hét „Hvað er í matinn?“ þar sem starfsmenn áttu að deila uppskriftum og ég held að hún hafi sjálf átt meira en helming af uppskriftunum. Guðný Helga er happafengur fyrir Landspítalann og á örugglega eftir að gera góða hluti fyrir þessa mikilvægustu stofnun þjóðarinnar.

Mór Másson samstarfsmaður hjá Íslandsbanka.



AUGLÝSINGASTOFAN ENNEMM

Rekstur EnnEmm auglýsingastofunnar batnar mikið á milli ára:

## 14 milljóna hagnaður

Hagnaður auglýsingastofunnar EnnEmm nam á síðasta ári 13,97 milljónum króna. Það er töluvert meiri hagnaður en árið á undan þegar hann var 1,2 milljónir króna. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði í fyrra var rétt tæpar 18 milljónir í fyrra en 2,6 milljónir árið á undan. Eignir fyrirtækisins námu um síðustu áramót rétt tæplega 292 milljónum króna og juk-

ust um rúmar níu milljónir á milli ára. Eigið fé nam 44 milljónum íslenskra króna.

EnnEmm auglýsingastofa var stofnuð af þeim Jóni Sæmundssyni og Ármanni Kr. Ólafssyni og hét fyrst Nonni og Manni. Jón á enn rúmlega þriðjungshlut í fyrirtækinu og er framkvæmdastjóri þess. Starfandi stjórnarformaður er Hallur A. Baldursson.

-jhh

BL afhenti 217 bíla í mars. Salan jókst um 34 bíla frá fyrri mánuði:

## Seldu 25 Leaf-bíla

BL afhenti 217 bíla í mars, sem er 34 bílum fleiri en í febrúar. Söluhæsta einstaka merkið var Nissan, með alls 67 bíla, þar af 25 Nissan Leaf. Þetta var í fyrsta sinn sem rafbíll var mest seldur einstaka bílgerðin hjá BL.

„Við sjáum nokkuð skemmtilega dreifingu á Leaf því hún fer vaxandi í öllum markhópum.

Við sjáum að fjölskyldufólk horfir í sífellt auknum mæli til Leaf sem fjölskyldubíls, fleiri og fleiri fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu eru að taka hann í sína þjónustu og bílaleigurnar eru einnig farnar að bjóða Leaf á leigu,“ segir Skúli K. Skúlason, framkvæmdastjóri sölusviðs BL, í tilkynningu.

-jhh

# Byggður á sama grunni og Q7 og Cayenne

Volkswagen Touareg er Íslendingum kunnur og seldist vel fyrir bankahrún. Hljóðlátur lúxusbíll með öflugra vél. Hann hefur fengið andlitslyftingu þótt útlitsbreytingarnar séu ekki miklar.

Volkswagen Touareg er Íslendingum að góðu kunnur og seldist hann vel fyrir hrún. Á síðustu árum hefur hann þó ekki verið rifinn úr sýningarsölunum í eins miklu magni, ekki frekar en margir aðrir dýrir jeppar. Samt hefur hann ávallt verið góður kostur og kostað minna en jeppar lúxusframleiðendanna Audi, BMW og Mercedes Benz. Svo er enn, en fyrir nokkuð minna fé fá kaupendur hans ferlega mikinn bíl. Ekki hefur það versnað með andlitslyftri gerð hans sem nýverið var kynnt í Heklu. Útlitsbreytingarnar eru ekki miklar, en þó eru komnar sterkari og falgri línur á ytra byrðið og stærra grill.

### Tvær öflugar dísilvélar

Hafa verður í huga að Touareg er að miklu leyti sami bíll og Porsche Cayenne, undirvagninn að mestu sá sami og vélin einnig. Það sem setur Cayenne skörinni ofar er enn meiri akstursgeta því smíði hans miðar öll að sportlegum eiginleikum og enn meira er lagt í innréttingu hans. Á þeim munar þó nokkuð miklu í verði og því má mjög auðveldlega réttlæta mismuninn á bílunum. Touareg fæst nú með tveimur útgáfum sömu 3,0 lítra dísilvélar sem skila 204 og 262 hestöflum, en sú aflmeiri skilar nákvæmlega sömu hestaflátölu og í Porsche Cayenne og við hana er tengd sama 8 girra Tiptronic-sjálfskiptingin. Bíllinn er afar sprækur með öflugri vélinni, en aflminni vélarkosturinn veldur þó vonbrigðum í upptaki en togar samt heil ósköp.

### Öflugri vélin betri kostur

Ekki er nokkur ástæða til að velja Touareg með þeirri aflminni þar sem það munar aðeins 480.000 krónur á þessum vélarkostum. Auk þess eyðir sú aflminni engu minna, en þær báðar eru uppgefnar með 7,4 lítra eyðslu, sem er mjög gott og sannaðist í



VW TOUAREG

reynsluakstrinum. Touareg með minni vélinni kostar 9.380.000 krónur en með þeirri stærri 9.860.000 krónur. Eitt það sem vakti hvað mesta athygli reynsluökumans var hversu hljóðlátur bíllinn er og setur hann sig í flokk lúxusbíla hvað það varðar.

### Vel búinn bíll

Annað sem gleður mjög er lagleg innrétting bílsins og þó svo hann eigi talsvert í land með Porsche Cayenne, slær hann hátt í Audi Q7, sem einnig er nokkrum milljónum dýrari bíll. Fjöðrun bílsins vakti líka kátinu, þó svo hann sé á gormafjöðrun, en ekki loftþúðum. Hún er hæfilega stíf en stendur sig samt mjög vel í að eyða út ójöfnum gatslitnum götum borgarinnar nú. Fyrir þá sem þurfa að draga aftanívagn er Touareg kjörinn bíll, en hann er með 3,5 tonna toggetu. Staðalbúnaður bílsins er ári góður og meiri heldur en greinarritari átti von á. Vafalaust eru helstu samkeppnisbílar Touareg jepparnir Toyota Land Cruiser 150 sem fá má á 9.740.000 krónur, en með miklu aflminni vél, og Land Rover Discovery sem fæst frá 10.990.000 krónur.


finnurth@365.is





# #blarapril

Lífið er blátt á mismunandi hátt



Blár apríl er árlegt vitundaráttak Styrktarfélags barna með einhverfu og er föstudagurinn 10. apríl að þessu sinni tileinkaður áttakinu. Við hvetjum þig til að finna blátt í þínu umhverfi, smella af mynd og deila með okkur á Facebook og Instagram, merkt **#blarapril**.

Blár er alþjóðlegur litur einhverfu. Rétt eins og blæbrigði bláa litarins eru birtingarmyndir einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað á rófinu með öllum þeim áskorunum sem einhverfu fylgja.



Styrktarfélag  
barna með einhverfu

☎ 902 10 10



Ekkert réttlætir tolla á innflutning til að vernda nokkur fyrirtæki.

## Gjafir okkar til þeirra

Það er með ólíkindum að Íslendingar hafi ekki tekið fleiri framfaraskref við afnám tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir því þeir valda neytendum og þar með öllum almenningi gríðarlegu tjóni á hverju ári.

Fyrirtæki sem krefjast verndartolla gagnvart erlendri samkeppni reyna alltaf að setja fram einhverja réttlætningu fyrir



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@stod2.is

Í grunninn eru frjáls viðskipti með landbúnaðarafurðir best til þess fallin að tryggja framboð af matvælum.

læti tilviljanakenndar.

Fæðuöryggisrökin eru sprottin úr þessum jarðvegi. Þannig er reynt að telja almenningi trú um að það sé í þágu þjóðarinnar allrar að vernda nokkra innlenda kjötframleiðendur, svo dæmi sé tekið, til þess að tryggja nægilegt framboð af þessum afurðum hér á landi ef í harðbakkann slær hjá erlendum framleiðendum. Í grunninn þá eru frjáls viðskipti með landbúnaðarafurðir best til þess fallin að tryggja framboð af matvælum á viðráðanlegu verði. Og fæðuöryggið eykst í reynd við afnám tolla því innlendir framleiðendur auka hagkvæmni sína og samkeppnishæfni þegar þeir mæta erlendri samkeppni.

Tollar gera fyrirtækjum, sem starfa í skjóli þeirra, kleift að hækka verð og auka hagnað sinn og þeir vernda óhagkvæman iðnað sem hefur glatað samkeppnishæfni sinni.

Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, segir í bók sinni *The Price of Inequality* að tollar til að vernda innlenda framleiðslu

séu í raun „gjafir almennings“ til innlendra framleiðenda. Óeðlileg tilfærsla verðmæta frá almenningi til þessara fáu framleiðenda felst í mismuninum á því verði sem almenningur greiðir vegna tollanna og því verði sem væri greitt ef innflutningur væri frjálss. Það er gjaldið sem við greiðum. Þannig er almenningur látinn bera kostnaðinn af því að vernda nokkur innlend fyrirtæki. Það er í raun með ólíkindum að þetta sé staðreynd á árinu 2015.

Ekki verður séð að tollar á innflutt kjöt, eins og svínakjöt og kjúkling, séu annað en eiginlegar gjafir almennings til fárra fyrirtækja sem eru ráðandi í þessari framleiðslu á Íslandi. Þannig er allri þjóðinni haldið læstri inni í tollum svo nokkrir framleiðendur geti haldið áfram rekstri. Það sjá allir óréttlætið sem í þessu felst.

Í nýju mati Viðskiptaráðs Íslands á áhrifum tolla á matvæli, sem kom út í gær, kemur fram að afnám tolla á matvæli myndi spara meðalfjölskyldunni 76 þúsund krónur í matarútgjöld á ári. Þetta jafngildir 10 milljarða króna árlegum sparnaði fyrir íslenska neytendur en um 40 prósent matarútgjalda heimila má rekja til vörutegunda þar sem tollvernd er við lýði.

Þá bendir Viðskiptaráð á að eini geirinn innan landbúnaðarins sem skili jákvæðri rekstarafkomu að teknu til liti til framleiðslustyrkja sé garðyrkja.

Við síðustu aldamót voru tollar á grænmeti felldir niður og styrkjafyrirkomulagi greinarinnar breytt. Eftir breytingarnar lækkaði útsöluverð á grænmeti um allt að 45 prósent. Þrátt fyrir umtalsverðar verðlækkanir á grænmeti í kjölfar breytinganna hefur grænmetisframleiðsla á Íslandi staðið þær af sér og gott betur. Af hverju ætti ekki nákvæmlega sama lögmál að gilda um aðrar landbúnaðarafurðir, eins og kjöt?

Greining Viðskiptaráðs ætti að vera fódur fyrir hugrakka stjórnmalamenn til að ráðast loksins í róttækar breytingar á tollalöggjöfinni almenningi til hagsbóta.

Því við töpum öll á tollunum.

## Fórnarlamba helfararinnar minnst



**HOLLANDE Í IZIEU** François Hollande, forseti Frakklands, flutti ræðu við minningarathöfn á munaðarleysingjahælinu í Izleu á mánudaginn. Hann minntist barna af gyðingættum sem dvöldu þar í seinni heimsstyrjöldinni. Þann 6. apríl 1944 komu hersveitir Gestapo á munaðarleysingjahælið og námu 44 börn á brott og sjö fullorðna sem gættu þeirra. Börnin voru send í útrýmingarbúðirnar í Auschwitz þar sem þau voru tekin af lífi.

## Virði skapandi iðnaðar



**Skoðun**  
Kristín A. Atladóttir  
eigandi Doxa

Undir lok síðustu aldar fóru línur að skýrast varðandi áhrif stafrænnar tækni og víðtækrar dreifingar breiðbands og nettengingar á samfélög heims. Fræðimenn sem og forsvarsmenn stjórnvalda og atvinnulífs víða um heim tóku að leggja drög að stefnumótun og áætlanagerð sem auka myndi hagrænan ávinning og samfélagslegar nýttir af hinu nýja skipulagi, þess er kallast skapandi hagkerfi. Þegar vísbendingar gáfu til kynna að geirinn skapaði meiri tekjur, og átti að öllum líkindum stærri hlut í þjóðarframleiðslu en áður var talið, skapadist óhjákvæmilega mikil umræða um hagræn áhrif hans. Nýverið hafa menn þó beint sjónum sínum að öðrum, og fleiri, tegundum virðis sem skapandi iðnaður gefur af sér.

Hugtakið skapandi hagkerfi er í þróun en ljóst er að það hvílir á skapandi eiginleikum sem uppsprettu hagvaxtar og þróunar. Það stuðlar að sköpun nýrra tekna, nýrra starfa og tekna af útflutningi jafnhliða því að ýta undir félagslega aðild (e. social inclusion), menningarlega fjölbreytni og þróun lífshjálra. Það nær til hagrænna, menningarlegra og félagslegra þátta sem spila saman við markmið tækni-, hugverka- og ferðaþjónustugeirans og er þáttur í þekkingarþéttbærum (e. knowledge intensive) hagrænum og þróunartengdum framkvæmdum sem mynda þvertengsl á öllum stigum hins almenna hagkerfis.

Í hjarta hins skapandi hagkerfis er skapandi iðnaður. Oftast skilgreindur sem „sá iðnaður sem sprettur af sköpunarhæfni, verkunnáttu og hæfileikum einstaklinga og felur í sér möguleika á sköpun starfa og auðs með framleiðslu og hagnýtingu hugverkaleigna“ (sem sköpunarverkin veita tilkall til).

Þegar umræða um hinn skapandi iðnað hófst hér á landi var ákveðið að þýða ekki hið alþjóðlega heiti heldur kalla geirann „skapandi geirinn“.

Hugtakið, eða safnheitið, skapandi iðnaður undirstrikar að eiginleikar, sem og tæknilegar og hagrænar forsendur geirans, byggja að hluta á „iðnvæðingu“ hans, þ.e.a.s. fjöldaframleiðslu, rafrænum eftirgerðarmöguleikum sem og stafrænni miðlun á skapandi efni í viðskiptalegum tilgangi. Að um sé að ræða iðnað, þótt um prótótýpur og hið einstaka, jafnvel tímabundna, sé einnig að ræða því hér mætist hinn skapandi geiri og iðnaður á nýjum forsendum.

Þó að hugtakið nái yfir menningu og listir er ekki um að ræða allsherjar markaðsvæðingu þess geira. Gert er ráð fyrir áframhaldandi aðkomu hins opinbera við þá lista- og menningageira sem búa við markaðsbrestir og áhersla lögð á mikilvægi þess að styðja við frumsköpun í listum og fjárhagslega ósjálfbæra menningu. Þar er kjarnastarfsemi hins skapandi iðnaðar, þar sem fræjum er sáð og sprotarnir vaxa.

### Heildrænt mat

Sköpunarhæfni einstaklinga er mikilvægur eiginleiki og telst eftirsótt gæði í fyrirtækjum og stofnunum samfélagsins. Talið er

að veigamestu áhrif hins skapandi hagkerfis séu því ekki eingöngu í skapandi iðnaði, heldur á starfsþekkingu og viðskiptahætti sem skapa aukið virði víðar í hagkerfinu. Viðskiptalífið tileinkar sér í auknum mæli aðferðir sem taldar eru einkennandi fyrir skapandi einstaklinga; nýtingu hugarflugs og sköpunarhæfni; stjórnun hugverka- og hugmyndaauðs; ný hvatakerfi sem miða í auknum mæli að sjálfshvötum í stað fjárhagslegra hvata, til að mynda aukið sjálfræði og frumkvæði sem og viðurkenningar sem bæta sjálfsmýnd og þátttökuvilja starfsmanna.

Afurðir hins skapandi hagkerfis framkalla nokkrar tegundir virðis; hagrænt og félagslegt virði, menningarvirði og umhverfisvirði. Þegar fjallað er um virði menningar í hagrænum skilningi hafa fræðimenn gjarnan lýst tveimur áhrifaþáttum. Að annars vegar sé um að ræða áhrif sem menning leggur til annarra sviða opinberrar stefnumótunar (t.d. til hagvaxtar, heilsu og menntunar) og svo aftur þar sem áhrifin eru tengd persónulegum ávinningi t.d. í formi aukinnar vellíðunar eða andlegrar næringar.

Þannig felst hið hagræna virði í eflingu efnislegrar og óefnislegrar velsældar og hið félagslega í ávinningi af félagslegri samkennd og stöðugleika. Umhverfisvirðið tengist náttúrulegum auðlindum og vistkerfum og loks er menningarvirðið falið í innra virði og mótandi áhrifum af list og menningu sem hefur áhrif á einstaklingsbundinn og samfélagslegan þroska.

Það er því tímabært að beina augum að öllum þeim tegundum virðis sem hinn skapandi iðnaður, listir og menning, framkalla og meta það heildrænt.

## Ertu alltaf að reyna eitthvað?

### Hin hliðin

Martha Árnadóttir  
framkvæmdastjóri Dokkunnar



Þáttvinkona mín er engum lík eins og ég hef áður lýst í bloggminu, en Þáttv er aðstoðarbloggarinn minn og mentor í lífinu. Síðast þegar við töludum saman spurði hún mig hvað væri framundan hjá mér og ég sagði bara eitthvað á þennan veg: „Bara same old, same old...“ Þáttv horfði á mig og úr augum hennar skein „same old – hvur andskotinn er það?“

Hvur andskotinn er „same old“?

Já, hvað er þetta „same old“ – hvað var ég að meina? Jú, ég fer í vinnuna, hjóla, fer í ræktina og geri svo eitthvað skemmtilegt. Þáttv horfði á mig og sagði: „Sýndu mér æfingaplanið þitt.“ „Ha, æfingaplanið? Ég þarf ekkert æfingaplan, ég reyni bara að hreyfa mig eitthvað á hverjum degi,“ sagði ég.

### Hvað er reyna og eitthvað?

Ég sá að Þáttv varð svört í framan, hún leit á mig og sagði: „Reynir að hreyfa þig eitthvað á hverjum degi, hvað er þetta reynir og eitthvað? Ertu kannski enn þá að reyna

að losna við sömu fimm kílóin og fyrir fimm árum, enn þá að reyna að lyfta fimm kílóa lóðunum upp fyrir hausinn á þér, enn þá að reyna að skokka fimm kílómetra án þess að stoppa, alltaf að reyna og reyna... eitthvað?“

Ég stórmóðgædist og spurði hvernig hún gæti talað svona við mig, bestu vinkonu sína? Þáttv varð rasandi hissa og spurði: „Svona hvernig?“ Einmitt, það vantar alla filtera í Þáttv og tæpitunguna líka.

### Galdrarnir eru í planinu

Þáttv ýtti þarna á vonda takka og

eins og svo oft áður vissi ég innst inni að hún hafði rétt fyrir sér, það þýðir ekkert að vera alltaf að reyna eitthvað, reyna að hreyfa sig eitthvað á hverjum degi, hvað er það?

Ég veit í hjarta mínu svo vel að ef ég vil að eitthvað verði að veruleika í lífi mínu verð ég að vita nákvæmlega hvað það er og að stilla upp plani. Í planinu liggja galdrarnir. Þegar það er klárt er leiðin hálfnuð, eiginlega áður en ég geri nokkurn skapaða hlut annan. Að reyna og eitthvað er að verða værdinni að bráð – og akkúrat þannig týnisti tíminn!





# GAME OF THRONES

ÍSLAND · BANDARÍKIN

13.04.15



Undirbúðu þig fyrir átökin með fyrstu fjóru þáttaröðunum á Stöð 2 Maraþon.  
Tryggðu þér áskrift á [365.is](http://365.is) eða í síma 1817.

Stöð 2 er hluti af **365**

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.





## 2.300 SKRÁÐIR

### Tæplega helmingi fleiri bílar

Samtals voru skráðar 977 nýjar fólksbifreiðar í mars og 1.112 bifreiðar samtals í mánuðinum samkvæmt samantekt Samgöngustofu. Þetta er dágóð aukning frá fyrra ári og hlutfallsaukning nýskráninga fólksbifreiða er 82% og 78% í heildina. Það sem af er ári hafa tæplega 2.300 fólksbifreiðar verið skráðar á götuna, sem er 45% aukning frá fyrstu þremur mánuðum ársins 2014.



**01.04.2015** Peningamagn er í rauninni innistæður í bönkum sem fólk á. Þetta felur í sér að það er verið að færa allar veltiinnistæður yfir til Seðlabankans. Þá í rauninni fer greiðsluþjónustan frá bönkunum. Það væri þá í rauninni óþarfi fyrir bankana að vera með útibúanet eða heimabanka og svo framvegis, af því að Seðlabankinn er kominn með þessar færslur. Ekki nema Seðlabankinn myndi semja þá sérstaklega við bankana um þetta og greiða þeim sérstaklega fyrir þetta.

Ásgeir Jónsson hagfræðingur.

## 350 MILLJARÐAR

### Mikilvægt að hafa rúman forða

Erlendar innistæður ríkisins í Seðlabanka Íslands námu 350 milljörðum um síðustu áramót. Í ritinu Stefna í lánamálum ríkisins kemur fram að innistæðurnar séu hluti af gjald-eyrissvaraforða Seðlabankans. Stærð gjald-eyrissvaraforðans hefur verið talin nauðsynleg í ljósi þeirrar áhættu sem aflétting gjald-eyrishafa gæti haft í för með sér. Verði stigin árangursrík skref í átt að afnámi hafta á næstu misserum skapast tækifæri til að minnka þann forða.

## STJÓRNAR- MAÐURINN

### Ljótt ef satt er

Stjórnarmaðurinn reynir að láta ekki fréttir eða aðra tímaþjófa spilla heimilisfriðinum á stór-hátíðum.

**ÞESSA** páskana var þó tvennt sem kom róti á hugann.

**FYRRA** atriðið var sú niðurstaða Hæstaréttar að kalla ekki til vitnaleiðslu héraðsdómara í Aurum-málinu, en sá dómari hélt því fram að sérstakur saksóknari hefði logið til um að hafa ekki vitað um tengsl Sverris og Ólafs Ólafssonar við málflutning í málinu. Sverrir var meðdómmandi í Aurum-málinu, en Ólafur bróðir hans hlaut dóm í Al Thani-málinu.

**SAKBORNINGAR** í Aurum-málinu voru, eins og kunnugt er, sýknaðir í héraði en sérstakur hefur nú gert kröfu um að málinu verði vísað aftur heim þar sem Sverrir hafi verið vanhæfur vegna tengsla við Ólaf bróður sinn.

**HÉRAÐSDÓMARINN** í málinu segir þetta hins vegar ótæka kröfu þar sem sérstakur hafi sjálfur greint sér frá tengslum Ólafs og Sverris í símtali áður en málarekstur hófst, og ekki gert athugasemd við skipan Sverris.

**STJÓRNARMAÐURINN** vonar að Hæstiréttur meti sem svo að nægar upplýsingar liggja fyrir í skriflegum gögnum málsins til að kveða upp úr um hvort sérstakur hafi sagt ósatt opinberlega um þetta atriði.

**HVERNIG** mætti það annars vera að ekki skipti máli að leiða í ljós hvort handhafi ákærvalds telji sér heimilt að beita fyrir sig lygum sætti hann sig ekki við niðurstöðu dómsmála?

**SÍÐARA** atriðið var grein Ingibjargar Kristjánsdóttur, eigin konu Ólafs Ólafssonar, í Fréttablaðinu, en þar heldur hún því fram að sakfelling eiginmanns hennar hafi a.m.k. að hluta byggst á hljóðrituðu símtali við „Óla“ nokkurn. Hæstiréttur hafi í dómi sínum talið að þarna færi Ólafur sjálfur, en í raun hafi verið um annan „Óla“ að ræða – sérfræðing í kauphallarviðskiptum.

**STJÓRNARMAÐURINN** ætlar ekki að kveða upp dóm í Al Thani-málinu. Það er búið og gert. Hann hefur hins vegar áður velt vöngum yfir því á þessum vettvangi hvers vegna sjeikinn sjálfur var aldrei ákærður í málinu eða fullnægjandi tilraunir gerðar til að ná af honum tali.

**ÞAU** atriði sem hér hafa verið talin upp; ósannsóglí saksóknarans, möguleg mannavilla Hæstaréttar og skortur á vitleitni við að upplýsa mál, gætu hins vegar verið nótur í sama stefni. Stefi þar sem menn telja tilganginn helga meðalið, og mikilvægara að ná fram friðþægingu en að vanda til verka.

**STJÓRNARMAÐURINN** vonar svo sannarlega að sú sé ekki raunin, enda sjálft réttarríkið undir.

FRÁ SÖMU LEIKSTJÓRUM OG FÆRÐU OKKUR INTOUCHABLES



OMAR SY

CHARLOTTE GAINSBURG

# SAMBA

MEÐ HINUM MAGNAÐA OMAR SY ÚR INTOUCHABLES

KOMIN Í BÍÓ

græna ljósið  
-betra bíó





Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)

**Önnur þjónusta**

Tek að mér ýmis smærri verkefni. S. 847 8704 & [manning@hotmail.com](mailto:manning@hotmail.com)

**KEYPT & SELT**

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is  
s. 552-4910.

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! [www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opíð mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**

**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnasklæðning, panill, pallaefti, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarólía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

**Verslun**



**RÓMANTÍKIN BLÓMSTRAR**  
Unaðslegu 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta fæst hjá okkur á [www.hush.is](http://www.hush.is) Sendum um allt land. Netgíró, greiðslukort, millifærsla.

**HEILSA**

**Nudd**

**PÁSKATILBOÐ 20% AFSL. Á TANTRA NUDDI**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þór, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 [www.tantra-temple.com](http://www.tantra-temple.com)

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**

Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

[leiga@leiguherbergi.is](mailto:leiga@leiguherbergi.is)

**Geymsluhúsnæði**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Ög ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m<sup>2</sup>. Nýtt, upphitað og vaktað. S. 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningur. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S. 4143000.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**

**OLÍUDREIFING EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í AFLEYSINGAR.**

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta í Reykjavík. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Akureyri. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.

Vana bílstjóra með CE meirapróf staðsetta á Reyðarfirði. Um fjölbreytt starf er að ræða við olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Umsóknir sendist á [odr@odr.is](mailto:odr@odr.is).

Oliudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störf standa báðum kynjum jafnt til boða. Nánari upplýsingar um Oliudreifingu ehf. má nálgast á [www.oliudreifing.is](http://www.oliudreifing.is)

Óskum eftir konu á aldrinum 35-50 ára (Ráðskonu) til að sjá um heimili og tvö börn á aldrinum 6 mánaða og 5 ára, vinnan byrjar 1 júní og stendur til 1 september 2015, erum á Drangsnesi skammt frá Hólmavík, allar nánari upplýsingar veitum við í síma 662-6080 (Hermann)



**BAKARÍÐ HJÁ JÓA FEL. FRAMTÍÐARSTÖRF**

Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf í afgreiðslu virka daga sem getur byrjað strax. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Vinsamlega hafið samband Linda 863-7579 eða [linda@joifel.is](mailto:linda@joifel.is)

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**  
Vaktstjóri óskast í bakarí, með reynslu af smurbrauðs og súpugerð. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 25 ára. Framtíðarstarf. Uppl. sendist á: [sveinsbakari@sveinsbakari.is](mailto:sveinsbakari@sveinsbakari.is)

**TILKYNNINGAR**

**Fundir**

Aðalfundur Alanó klúbbsins verður haldinn þriðjudaginn 14. apríl kl. 20 í félagsaðstöðu klúbbsins að Héðinsgötu 1-3. Dagskrá aðalfundar: 1. Skýrsla stjórnar 2. Reikningar félagsins 3. Umræður um skýrslu og reikninga 4. Kjör í laus störf stjórnar 5. Breytingar á lögum 6. Önnur mál Vonumst til að sjá sem flesta! Athugið að einungis félagsmenn hafa atkvæðisrétt á fundinum en allir eru velkomnir og við hvetjum sem flesta að mæta á fundinn.

**Einkamáll**

**Rauða Torgið**  
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt frítt í s. 555-4321  
Karlur auglýsa frítt, 535-9922  
**Heitar kynslóður**  
905-2002 • 535-9930  
**Símadómur • Live spjall**  
908-6000 • 535-9999

**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**  
gjofsemgefur.is  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar

**GEFÐU VATN**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf kirkjunnar

**ÚTBOÐ**

**15856 Gjögurflugvöllur Endurbætur flugbrautar 2015**

Verkið felst í að fjarlægja núverandi slitlag, rétta af þversnið, leggja burðarlag og tvöfalda klæðingu á flugbraut, akbraut og snúningsplön við enda flugbrautar, samtals um 25.000 m<sup>2</sup> á flugvellinum að Gjögri. Einnig að leggja styrktarlag í fluglað og snúningshausa og sem afréttingarlag á flugbraut og malarslitlag á öryggissvæði við enda flugbrautar. Verkaupi leggur til steinefni í styrktarlag, burðarlag, klæðingu og malarslitlag.

Leggja skal allar lagnir, vegna ídráttarrörakerfis fyrir flugbrautarlýsingu. Helstu hlutar þess eru röralagnir í skurðum meðfram flugbrautum, flughlöðum að flugstöð. Í því felst m.a. skurðgröftur, ídráttarbrunnar, undirstöður ljósa (kollur) og annað tengt því.

**Helstu verkþættir og magnþölur:**

Klæðing	25.000 m <sup>2</sup>
Malarslitlag	1.850 m <sup>2</sup>
Burðarlag	4.300 m <sup>3</sup>
Styrktarlag	2.700 m <sup>3</sup>
Skering	27.000 m <sup>2</sup>
Undirstöður ljósa	75 stk
Götugreiniskápar	2 stk
Hlíðarrör 50mm	4700 m
Hlíðarrör 75mm	80 m
Hlíðarrör 110 mm	3750 m
Jarðvör, 25mm <sup>2</sup> cu	950 m
Skurðir	3850 m

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa, [www.ríkiskaupa.is](http://www.ríkiskaupa.is) miðvikudaginn 8. apríl 2015. Tilboð verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska 21. apríl 2014 kl. 15:00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.ríkiskaupa.is](http://www.ríkiskaupa.is)

**RÍKISKAUP**

**fasteignir**

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

**VALFELL**  
FASTEIGNAMIDLUN OG RÁÐGJÖF

**Tækifæri fyrir fjárfesta**

**Bárugata Akranesi.** Tæplega 400 fm hús. Húsið hefur verið í stöðugri herbergjaleigu undanfarnin ár og er í góðum rekstri. Í húsinu eru 9 herbergi og stúdíóíbúð. Að auki er búíð að innrétta 2ja herbergja íbúð í bílskúr. Stöðugar góðar leigutekjur. **Ásett verð 39. millj.** Ekkert áhvilandi. Allar nánari uppl. veittar á skrifstofu, Hákon sími 898-9396

**atvinna**

**SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**  
ERUM MEÐ VANA SMÍÐI, VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.  
**HANDAFL EHF S. 777 2 333**

**Tjarnarból 4**  
170 Seltjarnarnes  
Tvennar svalir og fallett útsýni

Stærð: 124 fm  
Fjöldi herbergja: 6  
Byggingarár: 1972  
Fasteignamat: 32.850.000.

**RE/MAX Alpha**

Opíð Hús

Fimmtudaginn 9 apríl kl 17.30-18.00 Verð: 36.900.000

RE/MAX Alpha kynnir: Íbúð á efstu hæð með stórbrotnu útsýni. Íbúðin er fljótlega laus til afhendingar. Þrjú svefnherbergi og nýlega uppgert baðherbergi. Tvískipt stofa með tvennum svölum. Úr stofu eru rúmgóðar svalir til suð-austur og útsýni til sjávar og fjalla. Úr borðstofu eru svalir til norð-austurs og útsýni yfir Esjuna. Eldhús með búrni. Í andryi er mjög gott skápláss. Upplýsingar veitir Davíð Ólafsson lög.fast. í síma 897 1533 eða [david@remax.is](mailto:david@remax.is)

Davíð Ólafsson  
Lögg. fasteignasali  
897 1533  
[david@remax.is](mailto:david@remax.is)





Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR EBENESERSDÓTTIR**  
frá Foflafæti í Súðavíkurbætti,

sem lést að Hjúkrunarheimilinu Skjólí þann 4. apríl, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju þann 13. apríl nk. klukkan 13.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAFSTEINN ÞORVALDSSON**  
Engjavegi 28, Selfossi,  
fyrirverandi framkvæmdastjóri  
Sjúkrahúss Suðurlands,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 26. mars sl. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 10. apríl kl. 13.30.

Þorvaldur Guðmundsson  
Ragnheiður Hafsteinsdóttir  
Þráinn Hafsteinnsson  
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir  
Vésteinn Hafsteinnsson

Hjördís Leósdóttir  
Birgir Guðmundsson  
Þórdís Lilja Gísladóttir  
Ólafur Óskar Óskarsson  
Anna Hafsteinnsson Östenberg  
afabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT UNNUR JÓHANNSDÓTTIR**  
Hörgshlíð 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 31. mars sl. Jarðsöngið verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. apríl kl. 15.00.

Stefanía Björg Þorsteinsdóttir  
Guðrún Þorsteinsdóttir  
Kristján Andri Kristjánsson  
Daði Þorsteinn Sveinbjörnsson  
Inga Margrét Sveinbjörnsdóttir  
Jóhann Michael Franks  
Kristján Sindri Kristjánsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**EBBA INGIBJÖRG E. URBANCIC**  
kennari,  
Goðheimum 8, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 31. mars á Landakotsspítala, verður jarðsöngin frá Kristskirkju, Landakoti, föstudaginn 10. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hjartavernd.

Þéttur Urbancic

Ásta Melitta Urbancic  
Viktor Jóhannes Urbancic  
Anna María Urbancic  
Linda Katrín Urbancic  
Elisabet Sigríður Urbancic Lose  
Tómas Óskar Guðjónsson  
Gunnhildur Úlfarsdóttir  
Finnur Árnason  
Gísli Guðni Hall  
Kjeld Lose  
Árni Gréttar, Pétur Marteinn, Ebba Katrín, Jóhannes Bjarki, Marteinn Pétur, Sigrún Ebba, Oliver Páll, Tómas Ingi, Viktor Pétur, Guðjón Páll, William Ari og Christian Mar.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HJALTI JÓNASSON**  
fyrirverandi skólustjóri,  
til heimilis að dvalarheimilinu Hrafnistu,

lést sunnudaginn 5. apríl.

Þorgeir Hjaltason  
Svanfríður Hjaltadóttir  
Þórgunnur Hjaltadóttir  
Guðmundur Hjaltason  
Þorsteinn Hjaltason  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞORSTEINA SIGURÐARDÓTTIR**  
Hrafnistu, Reykjavík,  
áður Njörvasundi 6, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík, föstudaginn 27. mars. Hún verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju mánudaginn 13. apríl kl. 15.00.

Hafliði Benediktsson  
Helga Benediktsdóttir  
Ingibjörg Benediktsdóttir  
Erna Benediktsdóttir  
Birna Benediktsdóttir

Ingibjörg Skarphéðinsdóttir  
Jónas R. Jónsson  
Haukur Hauksson  
Steindór Gunnarsson  
Daníel Guðbrandsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HERDÍS JÓNASDÓTTIR**  
Vestursíðu 9, Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Lögmanshlíð mánudaginn 30. mars. Útförin fer fram frá Höfðakapellu föstudaginn 10. apríl kl. 13.30.

Jónas Hallgrímsson  
Vilhjálmur Hallgrímsson  
Elinór Hallgrímsson  
Katrín Hallgrímsdóttir

Anna Þorgíldsdóttir  
Arnfríður Jónasdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**SIGRÍÐAR KJARTANSDÓTTUR**  
(STELLU)  
Hlíðarhúsum 3, Reykjavík.

Fjölskyldan þakkar öllu því góða fólki sem annaðist Stellu í veikindum hennar.

Garðar Sveinbjarnarson  
Kjartan Garðarsson  
Guðbjörg Garðarsdóttir  
Anna Birna Garðarsdóttir  
Guðrún Þóra Garðarsdóttir  
Sigríður Garðarsdóttir  
Antonía Guðjónsdóttir  
Stefán Laxdal Aðalsteinnsson  
Jón Ingvar Sveinbjörnsson  
Sigurjón Ársælsson  
Stefán Þór Pálsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri

**KRISTJÁN SIGURÐSSON**  
Flatahrauni 16a,  
Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 24. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð. Sérstakar þakkir til starfsfólks á A6 lungnadeild fyrir einstaka hlýju og umönnun.

Áslaug Kristjánsdóttir  
Fanney Þóra Kristjánsdóttir  
Birgir Hauksson  
Björg Hauksdóttir  
Ágúst Þór Hauksson  
Þórdís Hauksdóttir  
Engilbert Hauksson  
Sigríður Sigurðardóttir

Svanlaug R. Þórðardóttir  
Árni Geir Snæþórsson  
Nataliya Shavlay  
Karl Grétarsson  
Björg Hafsteinsdóttir  
Ásta Lilja Ásgeirsdóttir  
Gunnar H. Pálsson  
og barnabörn.



Elsku móðir okkar og tengdamóðir,

**MÁLFRÍÐUR ANNA**  
**GUÐMUNDSDÓTTIR**  
kennari,  
Barmahlíð 39,

er látin. Útför hennar fer fram frá Háteigs-kirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 15.00.

Ingunn Sæmundsdóttir  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir  
Guðrún Sæmundsdóttir

Elías Gunnarsson  
Eiríkur Sigurðsson




Okkar ástkæri

**GÍSLI ÍSVELD GUÐMUNDSSON**  
húsgagnasmiður,  
Viðivöllum við Elliðavatn,

sem lést mánudaginn 23. mars, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 9. apríl, kl. 13.00.

Ólafía Ólafsdóttir  
Ólafur Kristinn Guðmundsson  
Björn Ingi Guðmundsson  
Sigurður Vignir Guðmundsson  
Guðmundur Viðir Guðmundsson  
Guðlaug Pétursdóttir  
Pétur Guðjónsson  
Gísli Finnsson  
Elísa Finnsdóttir  
og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR KRISTÓFERSSON**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 4. apríl sl. Útförin verður auglýst síðar.

Margrét Hauksdóttir  
Guðrún H. Hauksdóttir

Bragi Kr. Guðmundsson  
Jóhannes Bj. Jóhannesson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HLÍF VALDIMARSDÓTTIR**  
Laugalæk 1, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 29. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 10. apríl kl. 11.00. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á Hrafnistu fyrir hlýju og umhyggju í veikindum hennar.

Helga Valgeirsdóttir  
Sigrún H. Gunnarsdóttir  
Rósa M. Gunnarsdóttir  
Valdimar Gunnarsson

Bergur Reynisson

Guðrún H. Björgólfssdóttir  
og barnabörn.



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÓLFUR V. ÓLAFSSON**  
Lindargötu 66, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Áskirkju í dag, miðvikudaginn 8. apríl, kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á líknarstofnanir.

Sigríður S. Egilsdóttir  
Ólafur G. Þórólfsson  
Ragnheiður Þórólfssdóttir  
Margrét A. Þórólfssdóttir  
Sigurður R. Blomsterberg  
Davíð Bjarnason  
Alda Aðalsteinsdóttir  
Þorvaldur Jensson  
Hörður Magnússon  
Ólöf Þ. Ólafsdóttir  
Unnur Karlsdóttir  
afabörn og langafabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, afi, langafi og langalangafi,

**JÓN VILHJÁLMSON**  
málaramestari,

lést laugardaginn 4. apríl.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Guðrún Jóna Þorbjörnsdóttir  
Erla Þorbjörg  
Vilhjálmur  
María Rós  
Jóhannes Oddur

Kristmundur  
Kristín Sigurfljóð  
Karl Georg  
Guðrún Lína



Ástkær faðir minn, sonur, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**BENJAMÍN VILHELMSSON**

varð bráðkvaddur í Hong Kong þann 18. mars sl. Útförin fer fram föstudaginn 10. apríl frá Kópavogskirkju kl. 15.00.

Guðbjörg Benjamínsdóttir  
Hekla Bjarkey Magnadóttir  
Guðbjörg Benjamínsdóttir  
Agnes Vilhelmsdóttir  
Kolbrún Vilhelmsdóttir

Guðmundur Magni Helgason  
Kristófer Breki Magnason  
Einar Þorvarðarson  
Ólafur Skúli Guðmundsson



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.





25%

**Ecover hreinlætisvörur**

Frábær leið í átt að umhverfisvænum lífsstíl. Dessar vörur henta sérstaklega vel fyrir sumarbústaðinn.

KAUPAUKI

Dú færð Ecover uppþvottalög, 100 ml, í kaupbæti ef þú kaupir tvær eða fleiri Ecover vörur.



TILBOÐ! 990 KR.

**Baggu pokar**

Baggu fjölnota innkaupapokarnir, verð aðeins 990 kr.

**SUMARGJÖF!**

Ef þú verslar í Heilsuhúsinu fyrir 15.000 kr eða meira færðu Baggu innkaupapoka gefins.

VOR Í LOFTI!  
FRÍSKANDI  
TILBOÐ

TILBOÐIN GILDA 7. - 21. APRÍL



NOTUM HEILNÆMAR HÁGÆÐAVÖRUR Í ELDAMENNSKUNA!  
SÓSUR, PESTÓ, OLÍUR, KRYDD OG MARGT FLEIRA!

20%



**BioZentrale vörur**  
Einstakar hágæðavörur.

20%



**Biona vörur**  
Dásamlegar lífrænar vörur fyrir alla eldamennsku.

20%



**Sonnentor krydd**  
Lífræn krydd og kryddblöndur sem smakkast margfalt betur. Og ilmurinn...



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



**Heilsuhúsið**


1979



## Veðurspá

Miðvikudagur

**Áframhaldandi suðvestanátt í dag**, vindur yfirleitt á bilinu 8-15 m/s. Búast má við éljum víða um land, einkum um landið vestanvert, en í kvöld dregur bæði úr vindi og ofankomu. Fremur svalt verður í veðri, hiti yfirleitt 0 til 5 stig, en heldur hlýrra austan til á landinu yfir hádaginn.



## Fimmtudagur

<b>Reykjavík</b> -0° ↓4	<b>Ísafjörður</b> -1° ↙3	<b>Akureyri</b> -2° ↓3	<b>Reykjavík</b> 1° ↖3	<b>Ísafjörður</b> -2° ↙4	<b>Akureyri</b> -4° ↓1
<b>Egilsstaðir</b> 1° ↙8	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 1° ↙15	<b>Hveravellir</b> -7° ↙19	<b>Egilsstaðir</b> -1° →6	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 0° ↙3	<b>Hveravellir</b> -9° ↗3

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
	14			15
16		17		
18	19	20		
21				

## KROSSGÁTA

### LÁRÉTT

2. örlög, 6. hvort, 8. knæpa, 9. skarð, 11. íþróttafélag, 12. mokuðu, 14. hroki, 16. hólmí, 17. slagbrandur, 18. af, 20. til, 21. mör.

### LÓÐRÉTT

1. klöpp, 3. tveir eins, 4. limlesta, 5. krass, 7. anddyri, 10. yfirgaf, 13. viðmót, 15. óskuðu, 16. bókstafur, 19. snæddi.

### LAUSN

LÁRÉTT: 2. sköp, 6. ef, 8. krá, 9. rof, 11. kr, 12. gírfu, 14. dramb, 16. ey, 17. síá, 18. frá, 20. að, 21. fíta.  
LÓÐRÉTT: 1. berg, 3. k, 4. örkumla, 5. þar, 7. fordyri, 10. fót, 13. fas, 15. báðu, 16. eff, 19. át.

## Myndasögur

### PONDUS

Allt var sárt og ömurlegt. Hann var eins og svarthol. Það var meira að segja erfitt að fara á fætur á morgnana!

Ég heyrði orðróm um að hann hefði grátíð?

Hann grét og grét. Slæmur á morgnana og verri á kvöldin. Sérstaklega milli 18 og 22.

Er þetta í fyrsta skipti sem þetta kemur fyrir?

Nei, nei. Hann glímir við þetta fjórða hvert ár. Ég kalla þetta HM-heilkennið. Angans kallinn.

Er hann ekki betri núna?

Heldur betur. Eftir að enski boltinn byrjaði aftur þá er hann allt annar maður.

Eftir Frode Øverli

### GELGJAN

Hvernig hefur þú það á þessum ágæta sumardeggi?

Ömurlegt.

HAA!!

ÍÍÍ!

ÚÚ!

ÍÍÍ!

Ekki skítíð.

Það er ekki hitinn heldur heimskan sem fer með mig.

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNALÁN

Pétur kennari segir að þriðju bekkingar ættu ekki að hafa áhyggjur af mennta.

Hann sagði að alvöru menntun hafi dáið út fyrir löngu og það eina sem kennarar geri sé að koma nemendum í gegnum prófin.

Síðan barðaði hann svampinn sem hann notar til að þrifa af töflunni.

Ég held við ættum að baka fleiri kákur handa Péttri kennara.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

## SKÁK

### Gunnar Björnsson

Robin Van Kampen (2.623), Skákfélaginu Hugin, hafði hvítt gegn Pontus Carlsson (2.452), Skákdeild Fjölnis, á Íslandsmóti skáklfélaga.

### Hvítur á leik

28. Hxh7+! Kxh7 29. Hh4+ Kg8 30. Bxf7+! og svartur gafst upp. Lenka Ptácníková varð Íslandsmeistari kvenna um páska. Hjörvar Steinn Grétarsson sigraði í áskorendaflokki og Guðmundur Gíslason varð annar. Stefán Orri Davíðsson vann opinn flokk.

www.skak.is: Allt um Íslandsmótið.



20:05

### MARGRA BARNNA MÆÐUR

Margrét Brynjólfssdóttir, sjúkrapjálfari eignaðist sjö börn á sautján árum. Hún býr á Patreksfirði og hefur þurft að ferðast langar vegalengdir til að eignast fjögur þeirra. Samhliða því að vera í fæðingarorlofi með sjöunda barnið sinnir hún „áttunda barninu“ sem er mastersritgerð um þjónustu við aldraða. Sigrún Ósk heimsækir þessa hörkuduglegu konu og heyrir sögu hennar.

## SUDOKU

LÉTT					MIÐLUNGS					PUNG												
7	8		3	6		4		1	6	2	7		1		6							
		1	5	2	3			4	2	3		4		2	5	3						
	3		6		5	9	2	6		5	7		9	8	5		4					
			5		6		7		3			4		9			5	9	1		2	
1	6		9	8	2	8			9	5	7	4		2	4					1	7	8
9	4		1	3	9	1		5	8	6	3					1	7	8				
4			9	7		3									2	9	1	6			2	
		8							1											8	1	
5	7					1	6	2		3						3		2		4		

5 7 2 1 8 3 6 9 4	6 9 5 1 3 4 2 7 8	7 1 5 8 2 6 9 4 3
4 8 9 5 6 2 7 1 3	7 8 3 5 2 6 9 1 4	4 6 2 7 9 3 8 1 5
1 3 6 4 7 9 5 8 2	4 1 2 7 8 9 3 5 6	9 3 8 1 4 5 6 2 7
7 1 8 2 5 4 9 3 6	3 7 6 8 9 5 4 2 1	6 8 1 5 3 2 7 9 4
2 9 4 6 3 8 1 7 5	5 4 8 2 6 1 7 3 9	2 7 3 4 1 9 5 6 8
3 6 5 7 9 1 2 4 8	9 2 1 3 4 7 6 8 5	5 4 9 6 7 8 1 3 2
6 4 7 8 1 5 3 2 9	8 3 9 4 1 2 5 6 7	1 2 4 9 8 7 3 5 6
8 5 3 9 2 7 4 6 1	1 5 4 6 7 3 8 9 2	8 9 6 3 5 4 2 7 1
9 2 1 3 4 6 8 5 7	2 6 7 9 5 8 1 4 3	3 5 7 2 6 1 4 8 9

### LAUSN SIÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

SKEMMTILEGT  
MIÐVIKUDAGSKVÖLD!



Fáðu þér áskrift á 365.is



16

2016

# Þú gætir unnið nýtt 50" Samsung sjónvarp ef þú drífur bílinn í skoðun!

## LUKKULEIKUR

Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í lukkuleik og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegt 50" sjónvarp frá Samsungsetrinu sem verður dregið út þann 4. maí nk.

FRÍTT

WI FI OG  
RJÚKANDI  
GÆÐA KAFFI  
Á MEÐAN  
ÞÚ BÍÐUR



Í vinning er stórglæsilegt 50" Ultra HD 4K LED sjónvarp frá Samsungsetrinu

ÖRUGG  
BIFREIÐASKOÐUN  
UM ALLT LAND

 **Frumherji**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is





## TREND SMEKKLEGAR SMEKKBUXUR

Gömlu góðu smekkbuxurnar eru ekki lengur hallærislegar, né bara fyrir ófrískar konur og hrekkjalóma.




ALEXANDRE HERCHOVITCH



RICHARD NICOLL



SONIA RYKIEL




MILLY SPRING



WILDFOX



RAG & BONE



AGNES B

NORDICPHOTOS/GETTY

# Bjóða öllum að koma í feluleik í IKEA

Á laugardag ætla þær Megan Dunley og Ellen Rosdahl að fara í feluleik í IKEA og vilja fá sem flesta með. Þær segja púðana vera besta felustaðinn.

„Megan vinkona mín sá frétt um svona viðburð í Hollandi, þar sem mættu um 30.000 manns að fela sig í IKEA. Okkur fannst þetta svo góð hugmynd að við ákváðum að slá til,“ segir Ellen Rosdahl, skiptinemi frá Svíþjóð. Hún, ásamt Megan Dunley vinkonu sinni, sem er skiptinemi frá Bandaríkjunum, ætla í feluleik í IKEA á laugardaginn.

„Vonandi verður þetta í lagi,“ segir hún og hlær. „Þetta er eingöngu til gamans gert og það eru engin verðlaun eða slíkt. Þú getur bara mætt með vinum

þínum eða fundið þér einhvern til þess að leika við á staðnum,“ segir hún.

Þær vinkonurnar sömdu reglur fyrir feluleikinn sem þátttakendur verða að fara eftir. „Það má ekki brjóta neitt og það er alveg bannað að vera dónalegur við starfsfólkið,“ segir Ellen.

Hún segir IKEA vera hinn fullkomna stað til þess að fela sig á. „Það er samt líklega best að fela sig í púðunum eða á bak við gardínurnar. Svo er fullt af rúmunum þarna og ætli það verði ekki einhver undir þeim öllum

„Það er samt líklega best að fela sig í púðunum eða á bak við gardínurnar. Svo er fullt af rúmunum þarna og ætli það verði ekki einhver undir þeim öllum á laugardaginn,“ segir hún að lokum og hlær.

Til stendur að leikar hefjist klukkan eitt.

- asi



GÓÐUR STAÐUR Megan Dunley og Ellen Rosdahl eru byrjaðar að leita að góðum felustöðum í IKEA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Dregið 11. apríl

## Viltu vinna ferð fyrir tvo á leik Sevilla og Real Madrid?

Það eina sem þú þarft að gera er að kaupa Santa Maria vöru í Bónus, taka mynd af strimlinum og senda ásamt nafni, heimilisfangi og símanúmeri á netfangið [leikur@adfong.is](mailto:leikur@adfong.is).

Þú gætir unnið ferð fyrir tvo á leik Sevilla og Real Madrid 3. maí. Flugmiðar og hótél í fjórar nætur í boði Santa Maria.





# YAMAHA GRÆJU DAGAR

**7. - 18. apríl verða  
Yamaha græju dagar.**

Magnarar, geislaspilarar,  
samstæður, heyrnartól, bassar,  
soundbar og allar hinar græjurnar  
á frábærum tilboðsverðum.

**Takmarkað magn.  
Fyrstur kemur fyrstur fær!**

**ALLT AÐ  
100.000 KR.  
AFSLÁTTUR!**

*Powered by music*

## Sjónvarpsmiðstöðin



RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)



# Pegar hungrið sverfur að

**BAKPANKAR**  
Ragnheiðar  
Tryggvadóttur



**N**ei, krakkar mínir, nú verður breyting á. Ég lagði nokkurn þunga í orð mín í von um að þannig kæmust þau betur til skila. Þetta var enda stór breyting sem koma átti á, við höfðum undanfarna mánuði vanið okkur á ósiði, öll fjölskyldan, sem ekki yrðu liðin lengur. Við átum í sjónvarpssófanum.

**UMMERKI** þessa ósiðar mátti sjá á áklæði sófans; mat og drykk af öllum sortum, sælgæti og saltað snack er óhjákvæmilegt að missa niður þegar etið er með hálfum huga. Augun límd við sjónvarpsskjáinn og athyglin engin á því sem innbyrt er. Krakkarnir voru verstir en við foreldrarnir höfðum látið þetta

viðgangast. Það mátti kaupa sér frið með þessu og þess vegna voru viðurlög- in nánast engin þegar ormarnir helltu niður. Við vorum ekki alsaklaus sjálf, maulandi eitthvert kruðerí yfir Food-network á kvöldin. Verðum svo svöng yfir matreiðsluþáttum. En nú hafði sjónvarpssófanum gamla verið skipt út fyrir finni. Rúmgóðan fleka þar sem allir fengu sitt pláss. Nýjalyktin af áklæðinu fyllti út í herbergið svo okkur leið eins og við værum í stanslausum sunnudagsbíltúr í glænýjum bíl. Í þennan mátti ekki hella niður það var ljóst.

**BREYTINGARNAR** gengu ekki þrautalaust fyrir sig. Krakkarnir mölduðu í móinn og reyndu að semja sig aftur í sófann. Við stóðum vaktina stíf og gómuðum hvern þann sem reyndi að lauma sér í hægindin með kókópuffs

í skál svo mjólkin flóði yfir brúnir. Sælgætisát var stranglega bannað og hart tekið á brotum. Þetta virtist ætla að ganga. Krakkaskammirnar létu segjast. Í morgun var þó blettur í nýja sófanum. Stór og ilmandi súkkulaðiklessa vandlega smurð ofan í áklæðið. Reglum hafði ekki verið fylgt, nú yrði að taka hart á málum. Sökudólgurinn yrði hundeltur og honum opinberlega refsað, öðrum til kenningar. Hversu oft þurfti að tryggja þetta ofan í krakkaskammirnar?

**ÓLJÓS** minning sótti þá skyndilega að mér, um súkkulaðimulning og afganga af páskaeggjum í poka sem okkur hafði þótt nauðsynlegt að klára, seint í gær, svo krakkarnir lægju ekki endalast í þessu. Við hjónin að horfa á matreiðsluþátt.

# Sigurveggarar Músíktílauna áttu Aldrei fór ég suður í ár

Rythmatik sló í gegn á Rokkhátíð alþýðunnar á Ísafirði um páskana. Bandið var tvíbókað til þátttöku vegna óvæntrar sigurgöngu á Músíktílaunum viku áður. Agent Fresco hjóp í skarðið sem skapaðist í kjölfarið.

„Að taka þátt í Aldrei fór ég suður er eitthvað sem öll bílskúrsbönd fyrir vestan stefna að, með öllu liðinu að sunnan,“ segir Valgeir Skorri Vernharðsson, trommuleikari sveitarinnar Rythmatik, sem átti stórleik á sviðinu fyrir vestan um páskana. Bandið, sem nýlega sigraði Músíktílaunir, steig á svið á besta tíma og gerði allt vitlaust að sögn viðstaddra.

Bandið ávann sér rétt til að verma svið hátíðarinnar þegar það bar sigur úr býtum í keppninni. „Við höfðum þegar verið beðnir um að vera með svo það var mikið grínast með hvað myndi gerast ef við ynnum svo í keppninni fyrir sunnan,“ segir Valgeir.

Þegar ljóst var að drengirnir stóðu uppi sem sigurveggarar varð uppi fótur og fit. „Þessu varð þó bjargað nokkuð auðveldlega, en Agent Fresco fyllti plássíð okkar,“ segir hann kampakátur og viðurkennir að það hafi verið hálf óraunveruleg staða að lenda í. „Hljómsveitin var öll að fara

að spila með Emmsjé Gauta svo Arnór Dan var kallaður til og úr varð að Agent Fresco bjargaði þessu fyrir horn,“ bætir hann við.

Valgeir segir gríðarlegan heiður fólgin í að spila á Aldrei fór ég suður og að upplifunin hafi verið ólýsanleg. „Við vorum næst seinasta band á laugardagskvöldinu, einmitt á milli Agent Fresco og Emmsjé Gauta svo það er varla hægt að óska sér betri stöðu,“ útskýrir hann.

Rythmatik sigraði sem áður segir í Músíktílaunum í lok mars svo mikið hefur mætt á þessari nýfrægu hljómsveit.

„Við komum eiginlega beint í aðalháttíðarhöld heimabyggðarinnar og fókusinn fór mest megnis beint á hátíðina Aldrei fór ég suður. Við komumst kannski ekki niður á jörðina fyrr en núna,“ segir Valgeir blaðamanni og bætir við að langþráður fundur verði haldinn við tækifæri þar sem loks verður farið yfir framhaldið.

gudrun@frettabladid.is



**STÓRSTJÓRNUR** Nýliðarnir í Rythmatik áttu stórleik og trylltu gesti hátíðarinnar, á milli Agent Fresco og Emmsjé Gauta. FRÉTTABLAÐIÐ/PALL ÖNUNDARSON

# Þeirir ekki að taka þátt en þeirir að horfa á

Snjóbretta- og tónlistarhátíðin AK Extreme hefst á morgun og stendur yfir á Akureyri yfir alla helgina.

Á morgun hefst snjóbretta- og tónlistarhátíðin AK Extreme sem, líkt og nafnið gefur til kynna, fer fram á Akureyri. Meðal viðburða eru tvær snjóbrettakeppnir auk þess sem tónlistarmennirnir Gísli Pálmi, Agent Fresco og Úlfur Úlfur koma fram.

Hátíðin hefst með keppni niður fjallið sem öllum er velkomið að taka þátt í og á föstudaginn verður Burn Jib session í göngugötunni þar sem ýmsir vanir snjóbrettakappar sýna listir sínar á nokkurs konar slá. „Meðal annars verður kveikt í reilinu, það er rosa hættulegt og algjört stönt,“ segir Gauti Peyr Másson, einn af skipuleggjendum AK Extreme.

Hápunktur hátíðarinnar er á laugardaginn þegar svokallað Big Jump-mót fer fram. „Þá byggjum við pall úr Eimskipsgámum og stöflum upp fimm eða sex gámum. Þetta er alveg hræðilegt og ég myndi aldrei fara þarna niður,“

“**Þetta er líka bara góð afsökun til þess að fara úr Reykjavík í smá stund og með seinustu dögnum sem maður getur rennt sér.**“

segir Gauti ákveðinn og bætir við að einungis reyndir snjóbretta-, skíða- og sleðakappar taki þátt en mótið sé mikið sjónarspil fyrir áhorfendur. „Það er mega gaman, ég hef aldrei tekið þátt í Big Jump-mótinu af því að ég þori það ekki en ég þori að horfa á það,“ segir hann hress. Gauti segir mikinn fjölda manns hafa verið viðstaddan hátíðina í fyrra. „Við ætlum að toppa það. Ég finn fyrir hita úr Reykjavíkinni, fólk er að fara að mæta. Þetta er líka bara góð afsökun til þess að fara úr Reykjavík í smá stund og með seinustu dögnum sem maður getur rennt sér.“ -gló



**ÞEIRIR AÐ HORFA** Gauti Peyr er einn af skipuleggjendum AK Extreme sem fer fram um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

FAST & FURIOUS 7

SAMBA

FÚSI

LÖKSINS HEIM

Sýningartímar á eMidi.is og miði.is

LAUGARAS BÍÓ Coca-Cola LAUGARASBÍÓ

FAST & FURIOUS 7

GET HARD

LÖKSINS HEIM

SÝNINGARTÍMAR Á MIDÍ.IS OG LAUGARASBÍÓ.IS

SAMBÍÓIN

ALFABAKKA - KRINGLUNNI - EGILSHÖLL KEFLAVÍK - AKUREYRI

SÍMI 575-8900

FAST & FURIOUS 7

THE LOVE PUNCH

WILL FERRELL KIPYU HART

GET HARD

LÖKSINS HEIM

CINDERELLA

UPPLÝSINGAR UM SÝNINGARTÍMA MÁ FINNA Á SAMBÍÓIS

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á NETINU

BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Antboy: rauða refsinnomin ..	18.00	Wild tales .....	20.00, 22.10
Stations of the cross .....	18.00	Whiplash .....	20.10
The grump .....	18.00	What we do in the shadows	22.20
Black coal, thin ice ..	20.00, 22.00		

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vinnu átti börn eiga rétt á vernd og umönnun



# Lengi lífi MIÐ-ÍSLAND



„Mið-Ísland er fyndnasta  
sýningin í borginni í mörg ár.“

Gísli Marteinn Baldursson, sjónvarpsmaður

„Ég kastaðist til af hlátri og  
skallaði vegg á sýningunni.“

Ágústa Eva Erlendsdóttir, leikkona

## SÍÐUSTU SÝNINGAR!

Yfir 10 þúsund gestir í vetur.

ARI ELDJÁRN, BJÖRN BRAGI, DÓRI DNA OG JÓHANN ALFRED

Sérstakir gestir Anna Svava, Saga Garðars og Þorsteinn Guðmundsson.



midi.is



Miðasala á midi.is og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

2015



## Tekst Snæfellskonum það sem engu kvennaliði hefur tekist í átta ár?

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni kvenna í körfubolta fer af stað í kvöld þegar bæði undanúrslitaeinvígin hefjast. Stelpurnar eru mun seinna á ferðinni en í fyrra sem sést á því að í ár byrja þær 8. apríl en Íslandsbikarinn fór á loft 6. apríl í fyrra. Leikir kvöldsins fara fram í Stykkishólmi og í Keflavík og hefjast klukkan 19.15.

Snæfell er deildarmeistari eins og í fyrra og mætir Grindavík sem tryggði sig inn í úrslitakeppnina í síðustu umferðinni. Keflavík og Haukar mætast síðan annað árið í röð í undanúrslitum Íslandsmeistarans. Snæfell hefur unnið alla fjóra deildarleiki sína við Grindavík í vetur með nokkrum yfirburðum (23,3 stigum að meðaltali) en staðan var

hins vegar jöfn 2-2 hjá Keflavík og Haukum. Íslandsmeistarar Snæfells unnu fjóra síðustu leiki sína í úrslitakeppni fyrir ári og reyna að verða fyrsta liðið í átta ár sem nær að verja Íslandsmeistaratitilinn. Snæfellsliðið mætir líka inn í úrslitakeppnina í rétta gírnum eftir að hafa unnið fjóra síðustu leiki sína með 29,5 stigum að meðaltali. Þar á meðal var 28 stiga útisigur á Grindavíkurliðinu.

Grindavíkurkonur eru komnar í úrslitakeppnina í fyrsta sinn í fimm ár (2010) og þær hafa ekki unnið sérú í tíu ár (2005). Þjálfari liðsins, Sverrir Þór Sverrisson, er hins vegar vanur að fara með sín kvennalið alla leið í lokaúrslitin og nú er að sjá hvort Grindavík

komist þangað í fyrsta sinn frá 2005.

Haukaliðið hefur sópað Keflavík tvisvar út úr undanúrslitunum á síðustu þremur tímabilum (3-0 bæði 2012 og 2014) og það má búast við því að Keflavíkurkonur mæti í hefndarhug inn í þetta einvígi. Til þess þurfa Keflavíkurkonur þó að byrja úrslitakeppnina vel en þær hafa tapað fyrsta leik í henni undanfarin þrjú ár.

Þau lið sem fyrr vinna þrjá leiki tryggja sér sæti í lokaúrslitunum. Snæfell og Haukar eiga möguleika á að komast þangað annað árið í röð og Keflavík í sextánda skiptið í sögunni en Grindavíkurkonur hafa beðið í áratug eftir því að spila um Íslandsmeistaratitilinn.



**FJÖGURRA LIÐA MÓT** Pálína Gunnlaugsdóttir frá Grindavík, Gunnhildur Gunnarsdóttir frá Snæfelli, Lele Hardy frá Haukum og Lovísa Falsdóttir frá Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SANNFÆRANDI SIGUR** Darrel Lewis í leiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

## DOMINOS KARLA

**UNDANÚRSLIT TINDASTÓLL-HAUKAR 94-64 (51-34)**

**Tindastóll:** Myron Dempsey 30/14 fráköst, Darrel Keith Lewis 20, Darrell Flake 12, Svavar Atli Birgisson 7, Viðar Ágústsson 6, Helgi Freyr Margeirsson 5, Pétur Rúnar Birgisson 5/6 frák. /13 stoðs., Ingvi Rafn Ingvarsson 5, Helgi Rafn Viggósson 4.

**Haukar:** Kári Jónsson 15, Emil Barja 15, Kristinn Marínósson 13, Alex Francis 7, Kristinn Jónsson 5, Haukur Óskarsson 5/5 fráköst, Sigurður Þór Einarsson 2, Ivar Barja 1, Hjálmar Stefánsson 1.

Staðan er 1-0 fyrir Tindastóll og næsti leikur er á Ásvöllum á föstudaginn.

## OLÍS-DEILD KARLA

**ÁTTA LIÐA ÚRSLIT VALUR - FRAM 22-16 (10-9)**

**Mörk Vals (skot):** Geir Guðmundsson 5 (10), Kári Kristján Kristjánsson 4/1 (5/1), Vignir Stefánsson 4 (8), Finnur Ingi Stefánsson 3 (5), Ómar Ingi Magnússon 2 (2), Elvar Friðriksson 2 (3), Atli Már Bárúson 1 (3), Sveinn Aron Sveinsson 1 (4).

**Mörk Fram (skot):** Garðar B. Sigurjónsson 5/5 (6/6), Sigurður Örn Þorsteinsson 4 (12), Stefán Baldvín Stefánsson 3 (6), Ólafur Ægir Ólafsson 3 (12), Ólafur Jóhann Magnússon 1 (1).

**FH - HAUKAR 29-32 (11-17)**

**Mörk FH (skot):** Magnús Óli Magnússon 8 (14), Andri Berg Haraldsson 5/3 (7/3), Ásbjörn Friðriksson 5 (8/1), Ísak Rafnsson 5 (11), Halldór Ingi Jónsson 2 (2), Þorgeir Björnsson 2 (4), Danfél Matthíasson 1 (1), Theodór Ingi Pálmason 1 (2).

**Mörk Hauka (skot):** Árni Steinn Steinþórsson 10 (12), Jón Þorbjörn Jóhannsson 4 (4), Janus Daði Smáráson 4 (5), Tjörvi Þorgeirsson 4 (10), Þróstur Þráinsson 3/2 (3/2), Elías Már Halldórsson 3 (4), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 2 (2), Vilhjálmur Hauksson 1 (1), Adam Haukur Baumruk 1 (3).

**LEIKIR Í KVÖLD:**

19.30 Afturelding - ÍBV og ÍR - Akureyri.

Var frestað í gær vegna veðurs og ófærðar.

# Betra að vera á Íslandi en á Ítalíu og í Frakklandi

Kristen McCarthy hjá Snæfelli var í gær valin besti leikmaður seinni hluta Dominos-deildar kvenna. McCarthy hafði betur á móti ofurkonunni Lele Hardy. „Ég elska það að spila á Íslandi,“ segir Kaliforníustelpan.

**KÖRFUBOLTI** Það var mikið einvígi á milli Kristen McCarthy og Lele Hardy um titilinn besti leikmaður Dominos-deildar kvenna. Það dugði ekki Lele að vera með tröllatvönnu (yfir tuttugu í stigum og fráköstum) í síðustu níu leikjunum því verðlaunin fóru í Hólm-inn til hinnar 25 ára gömlu Kristen McCarthy hjá Snæfelli. Kristen McCarthy spilaði vel í allri deildarkeppninni en skipti í annan gir í seinni umferðinni enda þurfti þess til að hjálpa Snæfellsliðinu að verða deildarmeistari og hafa betur í baráttunni við Lele.

„Þetta kemur mér svóltið á óvart en ég legg mikið á mig og það er gaman að sjá að það skili sér,“ sagði Kristen McCarthy, sem var með 28,5 stig, 13,9 fráköst, 3,7 stoðsendingar og 3,4 stolna bolta að meðaltali í seinni hlutanum.

Kristen McCarthy kemur frá Kaliforníu og spilaði með Temple-háskólaliðinu frá 2008 til 2012 en hann er í Philadelphia.

„Lífið í Stykkishólmi er ólíkt því sem ég er vön og það er að sjálf-sögðu ekki eins mikið um að vera. Þetta gefur mér góðan tíma til að slaka á og sinna sjálfri mér. Ég horfi á kvikmyndir, les mikið og eyði líka tíma með liðsfélögum. Ég þarf ekki alltaf að vera að gera eitthvað sérstakt þannig að þetta er þægilegt líf fyrir utan það að svo er maður bara að spila körfubolta,“ sagði McCarthy.

**Lítill og skemmtilegur bær**

Kristen talar vel um fólkið í Hólm-inum. „Þetta er lítill og skemmtilegur bær og það er auðvelt að hafa samskipti við alla. Ég sé alltaf mikið af sömu andlitunum og ég

hef mjög gaman að vera í Hólm-inum,“ segir McCarthy.

Lele Hardy hefur í lengst á Íslandi þrjú fyrir að vera nógu góð til að spila í sterkari deild en McCarthy ætlar að reyna að komast að á nýjum stað.

**Spilar ekki áfram á Íslandi**

„Ég spila ekki áfram á Íslandi á næsta tímabili en ég fæ vonandi að koma til baka einhvern tímann. Ég hef önnur markmið sem körfuboltakona og vil fá tækifæri til að spila í öðrum löndum til að sjá hvað er þarna úti. Ég mun örugglega koma til baka einhvern daginn,“ segir McCarthy brosdandi og það leynir sér ekki að hún sé ánægð á Klakanum.

„Ég elska það að spila á Íslandi. Ég hef spilað bæði á Ítalíu og Frakklandi en hef hvergi verið ánægðari en hér á Íslandi. Ég spila með frábærum liðsfélögum og ég kann rosalega vel við fólkið á Íslandi,“ segir Kristen McCarthy sem á mikinn þátt í því að Snæfellsliðið endaði sem öruggur sigurvegari í deildarkeppninni.

**Öll fjölskyldan í heimsókn**

„Ég er að reyna að læra eitthvað í íslensku og mér finnst íslenski maturinn líka vera frábær. Það hefur verið frábær lífsreynsla að vera á Íslandi og öll fjölskyldan hefur líka komið í heimsókn; mamma, pabbi og bróðir minn,“ segir Kristen McCarthy.

Það er óhætt að segja að koma foreldranna hafi haft einstaklega góð áhrif á Kristen McCarthy. Hún var frábær í desembermánuði eftir að móðir hennar kom í heimsókn í kringum þakkargjörðar-

## ÚRVALSLIÐ SEINNI HLUTA DOMINOS-DEILDAR KVENNA:

Hildur Sigurðardóttir	Snæfell
Gunnhildur Gunnarsdóttir	Snæfell
Kristen McCarthy	Snæfell
Sara Rún Hinriksdóttir	Keflavík
Ragna Margrét Brynjarsdóttir	Valur

## BESTI ÞJÁLFAFINN:

Ingi Þór Steinþórsson	Snæfell
-----------------------	---------

## DUGNARÐARFORKURINN:

Jóhanna Björk Sveinsd.	Breiðablik
------------------------	------------

## BESTI LEIKMAÐURINN:

Kristen McCarthy	Snæfell
------------------	---------

**SÁTT MED VERÐLAUNIN** Kristen McCarthy með verðlaunin sem hún fékk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



hátíðina og spilaði einnig rosalega vel í síðustu deildarleikjunum þegar faðir hennar og bróðir voru á landinu. „Mamma og pabbi höfðu að sjálf-sögðu smá áhyggjur af mér þegar ég fór til Íslands en eftir að þau komu hingað og sáu allt þá hafa þau engar áhyggjur lengur,“ segir McCarthy.

Snæfellsliðið vann 25 af 28 leikjum sínum í deildinni en í kvöld mætir liðið Grindavík í fyrsta leik

undanúrslitanna.

„Úrslitakeppnin er eins og nýtt tímabil en Ingi Þór þjálfari hefur undirbúið okkur vel. Við erum tilbúnar í það að vinna alla leiki. Þetta verður ekki auðvelt. Það skiptir ekki máli hvað gerðist í deildarkeppninni því Grindavík er með mjög gott lið. Við ætlum bara að ná í einn sigur í einu,“ sagði Kristen McCarthy að lokum.

ooj@frettabladid.is

## Fer ekki út fyrr en eftir EM í Berlín

Ólafur Ólafsson yfirgefur Grindavík og spilar með St. Clement í Frakklandi.

**KÖRFUBOLTI** Ólafur Ólafsson, leikmaður Grindavíkur í Dominos-deildinni í körfubolta, spilar erlendis í atvinnumennsku næsta vetur en hann er búinn að ganga frá eins árs samningi við franska liðið St. Clement. Liðið spilar í fjórðu efnu deild í Frakklandi og er í baráttunni um að komast upp í C-deildina á þessu tímabili.

„Þetta kom upp rétt eftir áramót. Ég er með umboðsmann í mínum málum sem Logi Gunnarsson kom mér í samband við,“ segir Ólafur við Fréttablaðið um aðdraganda vistaskiptanna. Ólafur reyndi síðasta sumar að komast í atvinnumennsku en var of seinn til að eigin sögn. Umboðsmáðurinn hefur haldið áfram að reyna.

„Stuttu eftir að við duttum út á móti KR í úrslitakeppninni fékk ég samningstilboð og svo kláraðist þetta í morgun [gærmorgun],“ segir Ólafur, en hann setti sín skil-



**MISSIR AÐ ÓLAFI** Grindavíkingar missa annað árið í röð lykilmann út í atvinnumennsku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

yrði áður en skrifað var undir.

„Eitt af þeim var að ég myndi ekki koma fyrr en eftir Evrópumótið í Berlín,“ segir hann, en Ísland hefur leik á EM 5. september og vonast Ólafur til að vera með Íslandi á sínu fyrsta stórmóti.

Ólafur kveðst spenntur fyrir nýrri áskorun í deild sem er talin betri en deildin hér heima.

„Þetta er bara mjög flott. Það spila 56 lið í þessari NM2-deild og það yrði bara betra ef liðið kemst upp. Þarna er verið að setja saman lið til að komast í næstu deild.

Þetta er bara stórt skref fyrir mig,“ segir Ólafur sem þarf nú að kveðja Grindavík, liðið sem hann hefur spilað með allan sinn feril.

„Það stóð alltaf til að ég gæti farið. Í samningnum mínum var ákvæði um að ég gæti farið ef lið utan landsteinanna hefðu áhuga – ekki ef íslenskt lið kæmi með tilboð. Þá færi ég ekki neitt. Grindvikingar tóku þessu bara vel og voru ánægðir hvað þetta kom snemma upp þannig að þeir gætu farið að ganga frá sínum málum,“ segir Ólafur Ólafsson.

- tom

**VALUR – STJARNAN**  
Úrslitakeppnin í Ólísdeild kvenna

Í Vodafonehöllinni  
í kvöld kl. 19.30

**Áfram Valur!**





SUNNUDAG KL. 19:10

# ÍSLAND GOT TALENT

Marcin  
900 3002

Agla Briet  
900 3003

Briet Isis  
900 3006

Ívar og Magnús  
900 3005

BMX Brós  
900 3004

Alda Dís  
900 3001

★ BEIN ★  
ÚTSENDING  
**KL. 19:10**  
SUNNUDAG

ÚRSLIT ÍSLAND GOT TALENT

## ÚRSLITIN RÁÐAST Á SUNNUDAGINN



Á sunnudagskvöld er komið að úrslitakvöldinu í Ísland Got Talent. Þá mætast þau sex atriði sem þjóðin hefur valið og fær siguratriðið heilar 10 milljónir króna í verðlaun. Taktu þátt í fjörinu og kjóstu þitt uppáhaldsatriði, þú gætir unnið glæsilegan vinning í símaleik Ísland Got Talent. Ekki missa af fjörinu á Stöð 2 á sunnudagskvöld.



## Stöð 2 kl. 18.54

### Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.



## Í KVÖLD



### The Middle

**STÖÐ 2 KL. 19.40** Fjórða syran af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðirin Frankie hefur í mörg horn að líta.



### Grey's Anatomy

**STÖÐ 2 KL. 20.30** Ellefta þáttaröð þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofum á Grey Sloan-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



### Hart of Dixie

**STÖÐ 3 KL. 19.00** Önnur þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.

## Bylgjan kl. 19.15

### Erna Hrönn

Erna Hrönn með góða tónlist á Bylgjunni í allt kvöld.



## Áttu von á gestum?



### MONTARIO

#### svefnsófi

Rúmfatageymsla og vandað, slitsterkt áklæði. Svefnsvæði: 140x200 cm. Stærð sófa: 158x90 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.



79.900 kr.



### ROMA

#### svefnsófi

Ljósgrátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.

Breidd: 200 cm. Dýpt: 100 cm. Hæð: 50 cm. Svefnpláss: 120x200 cm.

Fullt verð: 89.900 kr.



79.900 kr.




### MILANO

#### svefnsófi

Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Breidd: 200 cm, dýpt: 94 cm, hæð: 40 cm, svefnpláss: 140x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.



Aðeins 89.900 kr.



Dormabæklinginn finnur þú á dorma.is

Holtagörðum  
512 6800  
Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100

Afgreiðslutími  
Mán. til fös. frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16  
www.dorma.is

# DORMA

Láttu drauminn rætast

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.45 Big Time Rush
- 08.05 The Middle
- 08.30 Mindy Project
- 08.50 Don't Trust the B\*\*\* in Apt 23
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.05 Touch
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Dallas
- 13.45 The Kennedys
- 14.30 The Great Escape
- 15.15 The Lying Game
- 16.05 Big Time Rush
- 16.30 The Goldbergs
- 16.55 A to Z
- 17.20 Bold and the Beautiful
- 17.40 Nágrannar
- 18.05 Simpson-fjölskyldan
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag.
- 19.06 Víkingalottó
- 19.11 Veður
- 19.20 Anger Management
- 19.40 The Middle
- 20.05 Margra barna mæður
- 20.30 Grey's Anatomy
- 21.15 Forever
- 22.00 Bones
- 22.45 Girls
- 23.15 The Mentalist
- 23.55 The Blacklist
- 00.40 The Following
- 01.25 Major Crimes
- 02.10 Movie 43
- 03.40 The Samaritan
- 05.10 Margra barna mæður
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

- 11.55 Útsending frá leik í úrslita-keppni Dominos deildar karla.
- 13.30 Celta - Barcelona
- 15.10 Real Madrid - Granada
- 16.50 Spænsku mörkin 2014/2015.
- 17.20 Kiel - RN Löwen
- 18.40 Blackburn - Liverpool Beint
- 20.45 Þýsku mörkin
- 21.15 Magdeburg - Kiel
- 22.35 Barcelona - Almeria
- 00.15 Rayo Vallecano - Real Madrid

## SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Aston Villa - QPR
- 11.50 Premier League Review 2014/15
- 12.45 Everton - Southampton
- 14.25 Football League Show 2014/15
- 14.55 Messan
- 16.10 Aston Villa - QPR
- 17.50 Arsenal - Liverpool
- 19.30 Chelsea - Stoke
- 21.10 Premier League World 2014
- 21.40 Leicester - West Ham
- 23.20 Burnley - Tottenham

## INN

- 20.00 Björn Bjarnason
- 20.30 Tölur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi
- 21.30 Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Baby Daddy
- 20.10 Flash
- 20.50 Arrow
- 21.35 The 100
- 22.15 Supernatural
- 23.00 Hart of Dixie
- 23.40 Baby Daddy
- 00.05 Flash
- 00.45 Arrow
- 01.30 The 100
- 02.10 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram!
- 07.24 Svampur Sveins
- 07.45 Elías
- 07.55 UKI
- 08.00 Ofurhundurinn Krypto
- 08.22 Brunabíllarnir
- 08.47 Skoppa og Skríttla enn út um hvippinn og hvappinn
- 09.00 Stumpanir
- 09.25 Lukku láki
- 09.47 Tommi og Jenni
- 09.53 Hókus Pókus
- 10.00 Dóra könnuður
- 10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 10.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 10.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveins
- 11.45 Elías
- 11.55 UKI
- 12.00 Ofurhundurinn Krypto
- 12.25 Brunabíllarnir
- 12.48 Skoppa og Skríttla
- 13.00 Stumpanir
- 13.25 Lukku láki
- 13.47 Tommi og Jenni
- 13.53 Hókus Pókus
- 14.00 Dóra könnuður
- 14.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 14.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveins
- 15.45 Elías
- 15.55 UKI
- 16.00 Ofurhundurinn Krypto
- 16.22 Brunabíllarnir
- 16.45 Skoppa og Skríttla
- 17.00 Stumpanir
- 17.25 Lukku láki
- 17.47 Tommi og Jenni
- 17.53 Hókus Pókus
- 18.00 Dóra könnuður
- 18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar
- 18.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 18.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 19.00 Open Season

## GULLSTÖÐIN

- 17.25 Friends
- 17.50 New Girl
- 18.15 Modern Family
- 18.40 The Big Bang Theory
- 19.05 Heimsókn
- 19.25 Geggjaðar græjur
- 19.40 Chuck
- 20.25 Cold Case
- 21.10 Mad Men
- 22.00 Game Of Thrones
- 22.55 1600 Penn
- 23.15 Ally McBeal
- 00.00 Heimsókn
- 00.20 Geggjaðar græjur
- 00.35 Chuck
- 01.20 Cold Case
- 02.00 Mad Men
- 02.50 Game Of Thrones
- 03.45 1600 Penn
- 04.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

- 09.30 42
- 11.35 Mr. Morgan's Last Love
- 13.30 The Bourne Legacy
- 15.45 42
- 17.50 Mr. Morgan's Last Love
- 19.45 The Bourne Legacy
- 22.00 Carrie
- 23.40 Machine Gun Preacher
- 01.50 Hansel & Gretel: Witch Hunter
- 03.20 Carrie

## RÚV

- 16.30 Blómabarnið
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Gló magnaða
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Finni kostur
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Heilabrot
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Skólahreysti 2015
- 20.30 Neyðarvaktin
- 21.15 Kiljan Bókamenntaþáttur Egils Helgasonar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Á spretti
- 22.40 Gyðingar og múslimar
- 23.35 Horfinn
- 00.35 Kastljós
- 00.55 Fréttir
- 01.10 Dagskrárlok

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.20 Cheers
- 14.45 Parenthood
- 15.25 Minute To Win It
- 16.10 Earth
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 The Millers
- 20.10 The Odd Couple
- 20.35 Benched
- 21.00 Madam Secretary
- 21.45 Blue Bloods
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 American Crime
- 00.00 Madam Secretary
- 00.45 Blue Bloods
- 01.30 The Tonight Show
- 02.20 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.35 Inside The PGA Tour 2015
- 09.05 2005 Augusta Masters
- 12.25 Golfing World 2015
- 13.15 PGA Tour 2015
- 17.40 PGA Tour 2015 - Highlights
- 18.35 This is the Presidents Cup
- 19.00 2015 Augusta Masters
- 21.00 PGA Tour 2015

## HRINGBRAUT

- |                          |                      |
|--------------------------|----------------------|
| 11.00 Atvinnulífið       | 11.30 Neytendavaktin |
| 12.00 Atvinnulífið       | 12.30 Neytendavaktin |
| 13.00 Atvinnulífið       | 13.30 Neytendavaktin |
| 14.00 Atvinnulífið       | 14.30 Neytendavaktin |
| 17.00 Atvinnulífið       | 17.30 Neytendavaktin |
| 18.00 Atvinnulífið       | 18.30 Neytendavaktin |
| 19.00 Atvinnulífið       | 19.30 Neytendavaktin |
| 20.00 Atvinnulífið       | 20.30 Neytendavaktin |
| Mannamál 21.30 Heimsljós | 22.00 433.is         |
| Mannamál 23.00 Heimsljós | 23.30 433.is         |
| Mannamál 00.30 Heimsljós | 00.00                |

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Raðið
- FM 89,5 Retro

## FM 90,1

- Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

## FM 95,7

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan


## FM 97,7

- X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

## FM 100,5

- K100
- FM 102,9 Lindin





Árshátíð

# LOKUM Í KVÖLD KL. 17

VIÐ ÆTLUM AÐ GERA OKKUR GLAÐAN DAG,  
FAGNA GÓÐU GENGI OG SKUNDA Á ÁRSHÁTÍÐ.

Það þýðir því ekkert að panta hjá okkur eftir kl. 17 í dag.  
Algjör skortur verður á Domino's-pizzum þangað til verslanir okkar  
opna á hefðbundnum tíma á morgun.

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS



## MORGUNMATURINN



„Ætli það sé ekki bara músli og svo drekk ég vatn með krækiberjasaft, svart kaffi og lýsi.“

Sæbjörg Freyja Gísladóttir, meistaranemi í þjóðfræði

## Palli frumflytur lag í Ísland Got Talent

Páll Óskar Hjálmtýsson frumflytur nýtt lag í úrslitabættinum og fæst lagið gefins strax á eftir.

„Ég held svei mér þá að þetta sé það besta sem hefur komið frá mér,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, en hann mun frumflytja glænnýtt lag í beinni útsendingu í úrslitabætti Ísland Got Talent á Stöð 2 á sunnudagskvöld. Aðstandendur keppinnar buðu Palla að frumflytja lagið í lokabættinum, sem hann auðvitað þáði.

„Um leið og ég er búinn að frumflytja lagið, bara um leið og ég stíg af sviðinu, verður hægt að ná í lagið á palloskar.is, á Spotify og tónlist.is,“ segir Palli, en hann ætlar að bæta um betur og verður lagið þar aðgengilegt án endurgjalds. „Ég ákvað að gefa lagið og það verður ekki einu sinni hægt að koma með

frjáls fjárframlög,“ segir hann. „Svo er tilbúið textamyndband sem fer beint inn á YouTube strax eftir flutninginn.“

Í síðasta mánuði var opnuð sýning Palla í Rokksafninu. „Það er búin að vera rúllandi fín umferð þarna og þetta gengur bara mega-vel. Safnið tekur á móti hópum á virkum dögum og hafa bæði grunn- og leikskólar heimsótt sýninguna ásamt því að fyrir-tæki fara með hóp í peppferðir þangað,“ segir Palli, sem var staddur á Akureyri að taka upp nýtt efni.

- asi, jóe

**NÝTT LAG** Palli segir nýja lagið vera með því betra sem hann hefur gert.

MYND/LÁRUS SIGURDARSON



Merrild 304  
Dökkbrennt malað kaffi

Hentar sérstaklega vel ef þú vilt mjólk í kaffið

*Góðar stundir*

Lengri brensla þýðir að baurnar verða dekkri og bragð-einkenni kaffisins fá tíma til að losna úr læðingi. Dökkbrennda kaffið hefur mikla fyllingu og snert af beiskju.

Dökkbrennt Merrild kaffi hentar sérstaklega vel ef þú vilt mjólk í kaffið.

Fyrir klassíska uppáhellingu notast sléttfull matskeið, eða 6 til 7 g af kaffi í hvern bolla (1,5 dl).



**ALLT Á FULLU**  
Meðlimir sveitarinnar.

## Retro Stefson með nýja stöð í OZ appinu

OZ appið kynnr á fimmtudag nýjar smásjónvarpsstöðvar, sem verða aðgengilegar fyrir áskrifendur í gegnum appið og opna Retro Stefson-stöðina LFS.

Á fimmtudag opnar ný þjónusta í OZ appinu, nokkurs konar smásjónvarpsstöð, sem horft er á í gegnum snjallsímann. Meðlimir hljómsveitarinnar Retro Stefson eru meðal listamanna sem opna sína eigin stöð. Hún mun heita LFS sem stendur fyrir Les Frères Stefson. „Þetta verða mest upptökur úr stúdíóinu, svona „studiodiaries“ ásamt myndböndunum okkar og fullt af gömlu efni. Svo er aldrei að vita nema það verði eitthvað læf ef það virkar,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, einn meðlima Retro Stefson.

Má því segja að smásjónvarpsstöðin sé aðdáendakúbbur 21. aldarinnar, þar sem áskrifendur geta fylgst með hljómsveitinni á bak við

tjöldin. Ásamt þeim munu tónlistamennirnir í GusGus, Samaris og Young Karín setja upp sína stöð. „Ég veit að GusGus verður með fullt af gömlu dóti á sinni stöð, þannig að það verður algjör nostalgía að horfa á það,“ segir Unnsteinn. „Hermigervill verður með þáttinn Chords and Cables, þar sem hann fræðir áhorfendur um raftónlist,“ bætir hann við.

Meðlimir Retro Stefson og Gus-



GUSGUS

Gus voru á leið til Los Angeles í gær, en á fimmtudag verður haldin kynning á Ace Hotel á þessari nýjung frá OZ og mun sveitin koma fram á kynningunni.

Um þessar mundir eru Retro Stefson á fullu að taka upp nýja plötu, sem hefur fengið nafnið Scandinavian Pain. Geta aðdáendur sveitarinnar því átt von á því að geta fylgst með hvernig gengur að taka upp plötuna í gegnum nýju stöðina í OZ appinu.

adda@frettabladid.is



SAMARIS

YOUNG KARIN

## Stuttmyndin Heimanám í Cannes

Heimanám eftir Birni Jón Sigurðsson og Elmar Pórarinsson verður sýnd í stuttmyndahorni í Cannes í maí. Birnir segir langtímamarkmiði hafa verið náð.

Stuttmyndin Heimanám eftir þá Birni Jón Sigurðsson og Elmar Pórarinsson verður sýnd í sérstöku stuttmyndahorni á kvikmyndahátíðinni í Cannes í Frakklandi þann 13. til 24. maí næstkomandi.

Birnir segir þá félagana hæstánægða og tíðindin hafa komið þeim talsvert á óvart. „Við fengum að vita þetta fyrir svona viku en maður trúði þessu eiginlega ekki og vildi ekki vera að segja frá strax og jinx,“ segir hann glaður í bragði.

Síðastliðinn mars vann Heimanám verðlaun sem besta stuttmyndin á alþjóðlegri kvikmyndahátíð á Tahítí og kom boðskort til Cannes í kjölfarið.

„Þetta er rosalega góður stökkpallur einmitt til þess að komast inn á aðrar hátíðir eða gera mynd í fullri lengd,“ segir Birnir hress.

Þeir hafa ekki ákveðið næsta verkefni en hafa ýmsar hugmyndir og standa nú í ströngu við það að senda Heimanám inn á aðrar kvikmyndahátíðir.

„Þetta er svo skrítið af því að þetta er fyrsta stuttmyndin sem við gerum. Það er alveg klikkað að ná svona langtímamarkmiði strax,“ segir hann hress og bætir við: „Ég held að hjá öllum leikstjórum og kvikmyndagerðarfólki sé Cannes svona „ultimate“ tindur.“

- gló



**ÁNÆGDIR** Birnir Jón og Elmar eru að vonum ánægðir með að stuttmynd þeirra verði sýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

steelseries professional gaming gear

tl.is

**TÖLVU LISTINN**

**FERINGARGJAFIR LEIKJASPILARANS**



16

GLOBAL WARNING TOUR

# JASON ROUSE



5. júní

## HÁSKÓLABÍÓ

MIÐASALA HEFST Á MORGUN

KL. 10:00 Á MIÐI.IS



Komedý.is





FRÉTTIR  
AF FÓLKI

## Stefna á EP-plötu

Von er á plötu frá Maríu Ólafsdóttur og StopWaitGo-teyminu sem fara fyrir hönd Íslands í Eurovision-keppnina í ár. Þetta kom fram í hlaðvarpinu Eurovísi á Vísi í gær.

„Við erum að vinna að nýju efni með henni. Við eru komin með eitt eða tvö lög til viðbótar sem við hlökkum mjög til að ráðast í og gefa út,“ segir Ásgeir Orri Ásgeirsson, höfundur lagsins One Step at a time, sem verður framlag Íslands í keppninni ár.

„Við stefnum að því að gefa út EP-plötu með henni fyrir keppni, í lok apríl.“ - vh



## Naglinn hitti Walter White

Heilsuáhrifurinn og sálfræðingurinn Ragnhildur Þórðardóttir, betur þekkt sem Ragga Nagli, hitti stórleikarann Bryan Cranston í London um páskana. Hann er þekktastur fyrir að leika Walter White í Breaking Bad. „Hann var voða kammó og fannst úlpan mín mjög merkileg og að ég væri frá Íslandi. Þetta var á standþoppi með John Leguizamo í Soho-leikhúsinu í London á laugardag um páskana,“ segir Ragga hress. Hún er önnur kafin við að vinna að því að opna vef þar sem hún mun bjóða upp á fjarsálfræðisþjónustu. - asi

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Segir Bjarna hafa kosið óvart vitlaust og stjórnarmeirihlutann fylgt með
- 2 Segir Hæstarétt hafa ruglað saman Ólúf í Al Thani-dómi
- 3 Saksóknari um grein Ingibjargar: „Þetta er einhver misskilningur hjá henni“
- 4 Tveggja ára drengur lést á sveitabæ í Vestur-Skaftafellssýslu
- 5 Önnur sýrlensk stúlka gafst upp fyrir ljósmyndara
- 6 Gæti jafnvel truflað ásýnd Alþingishússins

Blaðberinn  
bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Sumarið er komið í sölu hjá Gaman Ferðum!

## Tenerife Las Palmeras \*\*\*\*

Frá: **99.900 kr.**

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 1 barn undir 7 ára.\* Bókunartímabil frá 1. júní 2015. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

\*Verð á mann frá 119.600 kr. miðað við 2 fullorðna.



## Tenerife Costa Adeje Palace \*\*\*\*

Frá: **103.900 kr.**

Verð á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn undir 7 ára.\* Bókunartímabil frá 1. júní 2015. Innifalið er flug með sköttum, gisting í 7 nætur með hálfu fæði og 20 kg taska báðar leiðir.

\*Verð á mann frá 126.500 kr. miðað við 2 fullorðna.



Gerðu verðsamanburð!

www.gaman.is / gaman@gaman.is / Sími 560 2000 / Gaman Ferðir fljúga með WOW air

**Gaman**  
Ferðir